

Þórhildur Ísberg

Kvennaskólastúlkurnar

Nemendatal Kvennaskóla Húnavetninga 1879–1901

Þórhildur Ísberg

Kvennaskólastúlkurnar

Nemendatal Kvennaskóla Húnavetninga 1879–1901

Kvennaskólastúlkurnar Nemendatal Kvennaskóla Húnavetninga 1879-1901

© Þórhildur Ísberg 2025.

1. prentun nóvember 2025.

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Útgefandi: Jón Ólafur Ísberg.

Umbrot og hönnun: Ólöf Gerður Ísberg.

Prófarkalestur: Gunnar Skarphéðinsson.

Rafræn útgáfa: Salvör Ísberg.

Forsíðumynd: Kvennaskólastúlkur við skólahúsið á Ytri-Ey. Myndin er líklega tekin um árið 1890. Ljósmyndari óþekktur. Myndin birt með góðfúslegu leyfi Ljósmyndasafns Skagastrandar.

Baksíðumynd: Þórhildur Ísberg. Ljósmyndari Jón Sigurðsson. Birt með góðfúslegu leyfi ljósmyndara.

ISBN: 978-9935-25-962-2

Prentun: Háskólaprent ehf.

Reykjavík, Ísland 2025

Útgefandi: Jón Ólafur Ísberg

Kvennaskóli Húnvetninga 1879–1901

Kvennaskóli Húnvetninga tók formlega til starfa haustið 1879 að Undirfelli í Vatnsdal en undirbúningur að stofnun hans hafði hafist nokkrum árum fyrr. Kennslutíminn var alls 24 vikur, átta vikur fyrir jól og 16 vikur eftir jól. Kennt var í þremur jöfnum tímabilum. Ástæða þess að skólatímanum var skipt upp með þessum hætti var sú að stefnt var að því að sem flestar stúlkur gætu notið einhvern tilsagnar, þ.e. þær sem ekki höfðu efni eða aðstæður til að dvelja allan veturinn gætu ef til vill dvalið eitt tímabil og fengið þá nokkra tilsögn. Fyrsta veturinn, 1879–1880, dvöldu fimm stúlkur í skólanum og voru eitt tímabil í senn. Inntökuskilyrði var að þær væru fermdar og kynnu að lesa. Stúlkurnar höfðu með sér rúmföt og efni til hannyrða. Kennslugreinar voru: skrift, rétttritun, reikningur, danska, landafræði, fatasaumur, útsaumur, þvottur og matreiðsla. Kennsla fór fram á heimili prestshjónanna, Hjörleifs Einarssonar, sem var aðalkennari bóklegra greina, og konu hans, Bergljótar Pálsdóttir, en auk þess var ráðin kennslukona, Björg Schou.

Næstu tvo vetur, 1880–1882, var kvennaskólinn haldinn á Lækjamóti í Víðidal og var Elín Briem aðalkennari (skólastjóri) fyrri veturinn en Þórdís Eggertsdóttir síðari veturinn. Veturinn 1882–1883 var skólinn fluttur að Hofi í Vatnsdal og var Þórdís Eggertsdóttir þar einnig

aðalkennarinn. Aðsókn að skólanum hafði verið góð og almennt séð ríkti mikil ánægja með framtakið en ljóst var að finna varð skólanum betra húsnæði til langs tíma og tryggja rekstrargrundvöll hans.

Árið 1883 var jörðin Ytri-Ey á Skagaströnd keypt fyrir skólann og var hann þar til húsa til ársins 1901. Húsakostur á Ytri-Ey var ágætur og hægt var að taka við fleiri stúlkum en áður. Samin var skipulagsskrá og skólahald komst í betri skorður með fastráðinni skólastýru, Elínu Briem, og kennslukonu, Sigríði Jónsdóttur. Skólinn hófst 1. október og stóð til 15. maí og kennt var í tveimur lotum, námsgreinum var fjölgað, kennsla aukin og skólanum getuskipt, auk þess sem boðið var upp á handavinnubekk, þar sem nær eingöngu var verkleg kennsla. Námsgreinar voru: skrift, rétttritun, reikningur, landafræði, Íslandssaga, mannkynssaga, danska, söngur, fatasaumur, útsaumur og aðrar hannyrðir, auk þvotta og matreiðslu. Allar stúlkurnar urðu að læra skrift, rétttritun, reikning, landafræði, þvott og matreiðslu, auk a.m.k. eina grein hannyrða. „Stúlkur voru ekki neyddar til að læra það sem þeim var örðugt að nema, og þeim var líka kennt það sem þær óskuðu sérstaklega eftir að læra, ef tök voru á, þótt ekki væri meðal þeirra námsgreina er kenndar voru almennt við skólann.“

Fyrsta veturinn var 21 stúlka við nám á Ytri-Ey en einungis 13 allan veturinn en smátt og smátt fór þeim

fjölgandi sem sóttu skólann og ekki síður þeim sem dvöldu allan veturinn og tóku jafnvel báða bekkina. Hróður skólans spurðist hratt út og komu stúlkur víða af landinu til náms þar enda „...þóttu þær nær undantekningarlaust vel að sér til munns og handa.“ Skólinn var á Ytri-Ey til vors 1901 en þá var jörðin seld og skólinn fluttur til Blönduóss. Alls stunduðu 395 stúlkur nám við skólann á þessum tíma.

Menntun kvenna á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar skipti gríðarlega miklu máli fyrir þróun íslensks samfélags þótt það geti verið erfitt að leggja þar við einhverja mælistiku. Konur voru á þessum tíma í lítilli eða engri aðstöðu til að hafa áhrif á lífshlaup sitt og voru háðar feðrum sínum eða eiginmönnum. Með því að bjóða upp á sérstaka menntun fyrir konur gátu þær orðið sjálfstæðari í hugsun og athöfnum. Flestar stúlkurnar komu í skólann fyrir tilstilli foreldra sinna eða ættingja en þess voru einnig dæmi að ungar stúlkur hefðu þrælað sér út í vinnumennsku til þess að komast í skólann vetrarpart og voru síðan áfram í vinnumennsku í nágrenni skólans til að komast þangað aftur. Að lokinni skólagöngu höfðu þær yfir að ráða þekkingu og kunnáttu umfram það sem margar kynsystur þeirra höfðu, og reyndar meiri þekkingu en margir karlmenn. Líklegast hefur skólagangan gert þær sjálfstæðari og öruggari. Það sem tók við að lokinni skólagöngu og hvernig þeim vegnaði í lífinu var með

ýmsum hætti enda einstaklingarnir ólíkir sem og aðstæður þeirra. Margar fóru „hefðbundna leið“, giftu sig, eignuðust börn og sáu um heimili í sveit eða bæ en aðrar „réðu sér sjálfar“ og öfluðu sér jafnvel frekari menntunar ef þess var kostur.

Hvað sem þessar konur tóku sér fyrir hendur má gera ráð fyrir að menntun þeirra og þekking hafi haft áhrif í nærsamfélaginu þar sem slík þekking var ekki til staðar. Það er vel þekkt í frumstæðum samfélögum að það hefur gefist vel að mennta konur til að koma þekkingu áleiðis. Þekking íslenskra kvenna, og sérstaklega þeirra sem nutu einhverrar skólamenntunar, hefur verið vanmetin og þess vegna var ákveðið að grafast fyrir um hvaða konur það voru sem stunduðu nám við Kvennaskóla Húnavetninga á árunum 1879–1901 og hvert lífshlaup þeirra var. Það er síðan annarra að meta með fræðilegum hætti áhrif kvenna og kvennaskóla yfirleitt á íslenskt samfélag.

Um verkið

Um 1980 hóf Þórhildur Ísberg (f. 1925), þá skjalavörður við Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu á Blönduósi, að safna upplýsingum um námsmeyjar sem höfðu stundað nám við kvennaskóla héraðsins. Í bókinni *Kvennaskóli Húnavetninga 1879–1939. Minningarrit*, Reykjavík 1939, er listi yfir allar námsmeyjar en tekið er fram að hann sé ónákvæmar af ýmsum ástæðum. Í því sambandi má nefna að nokkrar stúlkur finnast ekki í öðrum prentuðum heimildum og sum bæjarnöfn finnast ekki heldur. Líklegt má telja að það hafi orðið einhver mistök við skráningu eða við setningu bókarinnar. Með samanburði við prestþjónustubók Höskuldsstaðaprestakalls og aðrar frumheimildir tel ég líklegt að allar þær stúlkur sem stunduðu nám við skólann hafi verið nafngreindar og séu í þessu nemendatali.

Í fyrstu var þetta ómarkviss söfnun sem tengdist starfi hennar á skjalasafninu, t.d. með því að bera kennsl á námsmeyjar á ljósmyndum, en smátt og smátt vatt þetta upp á sig. Þegar Þórhildur byrjaði að safna þessum upplýsingum var enginn aðgangur að rafrænum gagnasöfnum eins og nú er. Hún notaðist nær eingöngu við prentaðar heimildir og leitaði upplýsinga hjá samtíðarfólki sínu og skráði það samviskusamlega. Hún kannaðist við margar konur sem

komu úr nærumhverfi hennar og höfðu verið í skólanum, eða þekkti afkomendur þeirra, og þá var ekkert verið að skrá heimildir. Þórhildi er ættfræði í blóð borin og glögg á fólk og með góðri hjálp gekk þetta vonum framar. Ástæða er til að nefna sérstaklega Arndísi Þorvaldsdóttur á Héraðskjallasafni Ausfirðinga á Egilsstöðum sem alltaf var boðin og búin að leita upplýsinga um stúlkur af Austurlandi. Með seiglu tókst Þórhildi að fá fram upplýsingar um margar stúlkur sem höfðu stundað nám við skólann allt fram til þess tíma sem hann flutti til Blönduóss og þannig gat hún útbúið nemendatal skólans. Það skal áréttað að mismunandi umfjöllun um stúlkurnar stafar eingöngu af vitnisburði ritaðra heimilda sem Þórhildur hafði aðgang að á þeim tíma sem hún vann að verkinu.

Þessi vinna skilaði miklum árangri en samt voru allnokkrar stúlkur sem ekki voru vituð deili á. Skýringar á þessu eru m.a. þær að konur eru lítt sýnilegar í íslenskum heimildum, t.d. ættfræðiritum og búendatölum, og einnig það að manntöl og aðrar opinberar heimildir eru ekki eins nákvæm og ætla mætti. Þá voru stúlkurnar yfirleitt skráðar í heimildum skólans frá þeim bæ þar sem þær höfðu síðast heimilisfesti áður en þær komu í skólann. Stundum eru þær að öðru leyti ekki tengdar þeim bæ en þetta gerir það að verkum að það getur orðið mjög erfitt að finna út hvaðan þær voru upprunnar í raun og veru. Til þess að hægt sé

að finna uppruna stúlnanna verður að athuga kirkjubækur frá fjölmörgum sóknum og alls óvíst að sú leit skil árangri. Hugsanlegt er að við þessa skráningu sé röng stúlka skráð, sérstaklega þegar um algengt nafn er að ræða, enda var ekki alltaf hægt að fullsanna að viðkomandi hafi farið í kvennaskólann.

Eftir því sem árin liðu minnkaði þrek Þórhildar til að halda þessu verki áfram. Verkið kom þó alloft til umræðu okkar á milli og ég bætti stundum við upplýsingum eftir að við höfðum rætt málin.

Fyrir nokkru ákvað ég að skoða þetta af einhverri alvöru og reyna að koma verkinu út, annaðhvort á prenti eða í rafrænu formi, áður en Þórhildur yrði 100 ára, þann 1. desember 2025. Ég lét mér nægja að leita í rafrænum heimildum sem eru aðgengilegar, einkum *Íslendingabók*, og er þá ekki vísað til þeirra heimilda sérstaklega og þar eru eingöngu birtar grunnupplýsingar um viðkomandi.

Á síðustu árum hefur framboð rafrænna upplýsinga gjörbreyst. Þjóðskjallasafn Íslands hefur gert manntöl, sóknarmannatöl og prestsþjónustubækur aðgengilegar í rafrænu formi (<https://www.heimildir.is/folk/>). *Íslendingabók* (<https://www.islendingabok.is/>), er upplýsinga- og ættfræðivefur um flesta Íslendinga sem heimildir eru til um og skrá um vesturfara er einnig rafræn (<https://www.vesturfara.is/>). Þá hafa fjölmargir aðilar


safnað saman upplýsingum um fólk, t.d. ættfræði- og ábúendatöl, og birt þau á rafrænu formi en ástæða er til að nefna hér sérstaklega ljósmyndavef Héraðsskjalasafns Austur-Húnavatnssýslu (<https://www.skjalhun.is/myndir/Myndasafn.html>) sem er oft á tíðum með ítarlegar ættfræði- og persónuupplýsingar. Það skal sérstaklega áréttað hér að þó að nafn og ártal sé skráð í sóknarmanntal, almennt manntal eða með rafrænum hætti í *Íslendingabók* þá er það ekki endilega „rétt“. Samanburður milli heimilda leiðir í ljós mismunandi ártöl, fæðingardaga og nöfn, sérstakleg ef um tvínefni er að ræða, og allt eru þetta mannanna verk sem eru unnin í tíma og rúmi.

Í þessu nemendatali eru nöfn námsmeyja í stafrófsröð og fyrir aftan nafnið er ártal/ártöl sem gefur/gefa til kynna hvenær viðkomandi var í skólanum, t.d. 1880 eða 1885–1886, en það getur verið að viðkomandi hafi aðeins verið hluta úr árinu, allt árið eða jafnvel verið allan veturinn. Ártalið er þannig ekki öruggur vitnisburður um lengd skólatímans heldur fremur staðfesting á skólavist. Gert er ráð fyrir að frá 1883 hafi stúlkurnar verið allan veturinn. Á eftir nafni og ártali kemur nafn þess bæjar þar sem viðkomandi námsmey hafði heimilisfesti áður en hún kom í skólann, og það þarf alls ekki að hafa verið heimili hennar lengi, heldur einungis tímabundinn dvalarstaður. Stundum vantar þessar upplýsingar. Samanburður við

sóknarmanntal Höskuldsstaðaprestakalls leiðir í ljós að utanaðkomandi stúlkur voru ekki allar skráðar inn í sóknina, eins og prestinum bar að gera, og sumar voru skráðar út en ekki inn en aðrar eru bara skráðar inn. Upplýsingar um fæðingar- og dánardag eru skráðar ef þær liggja fyrir. Foreldrar eru tilgreindir ef þeir eru þekktir, maki, ef hann var til staðar, börn ef einhver voru og að lokum hvar viðkomandi bjó. Þórhildur hafði reynt að afla sér frekari upplýsinga um stúlkurnar í prentuðum ritum og er þeirra þá getið en ég lét mér nægja einfaldar upplýsingar. Vitað er að um allnokkrar stúlkunnar eru til töluverðar upplýsingar, t.d. í minningargreinum, en það verður að nota annan vettvang og jafnframt að bíða betri tíma til þess að koma þeim á framfæri.

Það verk sem hér birtist er bráðabirgðaútgáfa en önnur útgáfa birtist í rafrænu formi á vef Kvennasögusafns Íslands, <https://www.kvennasogusafn.is/>. Lesendur eru beðnir um að taka viljann fyrir verkið og eru vinsamlega beðnir að koma leiðréttingum og athugasemdum til rafrænu útgáfunnar, þannig að hægt verði að bæta um betur.

Jón Ólafur Ísberg



Aðalbjörg Anna Stefánsdóttir 1895–1897.

Möðrudalur á Fjöllum.

F. 30. júlí 1878, d. 5. desember 1953.

Foreldrar: Stefán Einarsson, f. 21. desember 1848, d. 3. febrúar 1916, bóndi í Möðrudal á Fjöllum og Guðný Arnfríður Sigurðardóttir, f. 5. apríl 1851, d. 17. ágúst 1918.

Maki: Jón Helgason, f. 24. maí 1877, d. 18 janúar 1961, sem átti og rak prentsmiðju Jóns Helgasonar.

Barn: Helga, f. 7. desember 1923, d. 2009.

Bjuggu í Reykjavík.

Heimildir: *Bókagerðarmenn*.

Anika Guðmundsdóttir 1897–1898.

Veðramót í Skagafirði.

F. 23. ágúst 1873, d. 21. september 1934.

Foreldrar: Guðmundur Björnsson og Ragnheiður Jónsdóttir á Granda í Ketildölum í Arnarfirði.

Bjó í Dýrafirði / Þingeyri.

Anna Benediktsdóttir 1896–1897.

Víðimýri í Skagafirði.

F. 9. ágúst 1874 að Hálsi í Öxnadal, d. 25. mars 1937.

Foreldrar: Benedikt Andrússon og Margrét Jónsdóttir.

Fósturforeldrar: Sigfús Pétursson bóndi í Eyhildarholti í Skagafirði og Ingibjörg Jónsdóttir.
Maki: Guðmundur Jónsson bóndi.
Börn: Jón f. 1910 og Ingibjörg f. 1914.
Bjuggu í Stóru-Ávík á Ströndum.

Heimildir: *Strandamenn, Skagfirskar æviskrár.*

Anna Bjarnadóttir 1895–1896.

Kleifar í Gilsfirði.

F. 25. ágúst 1872, d. 12. október 1954.
Foreldrar: Bjarni Jónsson, f. 5. október 1832, d. 19. ágúst 1884, bóndi og trésmiður á Kálfanesi í Steingrímsfirði og Ragnhildur Sigurðardóttir, f. 1840, d. 4. maí 1915.
Maki: Lárus Jakobsson Richter, f. 19. nóvember 1873, d. 11. desember 1948, járnsmiður.
Börn: Eggert Bjarni f. 1902 og Gústaf Ingólfur f. 1911.
Bjuggu á Ísafirði.

Heimildir: *Kennaratal, Strandamenn, MA stúdentar.*

Anna Björg Bjarnadóttir 1890–1891.

Melar í Hrutafirði.

F. 27. ágúst 1870, d. 21. september 1946.
Foreldrar: Bjarni Sveinsson, f. 9. desember 1813, d. 3. ágúst 1889, prestur á Stafafelli í Lóni og Margrét Erlendsdóttir, f. 8. júlí 1836, d. 1922.
Maki: Jósef Jónsson, f. 13. júní 1865, d. 15. ágúst 1938, bóndi.

Börn: Bjarni, Jón bóndi á Melum og Sveinn.
Bjuggu á Melum.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár, Strandamenn, Verkfræðingatal.*

Anna Frímannsdóttir 1895–1896, 1899–1900.

Hvammur í Langadal.

F. 5. september 1880 í Hvammi í Langadal, d. 30. júlí 1914.
Foreldrar: Guðmundur Frímann Björnsson, f. 21. október 1847, d. 26. ágúst 1935, bóndi í Hvammi í Langadal og Sólveig Jónsdóttir, f. 18. mars 1836, d. 19. maí 1894.
Bjó á Sauðárkróki.

Heimildir: *Föðurtún, Feðraspor og fjörusprek, Íslenskar æviskrár.*

Anna Guðrún Guðmundsdóttir 1895–1896.

Refsstaðir í Laxárdal.

F. 9. júlí 1876, d. í Gimli Manitoba.
Foreldrar: Guðmundur Þorkelsson frá Skeggsstöðum, d. 27. desember 1919 (bróðir Árna á Geitaskarði) og Guðrún Einarsdóttir, d. 6. júní 1921.
Maki: Hallgrímur Hallgrímsson (Grímur Hallsson), f. 9. desember 1870, bóndi í Kárahlíð í Laxárdal og síðar í Foam Lake Saskatchewan.
Anna ólst upp hjá foreldrum sínum til fullorðinsára. Hún var glæsileg stúlka og um tvítugt giftist hún Hallgrími sem þá var bóndi í Kárahlíð. Þar fæddist þeim andvana dóttir. Þau eignuðust soninn Þórarin Ottó, en þá áttu þau hjónin ekki heimili saman, hún var vinnukona á Miðgili og Hallgrímur

lausamaður á Hamri. Þórarinn Ottó (f. 3. maí 1899, d. 21. mars 1966 í Kanada) ólst upp hjá afa sínum og ömmu á Miðgili.

Hallgrímur fór til Ameríku til að kynna sér aðstæður með það í huga að fjölskyldan flyttist vestur. Hann kom aftur eftir 20 ár þá orðinn jarðeigandi í Ameríku og árið eftir flytur fjölskyldan vestur. Anna var á meðan í vinnumensku á ýmsum bæjum, einnig vann hún mikið við fatasaum. Hún var mjög vel að sér í öllu er laut að saumaskap og hannyrðum. Á þessum árum kynntist Anna, Einari Erlendssyni Blandon frá Fremstagili (sjá Sigurlaug Vigfúsdóttir 1888–1889), og árið 1905 fæddist þeim sonur, Erlendur Dalmann, f. 29. júlí 1905, d. 18. september 1977. Kynni þeirra Önnu og Einars urðu ekki lengri en drengurinn ólst upp í Glaumbæ hjá Þorfinni Jónatanssyni og Kristínu Davíðsdóttur. Þau Anna og Hallgrímur flytja svo til Ameríku og setjast að í Foam Lake í Saskatchewan og þar bjuggu þau þar til Hallgrímur lést. Hann gekk þar undir nafninu Grímur Hallsson. Seinustu árin átti Anna heimili á elliheimilinu í Gimli og dó þar í hárrí elli.

Heimildir: *Bollagarðacætt á Seltjarnarnesi, Föðurtún, Frásögn Önnu Árnadóttur frá Miðgili.*

Anna Sigríður Halldórsdóttir 1886–1887.

Goðdalir í Skagafirði.

F. 20. júní 1867, d. 1938.

Foreldrar: Halldór Rögnvaldsson bóndi á Brekku í Svarfaðardal og Sigurbjörg Halldórsdóttir frá Böggvisstöðum.

Maki: Stefán Jónsson, f. 17. janúar 1870, bóndi í Minni-Akragerði í Blönduhlíð.

Börn: Þorleifur f. 1891, Jón f. 1894 og Haraldur f. 1900.

Þau hjón fluttu til Vesturheims árið 1900 og settust fyrst að í Þingvallabyggð.

Soffía Guðrún, systir Önnu Sigríðar, var í skólanum 1883–1885.

Heimildir: *Svarfðælingabók, Óðinn, Skagfirskar æviskrár.*

(Jórunn) Anna Hlöðversdóttir 1895–1897.

Stafafell í Lóni.

F. 29. september 1876, d. 14. apríl 1953.

Foreldrar: Ludvig J. C. Scho, f. 1. desember 1825, d. 26. nóvember 1889, verslunarmaður í Vallaneshjáleigu og Elín Einarsdóttir, f. 21. ágúst 1842, d. 17. ágúst 1885. Anna ólst upp hjá Jóni Jónssyni presti í Stafafeli í Lóni og Margréti Sigurðardóttur. Fóstri hennar, séra Jón, íslenskaði föðurnafn hennar og skrifaði hana Hlöðversdóttur enda mikill málvöndunarmaður.

Anna var kennari í Nesjum og síðar í Lóni 1928–1947.

Maki: Sigurður Jónsson, f. 6. júní 1868, d. 1. mars 1917, bóndi.

Börn: Geir f. 1898, Stefán f. 1901, Ásmundur f. 1903, Hlöðver f. 1906, Þórhallur f. 1907 og Hröðmar f. 1912.

Bjuggu á Reyðará í Lóni.

Heimildir: *Kennaratal.*

Anna Jónasdóttir 1896–1897.

Vopnafjörður.

F. 6. apríl 1877.

Foreldrar: Jónas Benjamínsson bóndi í Kálfárdal í Gönguskörðum og Sigurbjörg Björnsdóttir, f. 1843 í Litladal, d. 1894 á Vopnafirði, búandi ekkja á Gvendarstöðum en Jónas var þá ráðsmaður hjá Sigurbjörgu.

Anna er sögð léttastúlka í Glæsibæ í Skagafirði árin 1890–1892 og var vinnukona hjá Sigurveigu, hálf systur sinni, á Vopnafirði 1892–1896. Fór til Seyðissfjarðar.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár, Feðraspor og fjörusprek, Almanak ÓTh. 1943, Læknatal.*

(Sigurlaug) Anna Jónsdóttir 1896–1897.

Hrísakot á Vatnsnesi.

F. 14. júní 1876, d. 4. júlí 1932.

Foreldrar: Jón Jónsson, f. 20. nóvember 1833, d. 17. nóvember 1910, bóndi í Hrísaskoti á Vatnsnesi og Helga Pétursdóttir, f. 21. september 1840, d. 1906.

Hún flutti til Reykjavíkur og vann við sauma m.a. á saumastofu á Laugavegi 57.

Heimildir: Magnús Ólafsson frá Sveinsstöðum, *Föðurtún.*

Anna Magnúsdóttir 1889–1890.

Öndverðarnes í Grímsnesi.

F. 8. maí 1868, d. 16. desember 1917.

Foreldrar: Magnús Brynjólfsson og Karitas Einarsdóttir á

Dysjum á Álftanesi.

Anna ólst upp hjá móðursystur sinni Guðrúnu Einarsdóttur og manni hennar, Þorsteini Guðmundssyni í Öndverðarnesi. Anna var ráðin kennari við Barnaskóla Reykjavíkur 1899 og kenndi til ársins 1916.

Maki: Sigurður Jónsson kennari.

Börn: Steinþór f. 1904 og Guðrún f. 1905.

Heimildir: *Kennaratal, Íslenskar æviskrár*, Gerður Steinþórsdóttir: „Spor hennar lágu um Þingholtin fyrir einni öld“, *Lesbók Morgunblaðsins* 8. janúar 2000.

Anna Magnúsdóttir 1887–1888.

Geitaskarði í Langadal.

F. 16. ágúst 1863 á Flögu í Hörgárdal, d. 22. maí 1944 á Blönduósi.

Foreldrar: Magnús Magnússon og ?

Maki: Þórður Guðmundsson bóndi á Móbergi.

Barn: Oktavía f. 1892, d. 1911.

Anna kom vegalaus norðan úr Hörgárdal á barnsaldri í fylgd með manni sem var sagður stjúpfaðir hennar og hafði þá misst báða foreldra sína. Stjúpfaðir hennar, Jónatan Jónatansson, vistaðist að Þverárdal og er hún þar með honum í nokkur ár. Eftir fermingu fer hún að Geitaskarði í Langadal og er þá orðin vinnukona. Hún giftist 1889 Þórði Guðmundssyni (Spítala-Þórður) og bjuggu þau á Móbergi um tíma en hann veikist og fer á spítala á Akureyri og átti ekki afturkvæmt. Þau áttu eina dóttur, Oktavíu, en þegar hún deyr fór Anna í vist að Þorfinnsstöðum þar sem unnusti dóttur hennar, Guðmundur Guðmundsson, bjó. Frá árinu 1931 bjó hún í Steinnesi.

Heimildir: *Hlín* 1951, Útfararræða sr. Þorsteins B. Gíslasonar.

Anna Margrét Sigurðardóttir 1895–1897.

Glerá í Eyjafirði.

F. 11. desember 1877, d. 9. nóvember 1964.

Saumakona á Akureyri.

Anna Stefánsdóttir 1893–1894, 1896–1897.

Geitagerði í Fljótsdal.

F. 25. október 1874, d. 5. mars 1960.

Foreldrar: Stefán Pétursson, f. 25. október 1845, d. 12. ágúst 1887, prestur, og Ragnhildur Björg Metúsalemsdóttir, f. 7. september 1844, d. 6. janúar 1923.

Anna er í skólanum 1893–1894 og sumarið eftir er hún þar í kaupavinnu. Næsta vetur hafði hún barnakennslu á hendi en haustið 1896 fer hún aftur að Ytri-Ey og stundaði þar nám um veturinn.

Maki: Þorvarður Brynjólfsson, f. 15. júní 1863, d. 9. maí 1925, prestur.

Börn: Stefán f. 1900, Brynjólfur f. 1902, Jón f. 1903, Ragnhildur Kristbjörg f. 1905, Brynveig f. 1907, Haraldur f. 1908, Laufey f. 1913, Haraldur f. 1915, Guðríður Þorgerður f. 1916, Þórdís Aðalbjörg f. 1919 og kjörsonur, Ingólfur f. 1899.

Bjuggu á Stað í Súgandafirði.

Þórdís systir Önnu var í skólanum 1890–1891.

Heimildir: *Guðfræðingatal*, *Niðjatal* og *aldarminning Stefáns Péturssonar* og *Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur*.

Anna Teitsdóttir 1890–1891.

Ísafjörður.

F. 14. september 1874, d. 17. október 1963.

Foreldrar: Teitur Jónsson vert á Ísafirði og Guðrún Gísladóttir.

Maki: (Sigfús) Ágúst Benediktsson (Benediktssen) bók-haldari og verslunarstjóri á Ísafirði, f. 26. júlí 1859, d. 14. maí 1901.

Börn: Áslaug, Snorri og Guðrún.

Anna Teitsdóttir varð ekkja 1901. Frá þeim tíma rak hún matsölu og verslun á Ísafirði í 10 ár og síðan í Reykjavík frá 1929 í húsi nr. 12b í Lækjargötu. Anna var ávalt kölluð frú Benediktsson. Hún var tengdamóðir sr. Bjarna Jónssonar dómkirkjuprests.

Heimildir: *Guðfræðingatal*, *Öll þau Klukknaköll*, þar er viðtal við Áslaugu dóttur Önnu.

Anna Þorsteinsdóttir 1889–1890.

Heydalir í Breiðdal.

F. 6. maí 1869, d. 5. desember 1929.

Foreldrar: Þorsteinn Þórarinnsson prestur og Þórdís Pétursdóttir.

Maki: Sveinn Ólafsson (1863–1949) bóndi, kennari og alþingismaður í Firði í Mjóafirði. Anna var seinni kona Sveins.

Börn: Sesselja, f. 1905.

Bjuggu í Mjóafirði.

Arndís Guðmundsdóttir 1896–1897.

Harastaðir í Vesturhópi.

F. 30. október 1873, d. 4. september 1950.

Foreldrar: Guðmundur Árnason bóndi á Harastöðum og Síðu og Ragnhildur Snorradóttir Klömbrum (Klambraett yngri).

Maki: Guttormur Stefánsson.

Börn: Guðmundur, Droplaug, Soffía, Sigurður, Sigurbjörg, Anna og Sölvi.

Bjuggu á Síðu í Víðidal.

Ásgerður Ágústa Sigfúsdóttir 1881.

Undirfell í Vatnsdal.

F. 9. janúar 1864 á Tjörn á Vatnsnesi, d. 30. maí 1932 í Reykjavík.

Foreldrar: Sigfús Jónsson, prestur og Sigríður Oddný Björnsdóttir Blöndal.

Maki: Sighvatur Bjarnason, f. 25. janúar 1859, d. 30. ágúst 1929, bankastjóri.

Börn: Emilía, Þorbjörg, Ásta Sigríður, Bjarni, Sigríður, Ásta, Jakobína Þuríður, Sigfús og Pétur.

Bjuggu í Reykjavík.

Heimildir: *Reykjahlíðarætt, Blöndalsætt.*

Ágústa Þorkelsdóttir 1898–1899.

Geitaskarð í Langadal.

F. 7. ágúst 1875, d. 2 september 1960.

Foreldrar: Þorkell Þorleifsson húsmaður og Magdalena Gunnarsdóttir vinnukona.

Maki: Þorsteinn Guðmundsson.

Börn: Anna Soffía f. 3 ágúst 1899 og Svavar f. 9 júní 1902.

Bjuggu á ýmsum bæjum en voru lengst af vinnuhjú á Víðivöllum í Skagafirði.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár.*

Álfheiður Guðjónsdóttir 1891–1892.

Goðdalir í Skagafirði.

F. 30. september 1874, d. 28. desember 1941.

Foreldrar: Guðjón Hálfðanarson, f. 6. júlí 1833, d. 25. október 1883, prestur og Sigríður Stefánsdóttir Stephensen, f. 25. maí 1841, d. 18. maí 1889.

Maki: Kristján Þórður Blöndal, f. 18. júlí 1864, d. 22. október 1931, póstafréiðslumaður og bóksali.

Barn: Jean Valgard, f. 2. júlí 1902.

Bjuggu á Sauðárkróki.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár, Guðfræðingatal.*

Ásgerður Jónsdóttir 1898–1899.

Hnausar í Þingi.

F. 15. október 1875, d. 4. október 1964.

Foreldrar: Jón Bjarnason og Kristín Böðvarsdóttir á Goddastöðum í Dalasýslu.

Flutti til Vesturheims 1911.

Maki: Oddur Guðbrandsson (Brandson).

Börn: Karl (Carl), f. 1904, Bjarni (Barney) f. 1908 og Bergsteinn (Steini) f. 1908.

Ásta Margrét Bjarnadóttir 1881.

Þórormsstunga í Vatnsdal.

F. 12. júní 1864 í Þórormstungu, d. 22. janúar 1952 í Reykjavík.

Foreldrar: Bjarni Snæbjörnsson bóndi í Þórormstungu, f. 1829, d. 14 maí 1894 og Guðrún Guðmundsdóttir.

Ásta var mjög efnileg stúlka, glæsileg í sjón og vel gefin. Árið 1884 fluttist hún til Vesturheims, dvaldi þar í ein sjö ár og vann þar meðal annars á saumastofu ásamt fleiri íslenskum stúlkum.

Maki: Jón Hannesson, f. 14. október 1862, d. 28. júlí 1949, bóndi og búfræðingur á Undirfelli og síðar í Þórormstungu.

Börn: Bjarni, Hannes, Hólmfríður, Guðrún, Snæbjörn og Skúli.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár*, Minningarorð sr. Þorsteins B. Gíslasonar, *Föðurtún*.

Ástríður Helga Sigurðardóttir 1881.

Hindisvík á Vatnsnesi.

F. 23. september 1860 í Hindisvík, d. 1. apríl 1938 á Stóru-Giljá.

Foreldrar: Sigurður Jónsson bóndi í Hindisvík, f. 7. nóvember 1828 og Ragnhildur Jónsdóttir f. 23. september 1827.

Maki: Erlendur Eysteinnsson, f. 8. nóvember 1847, d. 12. október 1901, bóndi á Beinakeldu.

Ástríður hélt áfram búskap með börnum sínum á Beinakeldu eftir dauða Erlendar en árið 1912 flutti fjölskyldan á eignarjörð sína Stóru-Giljá. Synirnir, Jóhannes og Sigurður, tóku þá við búsförráðum með móður sinni og var hún ráðskona á heimilinu.

Börn: Guðrún, Sigurður, Ragnhildur, Eysteinn, Jóhannes, Jósefína, Lárus og Sólveig.

Heimildir: Líkræða Þorsteins B. Gíslasonar, Niðjatal Erlendar Eysteinnssonar.

Bergljót Tómasdóttir 1893–1894.

Kornsá í Vatnsdal.

F. 19. september 1873 í Kasthvammi í Laxárdal, d. 11. ágúst 1948.

Foreldrar: Tómas Halldórsson, f. 31. maí 1840, d. 19. ágúst 1886, bóndi í Kvasthvammi og víðar og Sigurbjörg Kristjánsdóttir, f. 27. júlí 1841. Sigurbjörg bjó í Brekku í Aðaldal til 1888, þá orðin ekkja er hún flutti til Vesturheims með flest börn sín.

Maki: Björn Blöndal, f. 3. júlí 1870, d. 27 desember 1906, prestur.

Bergljót var til heimilis á Kornsá þegar hún sótti um skólavist á Ytri-Ey og hefir þá sennileg verið trúlofuð sýslumannssyninum á Kornsá. Birni var veitt Hof á Skagaströnd 1896 og bjuggu þau þar til 1906 en þá andaðist séra Björn. Bergljót fluttist þá til Sauðárkróks og starfaði þar við verslunarstörf.

Barn: Lárus Þórarinn Blöndal f. 21. febrúar 1898, d. 23. janúar 1973.

Heimildir: *Guðfræðingatal, Blöndalsætt, Hlín* 1956.

Björg Eiríksdóttir 1889–1900.

Blöndudalshólar í Blöndudal.

F. 21. ágúst 1873, d. 5. desember 1915.

Foreldrar: Eiríkur Ívarsson og Elín Tómasdóttir í Gerði á Vatnsleysuströnd.

Björg Halldórsdóttir 1894–1895.

Móberg í Langadal.

F. 28. júlí 1872, d. 27. mars 1943.

Foreldrar: Halldór Konráðsson bóndi á Móbergi og Ósk Guðmundsdóttir.

Maki: Ari Hermann Erlendsson, f. 4. desember 1879, d. 8. febrúar 1934.

Börn: Ósk Guðrún f. 1909 og Helga Ólína f. 1913.

Bjuggu á Móbergi.

Heimildir: *Föðurtún*.

Björg Helgadóttir 1888–1889.

Hafursstaðabúð á Skagatrönd.

F. 14. maí 1875, d. 26. maí 1929.

Foreldrar: Helgi Nikulásson, f. 1830, bóndi á Hafursstöðum og Þuríður Bjarnadóttir, f. 1834.

Maki: Benedikt Jóhannsson bóndi.

Börn: Steingrímur, Margrét, Karólína og Guðrún.

Bjuggu á Sauðárkróki.

Björg Ísaksdóttir 1893–1894.

Búðareyri við Reyðarfjörð.

F. 29. desember 1874, d. 1959 á Akureyri.

Foreldrar: Ísak Jónsson íshússtjóri og Sveinbjörg Jóhannesdóttir.

Maki: Jón Ó. Finnbogason kaupmaður á Búðareyri.

Börn: Óskar, Albert, Borghildur og Rannveig.

Bjuggu á Reyðarfirði og síðar á Akureyri eftir skamma dvöl í Vesturheimi.

Björg Jóhannsdóttir 1889–1890.

Mjóidalur í Laxárdal.

F. 8. mars 1868, d. 14. febrúar 1954.

Foreldrar: Jóhann Fr. Sigvaldason og Guðrún Jónsdóttir í Mjóadal.

Maki: Jón E. Jakobsson.

Börn: Guðrún Sigríður.

Bjuggu í Hólabæ og víðar.

Björg Jónsdóttir 1884–1886.

Ingveldarstaðir í Skagafirði.

F. 1867.

Foreldrar: Jón Jónsson og Guðrún Steinarsdóttir.

Flutti til Vesturheims 1887.

Maki: Pall Walters.

Börn: Emilie Walters listmálari og Bill Cody (Páll) kvikmyndaleikari.

Björg Kristjánsdóttir 1893–1894.

Teigarhorn.

F. 20. desember 1875. Í manntalinu 1890 er hún sögð fósturdóttir á Teigarhorni.

Foreldrar: Katrín Lúðvígsdóttir og Kristján Jónsson.

Flutti til Kaupmannahafnar og giftist þar.

Heimildir: *Ættir Austfirðinga, Antoníasarætt*, „Upphaf Weywadts-ættar á Íslandi“ *Lesbók Morgunblaðsins* 12. mars 1944.

(Anna Þóra) Björg Sigfúsdóttir 1887, 1890–1891.

Skriðuklaustur.

F. 28. janúar 1865, d. 10. október 1945.

Foreldrar: Sigfús Stefánsson (Sigfús á Klaustri), f. 4 maí 1823, d. í mars 1910 og Jóhanna Kjerúlf, d. í mars 1891.

Björg flutti til Vesturheims og giftist þar.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár, Óðinn* 1909.

Björg Steinsdóttir 1888–1889.

Æsustaðir í Langadal.

F. 29. apríl 1863 í Hvammi í Svartárdal, d. 11. maí 1894.

Foreldrar: Steinn Guðmundsson og Jörunn Guðmundsdóttir.

Björg er 25 ára þegar hún er nemandi í Kvennaskólanum á Ytri-Ey en þau fimm ár sem hún átti eftir ólifað er hún sennilega vinnukona á Æsustöðum og þar deyr hún. Hún hafði eignast barn, f. 1883, d. 1893, með Daníeli Sigurðssyni bónda á Ásum.

Heimildir: *Æviskrár Bjarna Jónassonar í Blöndudalshólum, Hlin* 1960.

(Petrea) Björg Tómasdóttir 1889–1890.

Syðstavatn í Skagafirði.

F. 10. október 1866, d. 22. maí 1956.

Foreldrar: Tómas Tómasson og Inga Jónsdóttir á Tunguhálsi.

Maki: Ófeigur Björnsson.

Börn: Birna (Björnsdóttir), Matthildur, Rut og Ragnar Ófeigsbörn.

Bjuggu í Svartárdal í Skagafirði.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Björg Caritas Þorláksdóttir 1891–1893.

Vesturhópshólar.

F. 30. janúar 1874 í Vesturhópshólum, d. 25. febrúar 1934 í Danmörku.

Foreldrar: Þorlákur Þorláksson, f. 28. mars 1849, d. 22. nóvember 1908, bóndi í Vesturhópshólum, og Margrét Jónsdóttir, f. 27. nóvember 1835, d. 15. september 1927.

Björg var á Ytri-Eyjarskólanum árin 1890–1893 og reyndist hún afbragðsnemandi. Hún var kennari við skólann árin 1894–1897. Fór til Kaupmannahafnar árið 1898 í Kennaraháskólann og tók stúdentspróf við Lyceum-menntaskólann vorið 1901. Björg lagði síðan stund á málfræði og heimspeki við Kaupmannahafnarháskóla og varð cand. phil. þaðan árið 1902. Vann að orðabók um íslenskt mál ásamt Sigfúsi Blöndal og fleiri mönnum. Árið 1926 lauk hún doktorsprófi frá Sorbonne-háskólanum í

París og varð fyrst íslenskra kvenna til að ljúka slíku prófi.
Maki: Sigfús Blöndal orðabókarritstjóri, þau skildu.

Heimildir: *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna, Kennaratal*, Sigríður
Dúna Kristmundsdóttir: *Björg: Ævisaga Bjargar C. Þorláksson*. Rv.
2001.

Björg Þorkelsdóttir 1899–1900.

Barkarstaðir í Svartárdal.

F. 19. júní 1883, d. 19. janúar 1972.

Foreldrar: Þorkell Þorkelsson bóndi á Barkarstöðum og
Engilráð Sigurðardóttir.

Maki: Ragnar Jóhannesson frá Glæsibæ í Skagafirði.

Bjuggu á Refsstöðum í Laxárdal og Skútum v/Siglufjörð.

Heimildir: *Föðurtún*.

D

Dómhildur Haraldsdóttir Briem 1890–1891.

Búlandsnes.

F. 31. maí 1868 á Rannveigarstöðum í Álftafirði, d. 18.
september 1948.

Foreldrar: Haraldur Briem, f. 3. september 1841, d. 9.
febrúar 1919, bóndi á Rannveigarstöðum og Búlandsnesi,
og Þrúður Þórarinsdóttir, f. 5. ágúst 1838, d. 20. apríl 1908.
Dómhildur var kennari í Álftafirði, í Breiðdal og á
Seyðisfirði og síðar á Reyðarfirði þar sem hún rak einnig
verslun og umboðssölu. Hún flutti til Reykjavíkur 1919 og
hélt þar smábarnaskóla til ársins 1936.

Heimildir: *Kennaratal*, *Briemsætt*.

Dórothea Jóelsdóttir 1893–1894.

Hvammur í Höfðahverfi.

F. 29. maí 1874, d. 15. september 1901.

Foreldrar: Jóel Jónasson, f. 1. desember 1811, d. 1883
(drukknaði þegar hákarlaskipið Hermóður fórst með rá og
reiða) og Dórothea Friðrika Loftsdóttir, f. 26. desember
1845, d. 8. desember 1881. Mörg systkina Dórotheu fóru til
Vesturheims en hún bjó á Akureyri og stundaði saumaskap.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*, *Ljósmæðratal*, *Svarfdælingabók*.



Dýrfinna Jónasdóttir 1883–1884.

Keldudalur í Hegranesi.

F. 26. ágúst 1861 í Keldudal, d. 12. september 1952.

Foreldrar: Jónas Jónasson, f. 12 júní 1831, bóndi og smiður þar og síðar í Ameríku, og Þorbjörg Árnadóttir, f. 16. mars 1828, d. 28. ágúst 1867.

Dýrfinna var kennari við Kvennaskólann á Ytri-Ey 1885–1889 og 1901–1904. Fór til Ameríku ásamt Jóni, syni sínum, 1915 og kom aftur með honum 1922. Átti síðan heima í Reykjavík.

Maki 1: Þórður Jónsson, bóndi á Auðólsstöðum í Langadal, f. 6. október 1865, d. 7. maí 1900.

Börn: Jón (Thordarson) f. 1. apríl 1893 og Guðrún f. 8 júní 1894.

Maki 2: Gunnar Sigurðsson smiður og gestgjafi á Sauðárkróki, síðar kaupmaður í Reykjavík (í Von) f. 2. febrúar 1885.

Heimildir: *Föðurtún, Kennaratal.*

Dýrunn Jónsdóttir 1896–1897.

Bálkastaðir í Hrútafirði.

F. 17. nóvember 1879, d. 18. maí 1943.

Foreldrar: Jón Guðmundsson og fjarverandi vinnukona í manntalinu 1880.

Maki: Þórður Hannesson.

Börn: Sigurbjörg og Hannes.

Bjuggu í Galtarnesi í Víðidal.

Elín Ólafía Andrésdóttir 1896–1897.

Reykjavík.

F. 2. apríl 1881, d. 17. febrúar 1964.

Foreldrar: Andrés Bjarnason og Jórunn Guðmundsdóttir.

Lærði handavinnu og handavinnukennslu í Dansk Kunstflidsforeningensskole og Dansk Husflidsforeningensskole í Kaupmannahöfn.

Var heimiliskennari 1902–1907 og kenndi handavinnu við Barnaskóla Reykjavíkur, einnig við Kvennaskólann og Miðbæjarskólann frá árinu 1908 til 1952.

Bjó í Reykjavík.

Heimildir: *Hugur og hönd* 1983, *Hugur og hönd* 2019, *Kennaratal.*

Elín Aradóttir 1892–1893.

Ytri-Þverá í Eyjafirði.

F. 15. júní 1867, d. 12. júní 1954.

Foreldrar: Ari Jónsson og Rósa Bjarnadóttir.

Maki: Kristján Júlíus Jóhannesson, bóndi og landpóstur.

Börn: Rósa f. 1895, Kristbjörg f. 1897, Elín f. 1899, Ingólfur f. 1902, Snjólaug f. 1905 og Ari f. 1910.

Bjuggu á Jódísarstöðum í Skriðhverfi.

Heimildir: „Ættin mín” (Bjarni Arason), Upplýsingar frá Grétu Björnsdóttur á Húnsstöðum.

Elín Rósa Eiríksdóttir 1892–1893.

Seyðisfjörður.

F. 23. febrúar 1869, d. 28. júlí 1941.

Foreldrar: Eiríkur Bjarnason og Sesselja Jónsdóttir.

Maki: Egill Jónsson.

Börn: Konráð Möller og Solveig (Veiga).

Fluttu til Vesturheims 1903.

Elín Ingunn Friðfinnsdóttir 1899–1900.

Háls í Kjós.

F. 8. október 1883, d. 10. maí 1956.

Foreldrar: Friðfinnur Friðfinnsson og Guðfinna Gísladóttir.

Maki: Steini Guðmundsson.

Börn: Ásdís og Kristín.

Bjuggu á Valdastöðum í Kjós.

Heimildir: *Kjósarmenn*.

Elín Ólafsdóttir 1880.

Guðrúnarstaðir í Vatnsdal.

F. 9. desember 1860, d. 10. júlí 1929.

Foreldrar: Ólafur Ólafsson, f. 1830 og Guðrún Guðmundsdóttir f. 1835.

Maki: Jónas B. Bjarnason, f. 20. september 1866, d. 28. október 1965, bóndi og síðar sýsluskrifari á Blönduósi.

Börn: Bjarni, f. 24. febrúar 1891, Ólafur, f. 20. desember 1892, Guðrún, f. 22. nóvember 1893, Sigurbjörg, f. 6. ágúst 1895 og Ásta, f. 10. júlí 1904.

Bjuggu í Litladal í Svínadal.

Elín Valgerður Thorlacius 1885–1886.

Stafholtsey í Borgarfirði.

F. 1862, d. 13. apríl 1954.

Foreldrar: Magnús Thorlacius prestur og Guðrún Jónsdóttir.

Sigfús Blöndal segir svo um Elínu í bók sinni *Endurminningar*: „Auk mín var í Stafholtsey sumarið 1888 annar gestur, það var frænka Elínar, Frk. Elín Thorlacius, myndarleg og elskuleg stúlka, sem hjálpaði henni mikið með húsmóðurstörfin, einkum ef gestir komu þar. Mér var einkar vel við hana, en við kynntust samt ekki mikið, hún var eldri og þroskaðri en ég og oftast önnur kafin í húsverkum og bústangi.“

Fór til Vesturheims og bjó hjá systur sinni í Norður-Dakota, lést í Winnepeg.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár*, Sigfúsar Blöndal, *Endurminningar*, Rv. 1960.

Elín Þorgrímsdóttir 1896–1897.

Hnífsdalur.

F. 1. desember 1862, d. 31. júlí 1899.

Foreldrar: Þorgrímur Þorsteinsson og Jóhanna Vilhjálmsdóttir.

Maki: Helgi Þorláksson bátsformaður 1867–1905.

Elínborg Jónatansdóttir 1893–1894.

Staðarbakki í Miðfirði.

F. 28. apríl 1870, d. 23. október 1902.

Foreldrar: Jónatan Jónsson og Halldóra Daníelsdóttir.

Maki: Benedikt Guðbrandsson bóndi.
Börn: Jónatan, Borghildur og Þórdís.
Bjuggu á Smáhömrum við Steingrímsfjörð.

Elínborg Jóhannesdóttir 1892–1893.

Bjarg í Miðfirði.

F. 2. ágúst 1872.

Foreldrar: Jóhannes Guðmundsson gullsmiður og bóndi á Auðunarstöðum í Víðidal og Ólöf Jónsdóttir.

Elínborg fór til Vesturheims 1898 og starfaði þar sem barnakennari.

Ingibjörg systir hennar var í skólanum 1891–1892.

Heimildir: *Sjálfscævisaga Björns Eysteinsonar*, Rv. 1958.

Elínborg Jónsdóttir 1896–1897.

Guðlaugsstaðir í Blöndudal.

F. 25. mars 1881, d. 3. júní 1899.

Foreldrar: Jón Guðmundsson, f. 10. sept 1844, d. 4. maí 1910, bóndi á Guðlaugsstöðum og síðar í Stóradal og Guðrún Jónsdóttir, f. 1857, d. 7. sept 1886.

Elínborg Margrét Jónsdóttir 1886–1887.

Auðólfstaðir í Langadal.

F. 21. nóvember 1868, d. 8. september 1914.

Foreldrar: Jón Þórðarson bóndi á Auðólfstöðum og Guðrún Kristmundsdóttir frá Kolugili í Víðidal.

Maki: Jón Kr. Jónsson, f. 28. júní 1867, d. 28. ágúst 1947,

bóndi á Mástöðum. Jón og Elínborg voru systrabörn.

Börn: Þorbjörg f. 1900, Guðrún f. 1900 og Oddný f. 1902.
Seinni kona Jóns var Halldóra Gestsdóttir f. 1890, d. 1977.
Dóttir þeirra var Elínborg Margrét, f. 1921, d. 2006, kennari á Skagaströnd.

Heimildir: *Föðurtún, Kennaratal*.

Elínborg Magnúsdóttir 1890–1891.

Kot (Sunnuhlíð) í Vatnsdal.

F. 17. ágúst 1864, d. 28. ágúst 1951.

Foreldrar: Magnús Guðmundsson og Guðrún Þorsteinsdóttir, sem bjuggu víða, þ.á m. í Dæli, á Auðunarstöðum og Bergsstöðum.

Maki: Hannes Hannesson bóndi.

Fóstursonur: Þorgrímur Bjarnason.

Bjuggu í Dældarkoti í Helgafellssveit.

Heimildir: Líkræður sr. Þorsteins B. Gíslasonar, Niðjatal Guðrúnar og Guðmundar í Sunnuhlíð. *Eitt stykki hólmur*, Stykkishólmur 2004.

Elísabet Bjarnadóttir 1895–1896.

Hafrafell í Fellum.

F. 14. maí 1875, d. 5. mars 1956.

Foreldrar: Bjarni Sveinsson, f. 24. mars 1842, d. 1. nóvember 1904, bóndi á Hafrafelli og Anna Kristín Bjarnadóttir, f. 19. janúar 1839, d. 12. janúar 1900.

Maki: Halldór Bjarnason, f. 5. ágúst 1877, d. 21. apríl 1920 búfræðingur og kaupmaður.

Sveinbjörg og Þórunn, systur hennar voru í skólanum 1892–1893.

Bjuggu á Ísafirði.

Heimildir: *MA stúdentar*.

Elísabet Erlendsdóttir 1884–1885, 1887–1888.

Tungunes á Bakásum.

F. 8. október 1865, d. 30. júní 1948.

Foreldrar: Erlendur Pálmason, bóndi í Tungunesi, og Ingibjörg Guðmundsdóttir frá Stóra-Dal.

Maki: Hallgrímur Gíslason, d. 1901.

Börn: Erlendur, Haraldur, Theódór og Ingibjörg Hallgrímsbörn og Óskar f. 1907, d. 1982, skólastjóri. Faðir hans var Magnús Sigurðsson.

Elísabet bjó í Tungunesi til dauðadags. Eftir dauða Hallgríms bjó með henni Magnús Sigurðsson, f. 16. júní 1878, d. 1935, en síðar bjó hún með sonum sínum þeim, Erlendi, Theódóri og Haraldi.

Heimildir: *Kennaratal*, *Sunnanfari III.*, *Íslenskar æviskrár*, *Föðurtún*.

Elísabet Engilráð Guðmundsdóttir 1899–1900.

Finnbogastaðir í Trékyllisvík.

F. 27. nóvember 1874, d. 18. ágúst 1921.

Foreldrar: Guðmundur Magnússon og Guðfinna Jörundsdóttir.

Bjó á Finnbogastöðum.

Systir hennar, Guðrún Rósa, var í skólanum 1895–1896.

Heimildir: *Strandamenn*.

Elísabet Jónsdóttir 1899–1900.

Reykjavík.

F. 11. maí 1878, d. 4. desember 1933.

Maki: Eiríkur Ingimarsson.

Börn: Lilja, Jón og Ingimar.

Bjuggu í Reykjavík.

Elísabet Steinsdóttir 1890–1891.

Brúnavík í Borgarfirði eystra.

F. 8. mars 1866, d. 20. nóvember 1931.

Foreldrar: Steinn Sigurðsson og Guðný Árnadóttir. Steinn starfaði sem yfirsetumaður 1863–1895.

Maki: Pétur Daníel Sigurðsson.

Börn: Guðný ljósmóðir og hjúkrunarkona, Halldór rithöfundur, Sigrún og Runólfur mjólkurfræðingur.

Bjuggu á Geirastöðum í Hróarstungu.

Heimildir: *Ljósmæðratal*.

F

Friðborg Friðriksdóttir 1890–1891, 1893–1894.

Hvammur í Dalasýslu.

F. 26. september 1868, d. 22. júní 1959.

Foreldrar: Friðrik Nikulásson, f. 28. september 1830, d. 13. júní 1868, bóndi í Hvammi í Hvammssveit og Björg Grímsdóttir, f. 25. nóvember 1835, d. 19. janúar 1919.

Frásögn Friðborgar um skólavistina á Ytri-Ey er varðveitt í Héraðskjalasafninu á Blönduósi og þar segir hún m.a.: „Ég minnst með gleði skólavistarinnar á Ytri-Ey. Ég hlakkaði til að fara þangað á hverju hausti og saknaði að hverfa þaðan síðasta vorið. Ég átti kost á að verða þar kennari, betur að ég hefði gert það, en eins og máltækið segir, „Þá ræður enginn sínum næturstað.“

Maki: Kristján Jónasson kaupmaður og veitingamaður í Borgarnesi, f. 24. júní 1869, d. 9. desember 1930.

Börn: Jónas verslunarstjóri í Borgarnesi, Elínborg, Guðmundur söngvari, Friðborg Camilla og Kristján bifreiðastjóri í Reykjavík.

Heimildir: *Dalamenn*, „Tildrög að skólanámi mínu að Ytri-Ey“, *Hlín* 1954, *Óðinn* 1931.

Friðrikka Maren Sigvaldadóttir 1883–1884.

Sauðárkrókur.

F. 1865.

Foreldrar: Sigvaldi Jónsson Salomonsen, f. 1832, d. 1905,

kaupmaður á Hofsósi og Jakobína Dorothea Jakobsdóttir Holms.

Maki: Guðmundur Sveinsson f. 1863.

Börn: Jakob og Swain.

Þau fóru til Vesturheims frá Akureyri árið 1893 og bjuggu í Cavalier Township.

Heimildir: *Vesturfaraskrá, Skagfirskar æviskrár.*

Friðrikka Margrét Steingrímsdóttir 1898–1899.

Neðstibær í Norðurárdal.

F. 7. maí 1877, d. 17. júlí 1960.

Foreldrar: Steingrímur Jónatansson, f. 24. febrúar 1854, d. 16. október 1926, bóndi á Njálstöðum og Anna Guðrún Friðriksdóttir.

Maki: Jóhann Pétur Gunnarsson, f. 1875, d. 1921, bóndi og verkamaður.

Börn: Guðrún Steinunn, f. 1903 og Gunnlaug Ingibjörg, f. 1912.

Bjuggu fyrst í Kambakoti en síðar á Blönduósi.

Heimildir: *Ættir Austur-Húnavetninga, Ættartala Páls Steingrímssonar; MA stúdentar.*

G

Gróa Guðmundsdóttir 1888–1889.

Eyjarkot/Mýrarkot á Skagaströnd.

F. 11. apríl 1878, d. 1964.

Foreldrar: Guðmundur Ólafsson, húsmáður og söðlasmiður, og Anna Friðriksdóttir.

Gróa flutti til Vesturheims ásamt foreldrum sínum og systur, Halldóru, 1889.

Maki: Hannes Guðjónsson.

Börn: Anna, Sigurveig, Guðjón, Aðalbjörg og Petrína.

Þau bjuggu lengst af í Wynyard í Saskatchewan.

Gróa Jónsdóttir 1898–1899.

Refsmýri í Fljótsdal.

F. 26. október 1879, d. 25. október 1926.

Foreldrar: Jón Magnússon, bóndi í Kleif í Fljótsdal, og Sigríður Sveinsdóttir.

Maki: Jón Þorgrímsson bóndi.

Barn: Sigfús f. 2 ágúst 1902.

Bjuggu í Vallanesi á Héraði.

Heimildir: Upplýsingar frá Arndísi Þorvaldsdóttur á Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum.

Gróa Kristjánsdóttir 1898–1899.

Gilsfjarðarbrekka.

F. 21. apríl 1876, d. 12. febrúar 1937.

Foreldrar: Kristján og Jónína Gróa Guðmundsdóttir.

Bjó á Akureyri og síðar í Reykjavík.

Gróa Sveinsdóttir 1887–1890.

Steinárgerði í Svartárdal.

F. 17. febrúar 1869 í Litladal, d. 23. júlí 1949 í Reykjavík.

Foreldrar: Sveinn Kristjánsson bóndi í Litladal og Hallgerður Magnúsdóttir.

Maki: Jón Jóhannesson, f. 27. júlí 1860, d. 15. júlí 1932, bóndi í Árnesi í Tungusveit.

Börn: Steinunn Guðrún, f. 1895 og Elín, f. 1899.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Guðbjörg Bjarnadóttir 1896–1897.

Gautlönd í Mývatnssveit.

F. 21. janúar 1877, d. 6. júní 1967.

Foreldrar: Bjarni Jónsson prestur og Jóna Jónsdóttir.

Maki: Kristján H. Jónsson ritstjóri.

Börn: Jón, Solveig, Soffía, Eva og Kristjana.

Bjó á Ísafirði og síðar á Akureyri.

Guðbjörg Bjarnadóttir 1879.

Gæti verið sú sem var vinnukona á Hjaltabakka 1880 og fór til Vesturheims 1887.

Guðbjörg Eggertsdóttir 1890–1891.

Vatnahverfi í Refasveit.

F. 20. ágúst 1870 á Skógtjörn á Álftanesi, d. 28. desember 1950 á Blönduósi.

Foreldrar: Eggert Eggertsson bóndi í Vatnahverfi og Halldóra Runólfsdóttir.

Bóndi í Vatnahverfi.

Þær voru þrjár systurnar í Vatnahverfi og fóru allar í skólann. Guðrún var elst en hún flutti til Vesturheims ásamt manni sínum, Þorleifi Sveinssyni frá Enni í Refasveit. Guðbjörg og Ingibjörg bjuggu saman í Vatnahverfi með bróður sínum Þorsteini.

Heimildir: Líkræður sr. Þorsteins B. Gíslasonar, *Ættir Austur-Húnavetninga*.

Guðbjörg Sigfríður Jónsdóttir 1891–1893.

Broddanes í Kollafirði.

F. 11. október 1871, d. 30. desember 1952.

Foreldrar: Jón Magnússon bóndi í Broddanesi og Guðbjörg Björnsdóttir frá Stóra-Fjarðarhorni.

Maki: Jón Þórðarson, f. 31. október 1878, d. 2. febrúar 1955.

Börn: Sigríður, Þorsteinn smiður á Hólmavík, Jón bóndi í Broddanesi og Elín bóndi í Miðhúsum í Kollafirði.

Bjuggu í Broddanesi.

Guðbjörg var þjóðkunn fyrir ritstörf sín, einkum þjóðlíflýsingar frá 19. öld.

Ritstörf: Minningar (1929), Gamlar glæður (1943) og Herborg á Heiði (1951).

Heimildir: *Íslenskar æviskrár, Strandamenn*.

Guðbjörg Ólafsdóttir 1888–1889.

Hafnarfjörður.

F. 19. september 1864, d. 23. desember 1956.
Bjó á Ísafirði.

Guðbjörg Pálmadóttir 1886–1887.

Ystagil í Langadal.

F. 1867, d. 14. desember 1889.
Foreldrar: Pálmi Sigurðsson og Guðrún Sveinsdóttir.
(Líklega systir Yngvars alþingismanns).

Guðbjörg Pálsdóttir 1889–1890.

Bíldudalur.

F. 20. október 1862.
Foreldrar: Páll Símonarson og Sigríður Jónsdóttir.
Maki: Ásgeir Guðbjartsson.
Börn: Guðmundur, Guðbjartur og Margrét.
Bjuggu í Hnífsdal og síðar á Ísafirði.

Guðbjörg Þorbergsdóttir 1885–1887.

Vík í Skagafirði.

F. 8. apríl 1865.

Foreldrar: Þorbergur Sigurðsson, f. 1830, d. 1915, bóndi á Dúki í Sæmundarhlíð, og Guðbjörg Þorbergsdóttir, f. 1840, d. 1937. Þau voru síðast búsett á Sauðárkróki.

Flutti líklega til Vesturheims 1887 (óstaðsett) og gæti verið sú sem auglýsir saumaskap í *Heimskringlu* 25. 10. 1895, ásamt Jakobínu Gísladóttur frá Viðvík.

Heimildir: *Húnavaka* 1971, *Skagfirskar æviskrár*.

Guðbjörg Þorsteinsdóttir 1894–1895.

Broddanes í Kollafirði.

F. 5. júní 1884, d. 21. maí 1954.
Foreldrar: Þorsteinn Helgason bóndi í Hrafnadal, f. 17. júní 1859, d. 19. október 1931 og Helga Sigurðardóttir, f. 12. ágúst 1853, d. 2. nóvember 1931.
Kennari víða í Strandasýslu og Dalasýslu 1910–1934.

Heimildir: *Kennaratal*.

Guðlaug Soffía Baldvinsdóttir 1880.

Undirfell í Vatnsdal.

F. 5. apríl 1868 á Fjósum í Svartárdal.
Foreldrar: Baldvin Einarsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir.
Flutti til Vesturheims 1883 með föður sínum og systur sinni Oddnýju Maríu. Ingibjörg Þórunn, f. 1879, d. 1911, systir þeirra varð eftir ásamt móður þeirra.

Heimildir: *Læknatal*.

Guðlaug Einarsdóttir 1891–1892.

Kappeyri (Kjapteyri) í Fáskrúðsfirði.

F. 2. júl. 1863, d. 3. mars 1947.

Foreldrar: Einar Björnsson og Sigurbjörg Sigurðardóttir bændur á Kappeyri.

Guðlaug var mikil handavinnukona og fékkst m. a. við balderingu. Hún flytur frá Kappeyri upp á Fljótsdalshérað um aldamótin, þaðan liggur leið hennar á Seyðisfjörð. Árið 1905 flytur hún aftur á æskustöðvarnar og er þar til ársins 1914, en þá flytur hún að Karlsskála við Reyðarfjörð. Þegar manntalið var tekið 1930 var Guðlaug flutt á Eskifjörð og sögð hafa atvinnu af hannyrdun.

Heimildir: Arndís Þorvaldsdóttir á Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum.

Guðlaug Jónsdóttir 1888–1889.

Melar í Hrútafirði.

F. 30. apríl 1861, d. 8. ágúst 1949.

Foreldrar: Jón Jónsson bóndi á Melum í Hrútafirði og Sigurlaug Jónsdóttir frá Helgavatni í Vatnsdal.

Maki: Ólafur Guðmundur Ólafsson, f. 10. júlí 1861, d. 17. júní 1930, bóndi.

Börn: Sigurlaug, Ragnhildur, Sigríður, Ásgerður, Ólafur, Margrét og Geir.

Bjuggu á Lundum í Borgarfirði.

Guðlaug var systir Ingunnar á Kornsa, sjá bók Ingunnar, *Minningar*, Rv. 1926.

Heimildir: *Strandamenn, Föðurtún, Æviminningabók Menningar og minningarsjóðs kvenna*, Rv. 1967.

Guðlaug Stefánsdóttir 1890–1891.

Ormsstaðir í Norðfirði.

F. 21. september 1873.

Foreldrar: Stefán Bjarnason og Ólöf Pétursdóttir.

Maki: Björn Sigfússon verslunarmaður.

Uppeldissonur: Snæbjörn Arnljótsson.

Bjuggu á Norðfirði, á Þórshöfn á Langanesi og seinast í Reykjavík.

Heimildir: Arndís Þorvaldsdóttir á Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum.

Guðlaug Sigríður Sveinsdóttir 1887–1888.

Blönduós.

F. 6. júní 1868, d. 24. maí 1935.

Foreldrar: Sveinn Árnason og Guðbjörg Benjamínsdóttir, ljósmóðir frá Stóra Búrfelli.

Maki: Björn Leví Guðmundsson, f. 25. september 1863, d. 15. febrúar 1923, símtjóri og skósmiður.

Börn: Guðlaug f. 1889, Elísabet Karólína f. 1891, Ásta Anna f. 1897 og Halldór Leví f. 1898.

Bjuggu á Blönduósi.

Heimildir: Niðjatal Guðmundar og Guðrúnar frá Gafli, *Föðurtún*.

Guðný Einarsdóttir 1888–1889.

Húsafell í Borgarfirði.

F. 15. september 1865, d. 1903.

Foreldrar: Einar Árnason, f. 20. júní 1834, d. 20. október 1920, og Guðrún Magnúsdóttir, f. 26. nóvember 1826, d. 7. ágúst 1878. Bjuggu víða í Borgarfirði.

Maki: Sigurður Sigfús Benediktsson Blöndal, f. 5. maí 1863, d. 18. júlí 1947.

Barn: Björn Sigurðsson Blöndal, f. 2. júní 1893 í Hvammi í Vatnsdal, d. 14. janúar 1971.

Guðný og Sigurður bjuggu í Hvammi í Vatnsdal 1898 (býli 2). Hvammur var ættarjörð Sigurðar en þar auðnaðist honum ekki að búa og var Hvammur seldur. Eftir það voru þeir fedgar á ýmsum jörðum við búhokur.

Heimildir: *Blöndalsættin, Borgfirskar æviskrár.*

Guðný Kristín Guðmundsdóttir 1896–1897.

Melar í Hrutafirði.

F. 31. desember 1867 á Sandfelli í Öræfum, d. 9. ágúst 1951 á Blönduósi.

Foreldrar: Guðmundur Guðmundsson bóndi og Sigríður Bjarnadóttir.

Um níu ára aldur missti hún móður sína og ólst upp hjá föður sínum og stjúp móður. Fer í vist og var meðal annars hjá Þorleifi alþingismanni í Hólum í Hornafirði. Guðný er 26 ára er hún fer í vist að Melum í Strandasýlu þar sem hjónin, Jósef Jónsson og Anna Bjarnadóttir, prestsdóttirin frá Stafafelli, bjuggu. Það var rótgróið menningarheimili

og þar hitti hún fyrir húsmóðurina sem var einnig úr Skaftafellssýslu, og hafði verið við nám í kvennaskólann á Ytri-Ey 1890–1891.

Maki: Jón Benedikt Tómasson, f. 23. ágúst 1867.

Börn: Guðmundur Bergmann f. 1900, Tómas Ragnar f. 1903 og Jónína f. 1907.

Bjuggu á Króki á Skagaströnd og síðar á Blönduósi.

Heimildir: *Æviágrip í samantekt Kristínar B. Tómasdóttur, Föðurtún, Líkæða sr. Þorsteins B. Gíslasonar, Strandamenn.*

Guðný Jónsdóttir 1883–1884.

Auðkúla í Svínadal.

F. 23. september 1864, d. 30 ágúst 1944.

Foreldrar: Jón Þórðarson, f. 3. október 1826, d. 13. júní 1885, prestur á Auðkúlu og Sigríður Eiríksdóttir, f. 18. febrúar 1830, d. 23. mars 1916.

Maki: Brynjólfur Gíslason, f. 6. nóvember 1861, d. 27. janúar 1923.

Börn: Sigríður f. 1895, Guðlaug f. 1897, Kristín f. 1898, Elínborg, f. 1899, Jón f. 1901, Katrín f. 1902, Eiríkur Sverrir f. 1903, Ólafur Theodór f. 1906 og Gísli f. 1909.

Bjuggu í Litladal 1885–1907 en Brynjólfur var kaupfélagsstjóri Kaupfélags Húnvetninga á Blönduósi 1900–1907. Fluttu til Viðeyjar árið 1907 og í Skildinganes 1909.

Heimildir: *Guðfræðingatal, Hlín 1930–1934, Niðjatal Staðarbræður og Skarðssystur.*

Guðný Jónína Oddsdóttir 1893–1894.

Síða í Vesturhópi.

F. 17. nóvember 1873, d. 24. september 1947.

Foreldrar: Oddur Frímann Oddsson, f. 9. júní 1844, d. 29. desember 1928 og Kristbjörg Flóventsdóttir, d. 14 desember 1912.

Maki: Jón Finnsson, f. 12. júlí 1870, d. 17. júní 1943, verslunarstjóri.

Kjörsonur: Kristján, f. 1915, stöðvarstjóri Pósts og síma á Hólmavík.

Bjuggu á Hólmavík.

Heimildir: *Strandamenn, Alþingismannatal*.

Guðný Málfríður Pálsdóttir 1884–1885, 1886–1887.

Ytri-Hóll á Skagaströnd.

F. 11. september 1866, d. 13. júní 1942.

Foreldrar: Páll Jónsson, f. 17. janúar 1833, d. 17. febrúar 1893, bóndi á Syðri-Ey og síðar á Ytra-Hóli og Ingibjörg Benediktsdóttir, f. 19. febrúar 1832, d. 3. júní 1873.

Maki: Jón Sigurðsson, f. 10. apríl 1855, d. 2. júní 1946, bóndi á Njálssstöðum.

Heimildir: *Ættir Austur Húnavetninga, Föðurtún, Hlín* 1949.

Guðný Sigfúsdóttir 1893–1894.

Snjóholt á Héraði.

F. 24. ágúst 1870, d. 21. september 1946.

Foreldrar: Sigfús Jónsson og Þórunn Jónsdóttir.

Maki: Þorvaldur Kristjánsson Kröjer.

Börn: Jóhann, Elín Kristjana, Þórunn, Eiríkur og Sigfús.

Bjuggu m.a. á Stórabakka og í Þrándarseli.

Guðný Þorkelsdóttir 1883.

Flatatunga í Skagafirði.

F. 28. september 1866, d. 9. nóvember 1907.

Foreldrar: Þorkell Pálsson, f. 11. maí 1837, d. 20. september 1920, bóndi í Flatatungu og Ingibjörg Gísladóttir, f. 22. júní 1839, d. 24. febrúar 1924.

Maki: Sigtryggur Jónsson, f. 25. nóvember 1862, d. 6. desember 1942, bóndi og byggingameistari.

Börn: Jón, Steingrímur, Hjalti, Ingólfur, Þórhallur. Þeir skrifuðu sig Espólín.

Bjuggu fyrst á Espihóli í Eyjafirði og seinna á Akureyri.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

(Arndís) Guðríður Árnadóttir 1889–1890.

Ísafjörður.

F. 13. júlí 1865, d. 26. júlí 1946.

Foreldrar: Árni Pálsson og Ingibjörg Ólafsdóttir.

Vinnukona/ráðskona á æskulóðum við Arnarfjörð.

Guðríður Guðnadóttir 1898–1900.

Villinganes í Skagafirði.

F. 12. desember 1876, d. 14. ágúst 1916.

Foreldrar: Guðni Guðnason, f. 19. janúar 1830, d. 1881, bóndi í Villinganesi og Ingiríður Eiríksdóttir, f. 13. ágúst 1846, d. 8. apríl 1914.

Eftir námið á Ytri-Ey var Guðríður við kennslu, m.a. í Haukadal í Dýrafirði og var síðar kennari í sinni heimasveit.

Maki: Stefán Sveinsson bóndi.

Barn: Sveinn Ingvar f. 24. maí 1911, d. 25. janúar 1935.

Bjuggu á Írafelli í Svartárdal.

Heimildir: *Kennaratal*.

Guðríður Helga Hóseasdóttir 1889–1890.

Höskuldsstaðir í Breiðdal.

F. 17. janúar 1870, d. 24. febrúar 1940.

Foreldrar: Hóseas Bjarnason og Guðbjörg Gísladóttir.

Maki: Jóhann Kristján Johnson.

Börn: Lára, Svava og Hóseas.

Fóru til Vesturheims árið 1904 og bjuggu lengst af í Winnipeg.

Guðríður Agnes Jóhannsdóttir 1886–1887.

Syðri-Ey á Skagaströnd.

F. 21. janúar 1860 á Þingeyrum, d. 5. september 1948.

Foreldrar: Jóhann Sigurðsson, f. 7. júlí 1827 vinnumaður á Lækjamóti í Víðidal og Jóhanna Tómasdóttir, f. 24. október

1834 á Fjalli á Skeiðum. Foreldrar hennar voru ekki hjón. Guðríður ólst upp hjá þriðri Andrésdóttur og Gísla Jónssyni á Húnsstöðum.

Maki: Guðmundur Sigvaldason, f. 1. september 1854 á Þorfinnsstöðum í Vesturhópi. Þau slitu samvistum.

Guðríður tók ljósmóðurpróf í Reykjavík 21. desember 1883 og var ljósmóðir í Vindhælishreppsumdæmi 1885–1887. Hún flutti til Vesturheims um 1887 með Gunnlaugi Gunnlaugssyni sem þá var bóndi á Syðri-Ey. Hann varð síðari maður hennar en þau voru búsett í Brandon í Manitoba. Guðríður stundaði ljósmóðurstörf vestra. Þar var hún nefnd Agnes Gertrude Gunnlaugsson.

Heimildir: *Ljósmæðratal*.

Guðríður Magnúsdóttir 1891–1892.

Sauðhagi Völlum.

F. 23. nóvember 1865, d. 24. júní 1943.

Foreldrar: Magnús Vilhjálmsson bóndi í Sauðhaga og Guðrún Jónsdóttir.

Maki: Þorkell Stefánsson bóndi.

Börn: Magnús, Óli, Eysteinn, Guðrún og Rannveig.

Bjuggu á Gagnstöð í Hjaltastaðahá.

Heimildir: Arndís Þorvaldsdóttir á Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum.

Guðríður Rafnsdóttir 1895–1896.

Eyjarkot á Skagaströnd.

F. 23. nóvember 1876, d. 22. mars 1932.

Foreldrar: Rafn Guðmundsson, f. 5. júní 1851, d. 6. október 1914, bóndi á Ketu og Ragnheiður Sigurlaug Símonardóttir, f. 26. maí 1850, d. 9. júlí 1907.

Maki: Ásgeir Klemensson.

Börn: Axel, Sigríður og Ólafur.

Bjuggu á Höfðahólum á Skagaströnd.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*; Minningarorð sr. Þorsteins B. Gíslasonar.

Guðríður Sigurðardóttir 1895–1896.

Lækjamót í Víðidal.

F. 5. desember 1878, d. 11. júní 1932.

Foreldrar: Sigurður Jónsson, f. 21. október 1835, d. 1. febrúar 1913, bóndi á Lækjamóti og Margrét Eiríksdóttir, f. 11. mars 1850, d. 14. september 1919.

Guðríður lærði orgelspil í Reykjavík og Kaupmannahöfn og var þar einnig við handavinnunám. Hún var kennari við Kvennaskólann á Blönduósi 1901–1904 og skólastjóri þar 1904–1911. Organleikari við Holtastaðakirkju í mörg ár, æfði þar lengi söngkór.

Rit: *Nokkur lög útsett fyrir gítar*, 1903.

Maki: Jónatan J. Líndal, f. 26. júní 1879, d. 6. nóvember 1971, bóndi.

Börn: Jósafat f. 1912 og Margrét f. 1917.

Bjuggu á Holtastöðum í Langadal.

Heimildir: *Kennaratal*, *Föðurtún*, *Húnavaka* 1979.

Guðríður Þorvaldsdóttir 1896–1897.

Hjaltabakki.

F. 20. september 1875 á Hofteigi á Jökuldal, d. 10. október 1930.

Foreldrar: Þorvaldur Ásgeirsson, f. 20. maí 1836, d. 24. ágúst 1887 prestur og Hansína Sigurbjörg Þorgrímsdóttir, prests á Hofteigi.

Guðríður var í kvennaskólanum Vinaminni árin 1891–1892 (Mjóstræti 3) og tók ljósmóðurpróf í Reykjavík árið 1899. Hún var ljósmóðir í Vindhælishreppi til 1906.

Maki: Kristján Björn Berndsen, f. 21. nóvember 1876, d. 9. febrúar 1968, beykir, síðar verslunarmaður.

Börn: Þorvaldur Ásgeir f. 1900, Fritz Gunnlaugur Oddsen f. 1902, Hansína Ingibjörg f. 1904 og Guðríður Sigurbjörg f. 1909.

Bjuggu á Skagaströnd og síðar í Reykjavík.

Heimildir: *Guðfræðingatal*, *Ljósmæðratal*, *Föðurtún*.

Guðrún Andrésdóttir Kjerúlf 1886–1887.

Melar í Fljótssdal.

F. 19. nóvember 1865, d. 9. júní 1889.

Foreldrar: Andrés Kjerúlf og Anna Jónsdóttir.

Systir hennar, Jóhanna Andrésdóttir Kjerúlf, var í skólanum á sama tíma.

Guðrún Arngrímsdóttir 1886–1888.

Vatnskot í Hegranesi.

F. 14. nóvember 1858, d. 23. júní 1949.

Foreldrar: Arngrímur Jónsson og Guðríður Gísladóttir.

Maki: Guðjón Gunnlaugsson.

Börn: Skúli og Þorbjörg.

Bjuggu í Vatnskoti.

Guðrún Árnadóttir 1889–1890.

Úlfsstaðir á Héraði.

F. 1865.

Foreldrar: Jón Þorvaldsson og Helga Jónsdóttir.

Fór líklega til Vesturheims 1890.

Guðrún Anna Árnadóttir 1883–1884.

Hafsteinsstaðir í Skagafirði.

F. 19. nóvember 1858, d. 20. september 1937.

Foreldrar: Árni Þorleifsson bóndi á Ysta-Mói og Valgerður Þorvaldsdóttir.

Guðrún átti heima á Vestari-Brekku, litlu húsi á Hofsósi árið 1910. Bjó hún þar lengi en var síðast á Siglufirði. „Hún var fríð kona, fremur var hún lítil vexti og fingerð, hæglát og hógvær í framgöngu. Skarpgáfuð var hún og einkar skemmtileg í viðræðum. Hjálpsöm var hún og hjartagóð og mun hafa liðsinnt mörgum sem til hennar leituðu.“ (*Tvennir tímar*) Þegar Guðrún Anna sækir um skólavist á Ytri-Eyjarskóla er hún til heimilis hjá systur sinni, Steinunni, húsfreyju á Hafsteinsstöðum í Staðarhreppi.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Guðrún Benjamínsdóttir 1898–1899.

Múli í Dýrafirði.

F. 13. maí 1876 á Gerðhömrum í Dýrafirði, d. 6. apríl 1959.

Foreldrar: Benjamín Bjarnason, bóndi og skipstjóri í Múla í Dýrafirði, og Guðrún Pétursdóttir.

Kennari í Dýrafirði og við barnaskólann á Þingeyri frá 1901–1923.

Bjó á Þingeyri.

Heimildir: *Kennaratal*.

Guðrún Bjarnadóttir 1895–1896.

Bessastaðir í Hrútafirði.

F. 23. mars 1875, d. 26. desember 1911.

Foreldrar: Bjarni Bjarnason, f. 1840, d. 1898, bóndi á Mýrum og Bessastöðum, og Jóhanna Níelsdóttir, f. 1850, d. 1943.

Guðrún tók ljósmóðurpróf í Reykjavík 1901 og var ljósmóðir í sinni sveit 1901–1911.

Maki: Rögnvaldur Línadal Hjartarson, f. 15. júlí 1876, d. 27. desember 1920.

Börn: Bjarni f. 1904, Sólrún Elín f. 1906, Ragnheiður f. 1909 og Guðbjörn f. 1910.

Bjuggu í Hnausakoti.

Heimildir: *Ljósmæðratal, Dalamenn, Strandamenn*.

Guðrún Eggertsdóttir 1883 og 1888–1889.

Vatnahverfi í Refasveit.

F. 2. apríl 1863, d. 19. júlí 1953.

Foreldrar: Eggert Eggertsson bóndi í Vatnahverfi og Halldóra Runólfsdóttir.

Maki: Þorleifur Kristinn Sveinsson, f. 1869, d. 11. ágúst 1921, frá Enni.

Börn: Ingibjörg f. 1893, Eggertína f. 1896, Helga Halldóra f. 1900, Guðbjörg f. 1902 og Sveinn Ari f. 1903.

Þau bjuggu á Miðgili í Langadal og í Enni en fluttu öll til Vesturheims 1904.

Systur hennar, Guðbjörg og Ingibjörg, voru í skólanum 1890–1891.

Heimildir: *Föðurtún, Almanak Ó.Th.*

Guðrún Einarsdóttir 1888–1889.

Hafursstaðakot á Skagaströnd (Hofstaðakot).

F. 10. ágúst 1879 í Hafursstaðakoti, d. 17. október 1971 á Vindhæli.

Foreldrar: Einar Gíslason bóndi í Hafursstaðakoti, f. 17. janúar 1837, d. 25. júní 1887 og María Guðmundsdóttir, f. 30. júní 1840, d. 15. febrúar 1934.

„Guðrún var námsfús, verklagin og dugleg kona og tryggur lífsförunautur, er átti óvenjulegt jafnaðargeð og rósemi hugans. Hún var barngóð, átti trú á niðjann, enda hlaut hún þá guðsgjöf að búa í skjóli barna sinna seinni hluta æfinnar. Hún var há kona vexti og fagurhærð með mikið sitt hár. Hún þótti álitleg ung stúlka.”

Maki: Magnús Bjarni Steingrímsson, f. 3. apríl 1881, d. 25. júlí 1951. Þau bjuggu á ýmsum jörðum s.s., á Njálssstöðum, Skúfi og Bergsstöðum en lengst bjuggu þau á Sæunnarstöðum í Hallárdal.

Börn þeirra: Steingrímur f. 1908, María Karolína f. 1909, Sigurður Bergmann, f. 1910, Guðmundur Einar Bergmann f. 1913, Guðmundur Bergmann f. 1919, Páll Valdimar Bergmann f. 1921.

Heimildir: *Húnavaka* 1966, *Húnavaka* 1972, *Ættir Austur Húnavetninga*.

Guðrún Eiríksdóttir 1898–1900.

Grímstunga í Vatnsdal.

F. 2. nóvember 1872, d. 17. apríl 1966.

Í sóknarmannatali Undirfellssóknar 1879 er Guðrún skráð lausakona „kom frá Reykjavík”.

Bjó í Reykjavík og er hugsanleg sú sem kom þar nokkuð við sögu verkalýðsmála.

Guðrún Gestsdóttir 1898–1899.

Arnardalur við Skutulsfjörð.

F. 15. september 1877, d. 8. september 1923.

Foreldrar: Gestur Guðmundsson og Jóhanna Illugadóttir.

Maki: Magnús Hannibalsson, þau skildu. Áttu sjö börn.

Bjó á Ísafirði.

Guðrún Gísladóttir 1889–1890.

Húnsstaðir.

F. 28. nóvember 1866, d. 25. október 1926.

Foreldrar: Gísli Jónsson og Þuríður Andrésdóttir.

Maki: Vilhjálmur Halldórsson.

Börn: Sigurbjörg og Kristín.

Bjuggu m.a. í Ásgeirsárseli og á Borðeyri.

Hálfsystir hennar Margrét Gísladóttir var í skólanum 1886–1888.

(Málfríður) Guðrún Gísladóttir 1884–1885.

Neðri-Mýrar í Refasveit.

F. 31. desember 1866, d. 9. nóvember 1944.

Foreldrar: Gísli Jónsson, f. 1816, d. 14. febrúar 1875 bóndi á Neðri-Mýrum og Sigurlaug Benediktsdóttir f. 1822, d. 1896.

Flutti til Vesturheims 1888 (Rhona McAfee).

Heimildir: *Föðurtún*.

Guðrún Rósa Guðmundsdóttir 1895–1896.

Finnbogastaðir í Trékyllisvík.

F. 15. júlí 1873, d. 18. janúar 1950.

Bjó á Finnbogastöðum og var kennari þar um árabíl.

Engilráð, systir hennar, var í skólanum 1899–1900.

Heimildir: *Kennaratal*, *Strandamenn*.

Guðrún Hallgrímsdóttir 1896–1897.

Kalmanstunga í Borgarfirði.

F. 11. september 1869.

Foreldrar: Hallgrímur og Þóra Guðmundsdóttir, húskona á Bjarnastöðum í Mýrsýslu.

Bjó í Reykjavík.

Guðrún Helgadóttir 1889–1890.

Hafurstaðabúð á Skagaströnd.

F. 12. júlí 1860, d. 2. apríl 1914.

Foreldrar: Helgi Nikulásson og Þuríður Bjarnadóttir.

Maki: Erlendur Björnsson.

Börn: Björg Karólína, Björn og Erlendína.

Bjuggu á Blönduósi.

Guðrún Ágústína Ingjaldsdóttir 1886–1887.

Balaskarð í Laxárdal.

F. 31. ágúst 1866, d. 5. júní 1949.

Foreldrar: Ingjaldur Ingjaldsson og Þóra Kristófersdóttir á Balaskarði í Laxárdal.

Maki: Þorgeir Símonarson.

Börn: Árni, Sigrún og Einar.

Flutti til Vesturheims 1888, bjuggu í Blaine í Washington.

Guðrún Jóhannesdóttir 1894–1896.

Lýtingsstaðir í Skagafirði.

F. 16. september 1877 í Goðdölum í Skagafirði.

Foreldrar: Jóhann Lárus Jónsson, f. 7. janúar 1851, d. 20. janúar 1913, bóndi á Lýtingsstöðum og Sæunn Dýrleif Árnadóttir, f. 11. nóvember 1853, d. 9. apríl 1889.

Kennari m.a. við Kvennaskólann á Ytri-Ey 1897–1902 en fór þá í Statens Lærerhøjskole í Kaupmannahöfn, 1903–1905. Veiktist skömmu eftir nám í Danmörku og hvarf því ekki aftur að kennslu. Var erlendis til 1919.

Börn: Dýrleif Ármann kjólameistari f. 1915 og Jóhannes Sæmundur Newton, f. 1920.

Ingibjörg, systir hennar, var í skólanum 1899–1900.

Heimildir: *Kennaratal*.

Guðrún Jónsdóttir 1886–1887.

Hrafnkelsstaðir í Fljótsdal.

F. 29. febrúar 1865, d. 8 ágúst 1898.

Foreldrar: Jón Pálsson og Sigríður Sigurðardóttir á Eskey á Mýrum.

Bjó á Vopnafirði og síðar á Eskafirði.

Guðrún Jónsdóttir 1898–1899.

Ljótshólar í Svínadal.

F. 12. júlí 1881, d. 28. apríl 1952.

Foreldrar: Guðrún Eysteinsdóttir frá Orrastöðum og Jón Jónsson. Seinni maður hennar var Guðmundur Tómasson

bóndi á Ljótshólum í Svínadal.

Maki: Guðmann Helgason bóndi.

Börn: Jón, Albert, Guðrún og Steingrímur.

Bjuggu á Snæringstöðum.

Heimildir: *Föðurtún*.

Guðrún Jónsdóttir 1897–1898.

Sveinsstaðir í Þingi.

F. 21. maí 1869, d. 15. október 1947.

Foreldrar: Jón Ólafsson, f. 11. júlí 1836, d. 19. maí 1910, bóndi á Sveinsstöðum og Þorbjörg Kristmundsdóttir, f. 13. nóvember 1841, d. 1923.

Guðrún var starfandi ljósmóðir í Ás- og Sveinsstaðhreppum í mörg ár. “Hún var lítil og grönn og mjög kvik í hreyfingum. Ég man að það átti að bólusetja mig og ég sá hana koma utan Hvammsskriður á brúnum hesti og í dökkbláum reiðfötum. Að bólsetningu lokinni fékk ég frá henni brjóstsykur.” (Minningar Þ.Í.)

Hún giftist ekki og átti ekki börn en hún tók að sér stúlkubarn sem hún ól upp.

Fósturbarn: Soffía Aðalheiður Sigurðardóttir f. 22. apríl 1908, d. 24. október 2002.

Heimildir: *Föðurtún*, *Sveinsstaðaætt*, *Jóelsætt*.

Guðrún Jónsdóttir 1884.

Auðkúla í Svínadal.

F. 11. maí 1869, d. 10. janúar 1943.

Foreldrar: Jón Þórðarson f. 1826, d. 1885, prestur á Auðkúlu og Sigríður Eiríksdóttir f. 1830, d. 1916.

Guðrún var forstöðukona skólans 1895–1897.

Maki: Eggert Ó. Briem, f. 25. júlí 1867, d. 7. júlí 1936, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu 1897–1904 og síðar hæstaréttardómari.

Börn: Sigríður f. 1901 og Gunnlaugur f. 1903.

Bjuggu lengst af í Reykjavík.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár, Skagfirskar æviskrár, Lögfræðingatal, Húnavaka* 1994.

Guðrún Sigurbjörg Jónsdóttir 1890–1891.

Fjallsel í Fellum.

F. 8. júlí 1874, d. 4. apríl 1946.

Foreldrar: Jón Þorkelsson bóndi í Fjallseli og Sigríður Björnsdóttir.

Guðrún var ráðskona hjá bróður sínum Þorkatli, sem þá var á Eiðum, og síðan ráðskona hjá matarfélagi Alpýðuskólans á Eiðum í nokkra vetur. Hún fékkst einnig við saumaskap og var síðustu æviárin á Hofi í Fellum þar sem hún andaðist.

Heimildir: Arndís Þorvaldsdóttir á Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum.

Guðrún Ólafsdóttir 1889–1890.

Fjörður.

F. 10. september 1869, d. 6. október 1946.

Foreldrar: Ólafur Guðmundsson og Katrín Sveinsdóttir.

Maki: Vigfús Kjartansson snikkari.

Bjó á Seyðisfirði en var um tíma í Vesturheimi.

Guðrún Ólafsdóttir 1890–1891.

Skálholtsvík í Strandasýslu.

F. 5. febrúar 1868 á Stóru-Hvalsá í Hrútafirði, d. 13. desember 1947.

Foreldrar: Ólafur Ólafsson, bóndi á Stóru-Hvalsá, og Valgerður Helgadóttir frá Hraunsmúla í Staðarsveit á Snæfellsnesi.

Guðrún stundaði kennslu í Hrútafirði eftir námið á Ytri-Ey. Hún og fjölskylda hennar fluttu til Norður Dakota í ágúst árið 1900.

Maki: Guðbjartur Jónsson, f. 26. maí 1866, d. 1939.

Börn: Níels dómsmálaherra í Norður-Dakota, Einar lögfræðingur, Ólafur og Kristján lækna, Þórunn Lilja kennari, en hennar maður var séra Valdimar J. Eylands.

Heimildir: *Strandamenn, Foreldrar mínir: Endurminningar Íslendinga vestan hafs, Sögubættir landpóstanna.*

Guðrún Sigurðardóttir 1889–1891.

Eyjarkot á Skagaströnd.

F. 1. júní 1875 á Kjarlandi, d. 9. janúar 1964 á Blönduósi.

Foreldrar: Sigurður Benjamínsson, f. 13. júlí 1831, d. 7. mars

1914, bóndi á Kjalarlandi og Sigríður Björnsdóttir, f. 5. október 1832, d. 16. mars 1901.

Maki: Björn Árnason, f. 22. desember 1870, d. 24 ágúst 1932, bóndi á Syðri-Ey.

Guðrún og Björn voru barnlaus, fóstursonur þeirra var Knútur Berndsen frá Skagaströnd f. 25. október 1925, d. 2013, búsettur á Blönduósi.

Ingibjörg, systir Guðrúnar, var í skólanum 1887–1888 og 1891–1892.

Guðrún Sigurðardóttir 1898–1899.

Höskuldsstaðir á Skagaströnd.

F. 1. júní 1875, d. 9. nóvember 1964.

Foreldrar: Sigurður Benjamínsson og Sigríður Björnsdóttir.

Maki: Björn Árnason.

Börn: Ólafur Austfjörð.

Bjuggu um tíma á Syðri-Ey, en lengst af á Skagaströnd.

Guðrún Soffía Þorleifsdóttir 1884–1885.

Kambakot á Skagaströnd.

F. 30. maí 1871, d. 22. júní 1939.

Foreldrar: Þorleifur Ólafsson og Sigurlaug Guðmundsdóttir.

Maki: Guðmundur Ólafsson.

Bjuggu á Tunguhálsi í Skagafirði.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Guðrún Þorsteinsdóttir 1891–1892.

Álfgeirsvellir í Skagafirði.

F. 25. september 1876 í Grímsungu í Vatnsdal, d. 6. mars 1957 í Reykjavík.

Foreldrar: Þorsteinn Eggertsson, f. 3. febrúar 1836, d. 9. ágúst 1881, bóndi á Haukagil í Vatnsdal og Halldóra Pétursdóttir frá Valadal í Skagafirði, f. 26. desember 1853, d. 5. júlí 1937.

Maki: Bjarni Jónsson, f. 13. október 1863, d. 18. júlí 1926, frá Vogu alþingismaður o.fl. Þau slitu samvistum.

Börn: Sigríður, Þorsteinn og Eysteinn.

Guðrún rak um tíma brauðgerðarhús á Sauðárkróki.

Heimildir: *Föðurtún, Skagfirskar æviskrár, Íslenskar æviskrár*.



Hallfríður Sigurðardóttir 1893–1895.

Geirastaðir í Hróarstungu.

F. 18. ágúst 1873, d. 21. mars 1928.

Foreldrar: Sigurður S. Einarsson bóndi og Guðrún Oddsdóttir.

„Hún var myndarkona, vel að sér og vel verki farin, dugleg og skaprík nokkuð.“ Hallfríður var alsystir Stefáns bónda á Sleðbrjót í Jökulsárhlíð.

Maki: Jakob Frímannsson, d. 1912, kennari og bóndi Efra-Skúfi í Norðurárdal.

Þau giftust árið 1905 og fóru að búa að Neðra-Skúfi árið 1906. „Það vor var kalt og hart, snjó leysti seint og gróður var síðbúinn.“ Jakob missti heilsuna og varð að fara á Heilsuhælið á Vífilstöðum þar sem hann dó.

Börn: Frímann Sigurður f. 1906, Þuríður Rannveig f. 1907, Þormóður Ingvar f. 1909 og Þórhildur Ingibjörg f. 1912.

Heimildir: *Kennaratal, Húnavaka* 1997, *Mannaferðir og fornar slóðir*.

Herdís Pétursdóttir 1888–1890.

Álfgeirsvellir í Skagafirði.

F. 4. desember 1871 í Valadal, d. 25. janúar 1928 í Reykjavík.

Foreldrar: Pétur Pálmason, f. 1819, og Jórunn Hannesdóttir f. 1829.

Herdís var „frábær atgerviskona, einnig að gáfum og gjörvileik.”

Maki: Hálfðan Guðjónsson, f. 23. maí 1863, prestur.

Börn: Sigríður f. 26 júní 1902 og Helgi, f. 14 ágúst 1911, lyfjafræðingur, skáld og þýðandi.

Bjuggu á Sauðárkróki.

Heimildir: *Guðfræðingatal, Skagfirskar æviskrár.*

Helga Bjarnadóttir 1881.

Grímsunga í Vatnsdal.

F. 4. apríl 1856, d. 11. janúar 1925.

Foreldrar: Bjarni Jónsson, f. 21. júlí 1821, d. 12. apríl 1856 frá Höll í Þverárhlið og Kristín Þorleifsdóttir, f. 30. júlí 1828, d. 19. desember 1921 frá Hjallalandi. Móðir Kristínar var Hjallalands-Helga.

Helga (Bjarnadóttir) var uppeldisdóttir Jóns Skúlasonar og Guðrúnar Þorsteinsdóttur (eldri) í Grímsungu og á Haukagili í Vatnsdal.

Maki: Jóhannes Sigurðsson, f. 23. ágúst 1855, d. 3. júní 1908, bóndi.

Börn: Sigurður, Jón, Guðmundur og Jóhannes. Þessir bræður tóku sér ættarnafnið „Norland“.

Bjuggu í Hindisvík á Vatnsnesi.

Heimildir: *Borgfirskar æviskrár, Sýslumannaævir, Föðurtún, Húnaþing, Minningargreinar sr. Péturs Þ. Ingjaldssonar, Blöndalsætt.*

Helga Austmann Guttormsdóttir 1890–1892.

Stöð í Stöðvarfirði.

F. 20. nóvember 1873, d. 5. mars 1949.

Foreldrar: Guttormur Vigfússon, f. 23. apríl 1845, d. 25. júní 1937, prestur á Stöð í Stöðvarfirði og Anna Málfríður Jónsdóttir, f. 1851, d. 6. des 1874.

Maki 1: Stefán Baldvinsson í Mjóafirði.

Maki 2: Hallgrímur Jónasson Austmann á Akureyri.

Þau fluttu til Noregs 1908 og til Kanada 1925.

Heimildir: *Óðinn, Kirkjuritið 1937, Guðfræðingatal, MA stúdentar.*

Helga Halldórsdóttir 1891–1893.

Rangá í Fellum.

F. 12. júlí 1867.

Fór til Vesturheims.

Helga Jónatansdóttir 1900–1901.

Mannskaðahóll í Skagafirði.

F. 1. júlí 1876, d. 5. janúar 1940.

Foreldrar: Jónatan Jónatansson og Guðný Bjarnadóttir.

Maki: Jóhannes Sólmundsson.

Börn: Lára, Franz, Guðný, Bára og Oscar.

Flutti til Vesturheims 1901.

Helga Jónsdóttir 1889–1890.

Mörk á Laxárdal.

F. 11. september 1861, d. 19. desember 1947.

Foreldrar: Jón Kaprasíusson og Rannveig Sölvadóttir.

Maki: Gísli Þorsteinsson.

Börn: Jón Guðmann og Karólína.
Bjuggu á Sauðárkróki.

Helga Pétursdóttir 1892–1894.
Stóri-Núpur í Árnessýslu.

F. 3. október 1877, d. 5. janúar 1919.
Foreldrar: Pétur Bjarnason og Kristín Jóhannesdóttir.
Maki: Árni Eiríksson.
Bjuggu í Selárdal, síðar á Bíldudal.

Helga Sigurðardóttir 1883–1884.
Auðnir í Laxárdal.

F. 8. janúar 1864.
Foreldrar: Sigurður Finnbogason, f. 1. mars 1832, d. 16. maí 1894, bóndi á Auðnum, Breiðstöðum og víðar og María Bjarnadóttir (Borgar-Bjarna) Jónssonar, f. 1834, d. 1882.
Systkini Helgu voru fjórtán en átta komust upp og fjögur af þeim fóru til Vesturheims árið 1900. Helga hefur hugsanlega farið til Vesturheims.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Hildur Sigurðardóttir 1890–1891.
Vopnafjörður.

F. 29. janúar 1875, d. 28. júní 1959.
Foreldrar: Sigurður Sigurðsson, f. 6. júní 1841, d. 9. mars 1903, verkstjóri á Hólum í Vopnafirði og Matthildur Sveinsdóttir, f. 4. mars 1832, d. 22. febrúar 1914.

Maki: Guðjón Jónsson bóndi, f. 1. maí 1874, d. 3. apríl 1949.

Börn: Hilmar, Ingibjörg, Sigríður, Kristín, Sigurður, Jósef og Hjálmar.
Bjuggu í Strandhöfn í Vopnafirði.

Heimildir: *MA stúdentar; Lögfræðingatal*.

Hildur Solveig Sveinsdóttir 1890–1892.
Geitaskarð í Langadal.

F. 22. október 1874 á Hafursstöðum á Skagaströnd, d. 14. ágúst 1931.
Foreldrar: Sveinn Arason, bóndi á Hafursstöðum, og Guðbjörg Benjamínsdóttir frá Lýtingsstöðum.
Maki: Árni Ásgrímur Þorkelsson, f. 17. desember 1852, d. 2. desember 1940, bóndi.
Börn: Sigríður, Ísleifur, Jóhanna, Páll og Guðrún.
Bjuggu á Geitaskarði.

Heimildir: *Föðurtún, Skagfirskar æviskrár*.

Hólmfríður Hannesdóttir 1890–1891, 1893–1894.
Undirfell í Vatnsdal.

F. 18. desember 1872 í Forsæludal í Vatnsdal, d. 28. maí 1933 í Reykjavík.
Foreldrar: Hannes Þorvarðsson, d. 1890, bóndi í Forsæludal og Hólmfríður Jónsdóttir.
Maki: Páll Friðrik Halldórsson, f. 24. mars 1875, d. 10. nóvember 1941. Gagnfræðingur frá Möðruvöllum, bóndi í

Meðalheimi og síðar verslunarerindreki á Akureyri.

Þau skildu, þá búsett á Akureyri. Hólmfríður flytur þá á heimaslóðir og vinnur fyrir sér með saumaskap, aðallega við fatasum á ýmsum bæjum í Vatnsdal og víðar í Húnavatnssýslu.

Börn: Halldór og Jósefína. Barn Hólmfríðar með Birni Þorsteinssyni bónda í Miðhópi, Aðalheiður.

Heimildir: *Föðurtún, Íslenskir samtíðarmenn*, Minningargrein í *Morgunblaðinu* 1. október 1987 (Aðalheiður Björnssdóttir).

Hólmfríður Rósa Jóhannsdóttir 1891–1892.

Vindheimar í Skagafirði.

F. 28. október 1874, d. 18. apríl 1928 í Seattle.

Foreldrar: Jóhann Jóhannsson, f. 1831, d. 1919, bóndi á Vindheimum og Arnfríður Jóhannesdóttir, f. 1836, d. 1876.

Börn þessara hjóna voru 13 og fluttu flest til Vesturheims, þ.á m. var Eggert f. 1857, d. 1929 sem var lengi ritstjóri Heimskringlu.

Maki: Páll Ólafsson, f. 9. júní 1860 í Litladalskoti í Skagafirði, d. 20. janúar 1896. Búfræðingur frá Hólum og bóndi.

Hólmfríður Rósa missir mann sinn 1896 og flytur þá til Vesturheims.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár, Kennaratal*.

Hólmfríður Einarsdóttir 1890–1891.

Gunnsteinsstaðir í Langadal.

F. 1865 eða 1866 í Fáskrúðsfjarðarsókn.

Í manntalinu 1901 er hún til heimilis á Lágafelli og er þar barnakennari og organisti.

Í *Íslendingabók* segir „Fór til Kaupmannahafnar og seldi þar fæði“.

Hólmfríður Magnúsdóttir 1898–1899.

Glerárskógar í Dalasýslu.

F. 3 júní 1867, d. 22. apríl 1955.

Foreldrar: Magnús Jónsson, bóndi í Glerárskógum, og Guðbjörg Einarsdóttir frá Kýrunnarstöðum.

Saumakona á Hamri við Borgarnes (bróðir hennar var bóndi þar).

Heimildir: *Dalamenn*.

Ingibjörg Eggertsdóttir 1890–1891.

Vatnahverfi í Refasveit.

F. 17. ágúst 1868 á Skógtjörn á Álftanesi, d. 19. september 1952 á Blönduósi.

Foreldrar: Eggert Eggertsson bóndi í Vatnahverfi og Halldóra Runólfsdóttir.

Ingibjörg var bóndi í Vatnahverfi.

Guðbjörg systir hennar var í skólanum á sama tíma og Guðrún systir hennar, 1889–1889.

Heimildir: Líkræður Þorsteins B. Gíslasonar, *Ættir Austur-Húnavetninga*.

Ingibjörg Sigríður Frímannsdóttir 1896–1898.

Hvammur í Langadal.

F. 13. apríl 1871, d. 22. maí 1953.

Foreldrar: Guðmundur Frímann Björnsson, f. 21. október 1847, d. 26. ágúst 1935, bóndi í Hvammi í Langadal og Sólveig Jónsdóttir, f. 18. mars 1836, d. 19. maí 1894.

Ingibjörg var á kvennaskólanum í tvo vetur og var einnig við saumanám í Reykjavík. Hún nam ljósmóðurfræði árið 1900 og var skipuð ljósmóðir í Bólstaðarhlíðarumdæmi árið 1900 en frá árinu 1904 var hún starfandi ljósmóðir í Skagafirði til starfsloka 1936. Hún starfaði mjög að líknarmálum og lét bindindismál til sín taka. Hún hélt heimili á Sauðárkróki

síðustu æviár sín með systkinum sínum, Guðnýju og Birni.

Heimildir: *Ljósmaðratal, Saga Sauðárkróks.*

Ingibjörg Guðmundsdóttir 1886–1888.

Ás í Hegranesi.

F. 5. mars 1867 á Brekku í Víðimýrarsókn í Skagafirði, d. 1. maí 1916 í Steinnesi í Þingi.

Foreldrar: Guðmundur Sölvason, f. 1834, d. 1876, bóndi á Reykjaströnd og Margrét Björnsdóttir, f. 1834, d. 1863.

Ingibjörg Guðmundsdóttir ólst upp í Ási í Hegranesi hjá Ólafi Sigurðssyni og Sigurlaugu Gunnarsdóttir, frænku sinni.

Maki: Bjarni Pálsson, f. 20. janúar 1859, d. 3. júní 1922, prestur.

Börn: Guðrún Margrét f. 1889, Páll f. 1890, Ólafur f. 1891, Jón f. 1892, Ingibjörg f. 1894, Guðmundur f. 1896, Hálf dán f. 1898, Gísli f. 1900, Gunnar f. 1901, Björn f. 1905 og Steinunn f. 1910.

Bjuggu í Steinnesi.

Heimildir: *Steinnesætt, Föðurtún.*

Ingibjörg Guðmundsdóttir 1894–1895.

Skíðastaðir í Laxárdal.

F. 8. maí 1876, d. 23. júlí 1906.

Foreldrar: Guðmundur Sölvason, d. 1876, bóndi á Skarði og Ingibjörg Gunnarsdóttir, f. 1841, d. 1880.

Ingibjörg var alin upp hjá Þórunni móðursystur sinni á

Skíðastöðum og manni hennar, Hirti Hjálmarssyni, sem gengu henni í foreldrastað.

Maki: Stefán Þ. Björnsson, f. 3. september 1880, d. 5. nóvember 1914, bóndi og kennari.

Margrét systir hennar var í skólanum 1889–1890 og Lundfríður, hálsystir hennar, 1895–1896.

Bjuggu á Sjávarborg.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár.*

Ingibjörg Hóseasdóttir 1890–1891.

Höskuldsstaðir í Breiðdal.

F. 23. nóvember 1867, d. 25. febrúar 1958.

Foreldrar: Hóseas Björnsson, f. 10. desember 1842, d. 6. okt. 1917, bóndi í Jörvík í Breiðdal, seinna á Höskuldsstöðum í Breiðdal og Guðbjörg Gísladóttir, f. 28. desember 1842, d. 9. janúar 1911. Þau fluttu öll til Vesturheims árið 1903.

„Annáluð hannyrdakona“, segir í Heimskringlu 9. apríl 1958.

Heimildir: *Óðinn XV, Íslenskar æviskrár, Tímarit Þjóðræknifélagsins.*

Ingibjörg Jensdóttir 1889–1890.

Spákonufell á Skagaströnd.

F. 12. janúar 1870, d. 7. apríl 1936.

Foreldrar: Jens Jósefsson og Steinunn Jónsdóttir.

Bjg á Spákonufelli og síðar í Reykjavík.

Ingibjörg Jóhannesdóttir 1890–1891.

Höskuldsstaðir í Dalasýslu.

F. 28. ágúst 1871, d. 9. júní 1917.

Foreldrar: Jóhannes Stefánsson, f. 4. ágúst 1844, d. 2. júlí 1906 og Helga Arnfinnsdóttir frá Ytra-Lágafelli í Miklaholtshreppi.

Maki: Jóhann Jóhannsson, f. 21. október 1873, d. 27. júlí 1941, bóndi.

Börn: Kristín, Jóhannes, Helga, Jóhann, Benedikt og Ása. Bjuggu á Goddastöðum í Laxárdal í Dölum.

Heimildir: *Dalamenn*.

Ingibjörg Jóhannesdóttir 1892–1893.

Bjarg í Miðfirði.

F. 6. febrúar 1870, d. 9. október 1937.

Foreldrar: Jóhannes Guðmundsson, gullsmiður og bóndi á Auðunarstöðum í Viðidal, og Ólöf Jónsdóttir.

Ingibjörg átti sín æskuár á Bjargi en 22 ára fór hún í Kvennaskólann, þá trúlofuð Karli Á. Sigurgeirssyni. Gert hafði verið ráð fyrir því að þau giftu sig er hún væri laus úr skólanum en Elín Briem, sem þá var forstöðukona, sótti fast að þessi námsmey sín gifti sig þar, áður en hún færi brott úr skólanum. Þar fór giftingin fram, 30. mars 1893, og er þetta líklegast eina giftingin sem fór fram í skólahúsinu á Ytri-Ey. Maki: Karl Ásgeir Sigurgeirsson, f. 1. október 1863, d. 8. ágúst 1958, bóndi.

Börn: Margrét, Vigdís, Jóhannes, Ólöf, Páll og Sigurgeir. Bjuggu á Bjargi í Miðfirði.

Heimildir: *Föðurtún*, *Húsvetningur* 1988, Rætt við Margréti Karlsdóttur.

Ingibjörg Jóhannesdóttir 1895–1896, 1900–1901.

Útíbleiksstaðir á Heggstaðanesi.

F. 15. mars 1875, d. 21. desember 1957.

Foreldrar: Jóhannes Jóhannesson, f. 1848, d. 1922, bóndi á Útíbleiksstöðum og Margrét Björnsdóttir, f. 1850, d. 1908. Ingibjörg var mjög vel gefin og hagamælt. Eftir lát móður sinnar er hún sögð ráðskona hjá föður sínum og eftir lát hans gerðist hún bústýra hjá Hirti Líndal hreppstjóra á Efra-Núpi í Miðfirði en síðar flutti hún til Reykjavíkur og átti þar heima síðustu árin.

Heimildir: *Föðurtún*.

Ingibjörg Jóhannsdóttir 1899–1900.

Lýtingsstaðir í Skagafirði.

F. 7. júní 1886, d. 7. nóvember 1967.

Foreldrar: Jóhann L. Jónsson bóndi á Lýtingsstöðum og Sæunn Dýrleif Árnadóttir.

Lauk námi frá Gagnfræðaskóla Akureyrar 1909. Hún var kennari í Skagafirði frá 1906 til 1938, með hléum.

Maki: Jóhannes Þorsteinsson, d. 1924, kennari og bóndi.

Börn: Dr. Broddi skólastjóri og Jóhann Lárus kennari við MA um skeið og síðar bóndi á Silfrastöðum Skagafirði.

Bjuggu á Lýtingsstöðum.

Guðrún systir hennar var í skólanum 1894–1896.

Heimildir: *Kennaratal*, *Skagfirskar æviskrár*.

Ingibjörg Margrét Jónatansdóttir 1882.

Marðarnúpur í Vatnsdal.

F. 20. apríl 1857, d. 18. janúar 1955 í Lynnwood í Kaliforníu.
Foreldrar: Jónatan Davíðsson, f. 1824, d. 17. mars 1873, bóndi í Hvarfi í Víðidal og Sigurrós Hjálmarsdóttir, f. 13. október 1834, d. 24. desember 1924. Sigurrós missti mann sinn frá stórum barnahópi, heimilið leystist þá upp og mörg systkinanna fóru til Vesturheims, þ. á m. Ingibjörg Margrét. Móðir hennar flutti svo til Vesturheims ásamt sonum sínum árið 1888.

Maki: Guðmundur Eyjólfsen, f. 15. ágúst 1862, d. 20. mars 1955, húsasmiður í Spanish Fork. Hann nefndi sig Jameson. Þau hjón bjuggu í Spanish Fork.

Börn: Jónatan, Ellen, Albert, Walter Rosamund, Ingibjörg Sigurrós og Paul Vídalín.

Heimildir: *Föðurtún*, *Almanak ÓTh.* 1913 og 1925, *Jóelsætt*.

Ingibjörg Jónsdóttir 1880.

F. 1. október 1852.

Foreldrar: Jón Kristjánsson prestur á Breiðabólstað og Guðný Sigurðardóttir.

Maki: Jóhann Einarsson, kennari og bóndi.

Barn: Þorbjörg.

Bjuggu á Víðivöllum í Fnjóskadal og síðar á Akureyri.

Ingibjörg Jónasdóttir 1888–1889.

Höskuldsstaðir á Skagaströnd.

F. 1. ágúst 1868, d. 28. maí 1935.

Foreldrar: Jónas Sigurðsson og Sigurlaug Sölvadóttir.

Bjó á Akureyri.

Ingibjörg Kristmundsdóttir 1883–1884.

Vakursstaðir í Hallárdal.

F. 5. nóvember 1865, d. 18. nóvember 1942.

Foreldrar: Kristmundur Þorbergsson, f. 16. ágúst 1829, d. 16. febrúar 1906, bóndi á Vakursstöðum og Elín Pétursdóttir, f. 24. nóvember 1824, d. 24. maí 1906.

Maki: Erlendur Guðmundsson, f. 6. nóvember 1863, d. 1. júní 1949, frá Mörk í Laxárdal,

Börn: Brynhildur Steinunn, Áróra Kristín Elín og Ragnar Haraldur.

Erlendur og Ingibjörg bjuggu á Sæunnarstöðum í Hallárdal en fluttu til Vesturheims 1898. Þau bjuggu í Gimli eða þar um kring til 1912 en fluttu þá til Lóni Beach þar sem þau byggðu sér heimili sem þau nefndu Birkilund.

Endurminningar Erlendar *Heima og heiman* komu út í Reykjavík 2002.

Heimildir: *Föðurtún*, *Vestur Íslenskar æviskrár*.

Ingibjörg Lárusdóttir 1880.

Holtastaðakot í Langadal.

F. 3. desember 1860, d. 19. júní 1949.

Foreldrar: Lárus Erlendsson bóndi í Holtastaðakoti og Sigríður Hjálmarsdóttir (þ.e. Bólu–Hjálmars) ljósmóðir.

Kaupkona og rithöfundur.

Rit: *Úr djúpi þagnarinnar*, Rvík. 1936. Nokkrar greinar í

„Hlín” og óprentuð handrit.

Maki: Ólafur Ólafsson, f. 25. september 1866, d. 25. júlí 1930, vefari og póstur.

Börn: Sigríður Indíana, Lárus, Árni, Lucinda, Alma, Óskar Runiberg og Jóhanna.
Bjuggu á Blönduósi.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár*.

Ingibjörg Steinvör Ólafsdóttir 1891–1892.

Svínavatn í Svínadal.

F. 27 nóvember 1869, d. 12. febrúar 1954.

Foreldrar: Ólafur Ólafsson, f. 8. apríl 1830, d. 13. maí 1876, bóndi á Guðrúnarstöðum og Guðrún Guðmundsdóttir, f. 14. nóvember 1834, d. 18. mars 1906.

Maki: Jóhannes Helgason bóndi.

Börn: Steingrímur, Guðmundur, Ólafía, Jóhanna, Elín og Steinvör.

Bjuggu á Svínavatni.

Heimildir: *Steinárætt, Föðurtún*.

Ingibjörg Magnúsdóttir 1893–1894.

Hafragil í Skagafirði.

F. 5. ágúst 1871, d. 15. desember 1909 í Alberta (Ingibjörg Grimson).

Foreldrar: Magnús Gunnarsson, f. 1820, d. 1873, bóndi á Sævarlandi í Laxárdal og Sigríður Guðvarðardóttir, f. 1833, d. 1894.

Maki: Sigurður Grímsson.

Fór til Vesturheims.

Heimildir: *Vesturfaraskrá, Skagfirskar æviskrár, Skíðastaðætt*.

Ingibjörg Pálsdóttir 1883–1884.

Hof í Vatnsdal.

F. 29. desember 1863 á Gilá í Vatnsdal.

Foreldrar: Páll Snæbjörnsson, f. 29. október 1820, d. 12. janúar 1909 og Ingiríður Ólafsdóttir, f. 11. nóvember 1827, d. 23. janúar 1870. Þau bjuggu í Vatnsdal í nokkur ár en nokkru eftir að Ingiríður deyr hættir Páll búskap og flytur til Vesturheims 1888 ásamt sex af átta börnum sínum. Þau sem fóru með föður sínum voru: Benedikt f. 1852, Guðmundur f. 1853, Sólveig f. 1856, Kolfinna f. 1859, Jórunn f. 1861 og Guðrún f. 1865. Tvær dætur urðu eftir á Íslandi: Sigurbjörg f. 1856 í Bøðvarshólum og Ingibjörg.

Maki: Guðmundur Árnason f. 1853, bóndi.

Börn: Páll og Snæbjörn.

Bjuggu í Saurbæ á Vatnsnesi og síðar á Hvammstanga (Þorsteinshúsi 1907).

Heimildir: *Föðurtún, Ættarskrá sr. Bjarna Þorsteinssonar, Saga Hvammstanga, Steinárætt*.

Ingibjörg Pétursdóttir 1885–1886.

Álfgeirsvellir í Skagafirði.

F. 15. október 1865, d. 24 apríl 1925.

Foreldrar: Pétur Pálmason, f. 30. ágúst 1819, d. 16. febrúar 1894, bóndi í Valadal og á Álfgeirsvöllum og Jórunn

Hannesdóttir, f. 17. janúar 1829, d. 16. desember 1897.

Eftir námið í Ytri-Eyjarskóla fer Ingibjörg til Reykjavíkur og aflar sér þar meiri menntunar, hún lærir fatasaum o.fl. Hún keypti sér hús á Sauðárkróki um 1903 og setur þar upp saumastofu þar sem hún kennir fatasaum. Hún kenndi einnig orgelleik og komust færri að en vildu.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár; Föðurtún, Saga Sauðárkróks, Húsin í bænum*, „Valadalsætt“, *Þjóðviljinn* 14. mars.1981.

Ingibjörg Pétursdóttir 1893–1894.

Gunnsteinsstaðir í Langadal.

F. 18. janúar 1865, d. 3. september 1959.

Foreldrar: Pétur Frímann Jónsson, f. 15. janúar 1824, d. 1888, bóndi á Geithömrum og síðar á Hólabæ og Guðrún Þorsteinsdóttir, f. 18. október 1818, d. 24. október 1902.

Maki: Björn Björnsson, f. 1. október 1867, d. 24. janúar 1947. Þau giftust 1897 og byrjuðu búskap í Kúluseli en síðan á ýmsum stöðum, m.a. í Holtastaðakoti og á Ysta-Gili í Langadal, þaðan sem þau fluttu til Blönduóss.

Börn: Anna Guðrún og Hafsteinn, verkamaður á Blönduósi.

Heimildir: *Föðurtún, MA stúdentar*; Erla Hafsteinsdóttir frá Gunnsteinsstöðum.

Ingibjörg Sigurðardóttir 1879 og 1881.

Hof í Vatnsdal.

F. 30. mars 1861, d. 4. janúar 1945.

Foreldrar: Sigurður Sigurðsson bóndi á Gilsstöðum og Sigríður Ólafsdóttir.

Maki: Benedikt Björnsson, f. 28. apríl 1859 bóndi.

Börn: Steinunn, Guðný Efemía, Sigurður, Steinvör, Björn og Páll Ágúst.

Bjuggu í Þórukoti í Víðidal.

Heimildir: *Föðurtún, Ættartala Bjarna í Blöndudalshólum um niðja Ólafs á Gilsstöðum*.

Ingibjörg Sigurðardóttir 1891–1892.

Vopnafjörður.

F. 23. september 1870, d. 26. júlí 1892.

Foreldrar: Sigurður Sigurðsson, f. 6. júní 1841, d. 9. mars 1903 á Hólmum í Vopnafirði og Matthildur Sveinsdóttir, f. 4. mars 1832, d. 22. febrúar 1914.

Hildur, systir hennar, var í skólanum 1890–1891.

Ingibjörg Sigurðardóttir 1891–1892, 1893–1895.

Syðri-Ey / Grímsunga.

F. 6. mars 1874, d. 25. október 1970.

Foreldrar: Sigurður Benjamínsson, f. 13. júlí 1831, d. 7. mars 1914, bóndi á Kjalarlandi og Sigríður Björnsdóttir frá Þverá í Hallárdal, f. 11. október 1832, d. 18. mars 1901.

Ingibjörg var í kennaranámi í Reykjavík 1909 (námskeið). Hún kenndi börnum í 11 vetur um og eftir aldamótin. Kennari við Kvennaskólann á Blönduósi 1908–1913. Póstafgreiðslumaður og símsjóri í Búðardal eftir lát manns síns, 1930–1942.

Maki: Bogi Sigurðsson, f. 8 mars 1858, d. 23 júní 1930 kaupmaður í Búðardal. Bogi og Ingibjörg voru systrabörn og var hún seinni kona hans.

Ingibjörg og Bogi eignuðust ekki börn, en fóstursonur þeirra (og dóttursonur Boga) var Bogi Þorsteinsson flugumferðarstjóri.

Guðrún systir hennar var í skólanum 1889–1891.

Heimildir: *Kennaratal, Föðurtún, Líkræður sr. Þorsteins B. Gíslasonar, Dalamenn.*

Ingibjörg Sigurðardóttir 1887–1888.

Stóra-Vatnsskarð í Skagafirði.

F. 26. júní 1854, d. 25. október 1947.

Foreldrar: Sigurður Benediktsson, f. 29. maí 1818, d. 7. mars 1875, bóndi og söðlasmiður á Stóra-Vatnsskarði og Margrét Valgerður Klemensdóttir, f. 26. mars 1829, d. 7. nóvember 1907.

Ingibjörg vann að búi móður sinnar og var ráðskona hjá Benedikt bróður sínum áður en hann kvæntist. Fjölskyldan flutti að Fjalli í Sæmundarhlíð í kringum 1888 og átti þar heima síðan.

Barn: Sigurður Þórðarson, f. 19. júlí 1888, d. 13. ágúst 1967, kaupfélagsstjóri og alþingismaður.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár, Alþingismannatal.*

Ingibjörg Stefánsdóttir 1885–1887.

Efri-Skúfur í Norðurárdal.

F. 27. júlí 1862, d. 12. ágúst 1950.

Foreldrar: Stefán Stefánsson og Sigríður Pétursdóttir.

Maki: Guðmundur Einarsson bóndi.

Börn: Vilborg, Helgi, Jakobína og Elísabet.

Bjuggu í Engihlíð í Langadal.

Heimildir: *Föðurtún.*

Ingibjörg Ragnheiður Sveinsdóttir 1888–1889.

Enni í Refasveit.

F. 12. nóvember 1871, d. 1. október 1927.

Foreldrar: Sveinn Kristófersson og Helga Þorleifsdóttir.

Maki: Jón Helgason, f. 23. maí 1863, d. 20. maí 1940, bóndi.

Börn: Eðvald Janus, Þuríður Nikólína, Ari í Skuld á Blönduósi, Karl, Ragnar, Þorbjörn, Sigurður, Jónína, Þorsteinn og Margrét.

Bjuggu fyrst í Skrapatungu en síðar á Blönduósi (Skuld).

Heimildir: *Húnavaka* 1967, *Jóelsætt, Föðurtún, Ættir Austur-Húnavetninga.*

Ingiríður Jónsdóttir 1888–1889.

Stóridalur í Svínadal.

F. 13. júlí 1865, d. fyrir 1910.

Foreldrar: Jón Pálmason, f. 11. júní 1826, d. 19. október 1886, bóndi í Sólheimum og síðar í Stóradal og Ingibjörg Salóme Þorleifsdóttir, f. 30. ágúst 1826, d. 19. apríl 1909.

Ingiríður Þorsteinsdóttir 1891–1893.

Grund í Svínadal.

F. 3. febrúar 1871, d. 11. júní 1894.

Foreldrar: Þorsteinn Þorsteinsson, f. 4. desember 1842, d. 1.

ágúst 1921, bóndi á Grund og Guðbjörg Sigurðardóttir frá Gröf í Víðidal, f. 1. október 1837, d. 21. maí 1900.

Heimildir: *Húnavaka* 1979, *Föðurtún*.

Ingunn Bergmann 1896–1897.

Þverá í Vesturhópi.

F. 25. september 1871, d. 10. júní 1957.

Foreldrar: Magnús Bergmann, f. 2. febrúar 1839, d. 1. nóvember 1899, bóndi á Síðu í Refasveit, og Sigurlaug Ingibjörg Jónsdóttir, f. 11. október 1833, d. 4. október 1884. Ingunn var í námi í hússtjórnarskóla í Reykjavík og í Kaupmannahöfn. Heimiliskennari í Húnavatnssýslu í nokkra vetur. Kennari við hússtjórnarskóla í Reykjavík frá 1903–1930 og rak matsölu í Iðnó um árabíl.

Heimildir: *Kennaratal*, *Vísir* 14. júní 1957.

Ingunn Daníelsdóttir 1893–1894.

Kolugil í Víðidal.

F. 9. maí 1872, d. 8. júní 1943.

Foreldrar: Daníel Daníelsson f. 15. september 1833, d. 20. október 1900, bóndi á Kolugili og Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, f. 12. nóvember 1846, d. 2. ágúst 1890.

Ingunn tók kennarapróf frá Flensborg 1897 og var kennari í Breiðabólstaðarprestakalli 1897–98 og Akranesi 1898–1900.

Maki: Ásgeir Sigurðsson, f. 24 september 1867, d. 4. ágúst 1934, bóndi á Reykjum í Lundareykjadal.

Börn: Magnús f. 1901, bókavörður og rithöfundur, Leifur f. 1903, prófessor, Björn f. 1906, bóndi á Reykjum, Sigurður f. 1910, garðyrkjumaður á Reykjum og Ingimundur f. 1912, bóndi á Hæli í Flókadal.

Heimildir: *Kennaratal*.

Ingunn Jósafatsdóttir 1882–1883.

Miðhóp.

F. 8. janúar 1864 í Litluhlíð í Víðidal, d. 17. nóvember 1918.

Foreldrar: Jósafat Guðmundsson, f. 1. júlí 1837, d. 28. september 1902, bóndi í Litluhlíð, og Anna Jónsdóttir, f. 20. janúar 1836, d. 10. júní 1892.

Maki: Daníel Guðnason, bóndi.

Barn: Ásgeir Theódór f. 20. júlí 1886, d. 9. mars 1957.

Bjuggu í Sandgerði (í Nýlendu í Stafneshverfi).

Heimildir: *Föðurtún*, Niðjatal Guðmundar í Gafli.

Ingunn Kjartansdóttir 1899–1900.

Ísafjörður.

F. 24. júlí 1873, d. 7. desember 1908.

Foreldrar: Kjartan Jónsson og Halldóra Jónsdóttir í Tannanesi.

Bjó á Ísafirði.

Ingveldur Jónsdóttir 1885–1886.

Hafsteinsstaðir í Skagafirði.

F. 15. september 1866 í Geitagerði í Skagafirði.

Foreldrar: Jón Þórarinnsson og Margrét Jóhannsdóttir.

Flutti til Noregs.

Maki: Martinus Mathiesen Fronæs.

Heimild. *Skagfirskar æviskrár*.

Ingveldur Gísladóttir 1890–1891.

Múli í Breiðdal.

F. 9. júní 1861, d. 18. september 1947.

Foreldrar: Gísli Sigurðsson og Guðríður Ólafsdóttir.

Bjó á Seyðisfirði.

Ingveldur Sæmundsdóttir 1890–1891.

Borgargerði við Djúpavog.

F. 4. júlí 1854, d. 18. september 1907.

Foreldrar: Sæmundur Sigurðsson og Ólöf Ólafsdóttir.

Þær Ingveldur Sæmundsdóttir og Gísladóttir voru báðar til heimilis að Múla árið 1880 og eru líklega bræðra- eða systradætur.

J

(Margrét) Jakobína Bjarnadóttir 1889–1890.

F. 13. október 1866, d. 17. febrúar 1892.

Foreldrar: Bjarni Guðmundsson og Sigurlaug Sigurðardóttir.

(Anna) Jakobína Eiríksdóttir 1881.

Óspaksstaðir í Hrútafirði.

F. 19. ágúst 1856 á Haugi í Núpsdal, Miðfirði d. 1. ágúst 1948 á Skriðnesenni.

Foreldrar: Eiríkur Eiríksson og Anna Þorleifsdóttir á Óspaksstöðum.

Anna Jakobína ólst upp á Þóróddsstöðum í Hrútafirði en fluttist um 1884 að Árnesi til prestshjónanna, sr. Eyjólfssonar og Elínar Elísabetar Björnsdóttur. Frá Árnesi flutti hún að Dröngum þar sem hún kynntist manni sínum.

Maki: Guðmundur Pétursson.

Börn: Steinunn ljósmóðir, Anna, Finnbogi og Eiríkur.

Bjuggu á Dröngum.

Heimildir: *Ljósmæðratal*, Hlín 1952, *Strandamenn*.

Jakobína Þorsteinsdóttir 1897–1898.

Grund í Svínadal.

F. 3. maí 1876, d. 3. maí 1948.

Foreldrar: Þorsteinn Þorsteinsson, f. 4. desember 1842, d.

1. ágúst 1921, bóndi á Grund og Guðbjörg Sigurðardóttir, d. 21. maí 1900.

Maki: Jakob Guðmundsson frá Holti í Svínadal, d. 1915. Þau hjón voru bræðrabörn.

Bjuggu í Hnausum þar til Jakob lést en Jakobína var síðar saumakona í Reykjavík.

Heimildir: *Föðurtún, Húnavaka* 1979.

Jensína Guðmundsdóttir 1895–1896.

Ófeigsfjörður í Strandasýslu.

F. 25. nóvember 1875, d. 4. ágúst 1957.

Foreldrar: Guðmundur Pétursson bóndi í Ófeigsfirði og Elísabet Þorkelsdóttir.

Maki: Sigurgeir Ásgeirsson, f. 18. desember 1871, d. 5. október 1936, bóndi.

Fóstursonur þeirra var Þorkell Guðmundsson á Óspaksstöðum.

Bjuggu á Óspaksstöðum.

Heimildir: *Strandamenn*.

Jensína Jensdóttir 1890–1891.

Spákonufell á Skagaströnd.

F. 25. ágúst 1871, d. 19. nóvember 1964 í Reykjavík.

Foreldrar: Jens Jósefsson, f. 19. ágúst 1848, d. 15. febrúar 1910, bóndi á Spákonufelli, og Steinunn Jónsdóttir frá Háagerði Skagaströnd, f. 30. júní 1838, d. 2. september 1909.

Maki: Benedikt Frímann Magnússon, f. 24. júní 1873, d. 18. desember 1955. Búfræðingur frá Ólafsdal 1900, kennari og bóndi.

Barn: Jens Steindór, f. 13. ágúst 1910 á Spákonufelli, d. 1. desember 1946, prestur og blaðamaður.

Bjuggu á Skagaströnd og síðar í Reykjavík.

Heimildir: *Nemendatal Ólafsdalsskóla*, Íslendingaþættir, *Tíminn* 20. janúar 1956, *Guðfræðingatal*.

Jóhanna Björnsdóttir 1888–1889.

Marðarnúpur í Vatnsdal.

F. 9. desember 1868 í Gröf í Viðidal, d. 27. apríl 1966 í Viðidalstungu.

Foreldrar: Björn Leví Guðmundsson, f. 13. febrúar 1834, d. 23. september 1927, bóndi á Marðarnúpi, og Þorbjörg Helgadóttir ljósmóðir, f. 6. nóvember 1839, d. 28. apríl 1929.

Maki: Teitur Teitsson, f. 19. júlí 1855, d. 18. júlí 1923, bóndi.

Börn: Ragnheiður, Aðalsteinn skólastjóri, Þorbjörn bóndi á Sporði, Anna á Bakka, Óskar bóndi í Viðidalstungu, Jóhann bóndi á Refsteinsstöðum, Eggert Þórarinn, Guðrún, Þorvaldur, Ingunn og Elísabet.

Bjuggu í Viðidalstungu.

Heimildir: *Ljósmæðratal, Húnavaka* 1967.

Jóhanna Katrín Kristjana Briem 1884–1885.

Reynistaður í Skagafirði.

F. 2. febrúar 1872, d. 4. desember 1962.

Foreldrar: Eggert Briem sýslumaður og Ingibjörg Eiríksdóttir.

Maki: Einar Pálsson, f. 24. júlí 1868, d. 28. janúar 1951, prestur síðast í Reykholti.

Börn: Eggert Ólafur, Pála Ingibjörg, Gunnlaugur, Hróðný Svanbjörg, Kristín Valgerður, Páll Björn og Vilhjálmur Einar.

Heimildir: *Guðfræðingatal, Briemsætt.*

Jóhanna Eiríksdóttir 1899–1900.

Hrepphólar í Árnessýslu.

F. 20. apríl 1876, d. 22. desember 1959.

Foreldrar: Eiríkur Jónsson og Elín Árnadóttir.

Tók kennarapróf 1909 og kenndi á Vestfjörðum og víðar 1904–1919 en hélt smábarnaskóla í Reykjavík 1920–1939. Bjó í Reykjavík.

Heimildir: *Kennaratal.*

Jóhanna Guðrún Gísladóttir 1895–1896.

Holtsmúli í Skagafirði.

F. 6. september 1869, d. 24. apríl 1948.

Foreldrar: Gísli Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir.

Maki: Jón Þorsteinsson.

Börn: Ragnar Gísli og Ingvar.

Bjuggu í Fagranesi á Reykjaströnd og síðar á Sauðárkróki. Systir hennar, Sigurlaug, var í skólanum á sama tíma.

Jóhanna Guðmundsdóttir 1889–1890.

Nes í Aðaldal.

F. 1869, d. 2. desember 1898.

Jóhanna Guðmundsdóttir 1890–1891.

Skálholtsvík í Hrítafirði.

F. 23. ágúst 1867, d. 21. maí 1951.

Foreldrar: Guðmundur Guðbrandsson og ?

Maki: Bjarni Guðmundsson.

Börn: Elísabet Ragnhildur, Helga Soffía, Elías, Höskuldur, Skúli og Sigurður.

Bjuggu á Klúku í Bjarnafirði.

Jóhanna Guðmundsdóttir 1892–1893.

Fremstagil í Langadal.

F. 11. september 1868, d. 21. júlí 1960.

Foreldrar: Guðmundur Eggertsson og Jórunn Jónsdóttir í Kvíarholti.

Maki: Guðsteinn Einarsson.

Börn: Guðmundur, Fanney og Jenný.

Bjuggu í Bolungarvík.

Jóhanna Sigríður Gunnlaugsdóttir 1900–1901.

Einarsnes í Borgafirði.

F. 2. febrúar 1880, d. nóvember 1949.

Foreldrar: Gunnlaugur Einarsson og Jónasína Sigurðardóttir.

Maki: Þorsteinn Ólafsson.

Barn: Sigríður.
Bjuggu í Borgarnesi.

Jóhanna Hjálmarsdóttir 1889–1890, 1894–1895.

Fjall á Skaga.

F. 1. júní 1874, d. 29. apríl 1905.

Foreldrar: Arnfríður Benjamínsdóttir, Guðmundssonar bónda á Refsstöðum á Laxárdal og Hjálmar Bergmann Jónsson, Jónssonar (stúdents) síðast prestur á Stað á Reykjanesi.

Hjálmar var 17 ára (f. 11. maí 1857) heima í Þverárdal hjá móður sinni Helgu Jónsdóttur og stjúpa, Pálma Hjálmarssyni, þegar Jóhanna fæðist. Hjálmar fluttist ungur vestur um haf, varð efnamaður, og rak málmbæðslu í Chicago. Arnfríður Benjamínsdóttir var alla ævi fátæk vinnukona sem ekki gat haft barnið sitt hjá sér. Síðast var hún í vist hjá séra Ísleifi Einarssyni í Hvammi í Laxárdal. Snemma vetrar 1878 fékk hún leyfi til að finna Ingibjörgu systur sína á Neðra-Skúfi í Norðurárdal. Hún lagði upp gangandi í sæmilegu veðri og færð en hreppti hrið á Þverárfjalli og varð þar úti, hafði þó lítt farið afvega.

Fósturforeldrar Jóhönnu voru þau Ögmundur Jónsson og Jóhanna Magnúsdóttir á Brandaskarði í Vindhælishreppi. Þau létu ekkert á skorta að hún fengi sem best uppeldi. Hún var falleg og gáfuð stúlka með ljúfa lund. Fósturforeldrar kostuðu hana á kvennaskólann og seinna var hún send að Eyvindarstöðum í Blöndudal til að nema orgelleik. Jóhanna fluttist til Ísafjarðar þar sem hún giftist efnismanni, Eiríki Brynjólfi Finnssyni. Jóhanna dó af barnsförum eftir fárra ára hjónaband.

Heimildir: *Ævisaga sr. Jóns Auðuns, Líf og lífsviðhorf, Búsæld og barningur*, „Sigurður stóri” eftir Magnús Björnsson, *Skaginn og Skagaheiði, Föðurtún*.

(Guðrún) Jóhanna Jóhannesdóttir 1891–1893.

Vopnafjörður.

F. 17. ágúst 1868, d. 12. janúar 1949.

Foreldrar: Jóhannes Magnússon og Ólöf Benediksdóttir.

Maki: Jón Jónsson.

Bjuggu á Hróaldsstöðum og síðar í Vatnsdalsgerði í Vopnafirði.

Jóhanna Jónsdóttir 1884–1885.

Veðramót í Skagafirði.

F. 30. október 1866, d. 6 júlí 1931.

Foreldrar: Jón Jónsson bóndi í Merkigarði í Tungusveit og Ingigerður Pétursdóttir.

Maki: Daníval Kristjánsson, f. 15. febrúar 1842, d. 25. ágúst 1925, bóndi.

Börn: Solveig, Daníval, Ingigerður, Brynjólfur, Sigurjón, Kristín, Halldóra og Ingibjörg Salóme en auk þess átti Daníval tvær dætur af fyrra hjónabandi.

Bjuggu á Litla-Vatnsskarði.

Heimildir: *Föðurtún, Skagfirskar æviskrár*.

Jóhanna Andrésdóttir Kjerúlf 1886–1887.

Hafursá á Skaga.

F. 22. febrúar 1861, d. 3. júlí 1944.

Foreldrar: Andrés Kjerúlf, f. 1821, d. 1892 bóndi á Melum í Fljótsdal og Anna Jónsdóttir d. 1884.

Jóhanna giftist ekki en bjó með Eiríki Guðmundssyni bónda á Brú á Jökuldal frá árinu 1899. Hún flutti með honum að Firði í Lóni og síðar að Skildinganesi.

Börn: Þórhildur f. 11. ágúst 1896, d. 10. febrúar 1960. Faðir hennar var Sigurðar Einarssonar bóndi á Hafursá á Skaga. Þær eru systur Jóhanna og Guðrún Kjerúlf, báðar ættaðar frá Melum í Fljótsdal. Er Jóhanna sækir um skólavist á Ytri-Ey þá er hún til heimilis á Hafursá.

Heimildir: Arndís Þorvaldsdóttir á Hérðasskjalasafni Austfirðinga Egilsstöðum.

Jóhanna Stefánsdóttir 1899–1900.

Höfðabrekka í Mýrdal.

F. 11. júlí 1872, d. 23. ágúst 1919.

Foreldrar: Stefán Árnason og Ragnhildur Sveinsdóttir.

Tók ljósmóðurpróf 1903 og var ljósmóðir í sinni heimasveit 1904–1915.

Maki: Höskuldur Gíslason.

Börn: Guðrún Ólína, Stefán Ragnar og Hlífur Pétur.

Bjuggu á Krossi en síðar á Norðfirði.

Heimildir: *Ljósmæðratal*.

Jóhanna Hólmfríður Þórarinsdóttir 1886–1887.

Hjallaland í Vatnsdal.

F. 29. júlí 1870.

Foreldrar: Þórarinn Þorleifsson bóndi á Refsteinsstöðum og

Rósa Jóhannesdóttir.

Jóhanna flutti til Vesturheims með föður sínum 1889.

Heimildir: *Húnavaka* 1961–62, Minningarorð sr. Þorsteins B. Gíslasonar Steinnesi, *Föðurtún*.

Jónína Sigríður Árnadóttir 1880.

F. 23. janúar 1863, d. 18. febrúar 1943.

Foreldrar: Árni Snorrason og Hólmfríður Jónsdóttir.

Maki: Zophonías Hjálmarsson.

Barn: Hólmfríður.

Bjuggu á Blönduósi.

Jónína Salný Einarisdóttir 1892–1894.

Kollustaðagerði á Völlum.

F. 4. maí 1877, d. 14. september 1917.

Foreldrar: Einar ? og Jóhanna Jónsdóttir.

Maki: Stefán Þórarinnsson, f. 6 september 1871, d. 17. janúar 1951, bóndi.

Börn: Níu börn, þ.á m. Stefán f. 17. maí 1904, d. 11. september 2002.

Bjuggu á Mýrum í Skriðdal.

Heimildir: *Sögur landpóstanna*, *Morgunblaðið* 20. september 2002 (Minningargrein Þórarinn Stefánsson).

Jónína Jóhannsdóttir 1895–1896.

Gautsstaðir á Svalbarðsströnd.

F. 1871, d. 1921.

Foreldrar: Jóhann Bergvinsson, bóndi á Gautsstöðum, og Elín Sesselja Jónsdóttir.

Maki: Hannes Jónsson, f. 1873, d. 1957, bóndi og fræðimaður.

Börn: Heiður f. 1898, Snorri f. 1901 bóndi, Elín Jóhanna f. 1904, Gauti f. 1909 kennari, Sigríður f. 1911 og tveir synir sem dóu ungir.

Bjuggu í Hleiðargarði í Eyjafirði.

Heimildir: *Morgunblaðið* 19. ágúst 1987 (Minningargrein Sigríður Hannesdóttir).

Jónína Jónsdóttir 1896–1897.

Foss í Árnessýslu.

F. 23. maí 1875, d. 20. júlí 1923.

Foreldrar: Jón Þorsteinsson og Anna Guðmundsdóttir.

Maki: Einar Vigfússon.

Barn: Anna.

Bjuggu fyrst á Stokkseyri (Götuhaus) og síðar í Reykjavík.

Jónína Tómasdóttir 1893–1894.

Barð í Fljótum.

F. 31. desember 1875, d. 5. desember 1967 í Reykjavík.

Foreldrar: Tómas Bjarnarson, f. 24. nóvember 1841, d. 4. apríl 1929, prestur, og Ingibjörg Jafetsdóttir, f. 7. maí 1844, d. 25. maí 1918.

Maki: Kjartan Jónsson, f. 6. júní 1871, d. 27. október 1927, húsasmiður.

Bjuggu á Siglufirði.

Heimildir: *Guðfræðingatal*.

Jórunn Pálsdóttir 1883.

Hof í Vatnsdal.

F. 29. desember 1861 á Gilá, d. 7. janúar 1915 í Vesturheimi

Foreldrar: Páll Snæbjörnsson, f. 29. október 1820, d. 12. janúar 1909 og Ingiríður Ólafsdóttir, f. 11. nóvember 1827, d. 23. janúar 1870.

Maki: Jakob Einarsson, f. 16. nóvember 1865, d. 29. des 1933, frá Máskoti í Reykjadal.

Börn: Bjarni, Guðrún, Páll, Einar, Jakobína, Aldís Anna, Gíslína Elín, Pálína Kristín og Friða Kolfinna.

Fluttu til Vesturheims.

Heimildir: *Vestur íslenskar æviskrár*, *Almanak ÓTh.* 1900, Ættartala sr. Bjarna Þorsteinssonar, *Eiðstaðaætt*, *Steinárætt*, *Föðurtún*, „Litast um í Svínavatnshreppi.“

Jósefína Antonía Lárusdóttir Blöndal 1895–1896.

Kornsá í Vatnsdal.

F. 25. apríl 1878, d. 22. desember 1944.

Foreldrar: Lárus Blöndal, f. 1836, d. 1894, sýslumaður og Kristín Ásgeirsdóttir f. 1838, d. 1919.

Maki: Jóhannes Jóhannesson, f. 1866, d. 1950, sýslumaður og síðar bæjarfógeti.

Börn: Lárus f. 1898, Anna f. 1900 og Elín f. 1909.

Bjuggu á Seyðisfirði.

Heimildir: *Blöndalsætt*.

Jósefína Elín Magnúsdóttir 1885–1886.

Hnausar í Þingi.

F. 16. ágúst 1872 á Gilsstöðum í Vatnsdal, d. 3. júní 1954.
Foreldrar: Magnús Bjarni Steindórsson, f. 2. maí 1841, d. 21. mars 1915, bóndi, og Guðrún Jasonardóttir, f. 5. nóvember 1864, d. 7. maí 1919.

Eftir námið á Ytri-Ey er hún í Reykjavík hjá Helga Hálfðanarsyni rektor og stundar nám. Hún þótti góður og glæsilegur kvenkostur og 23 ára giftist hún jafnaldra sínum, Kristjáni Blöndal, sýslumannssyninum frá Kornsa.

Maki: Kristján Júlíus Lárusson Blöndal, f. 2. júlí 1872 d. 21. nóvember 1941. Hann lauk námi frá Möðruvallaskóla 1891 og gerðist síðan bóndi á Gilsstöðum í Vatnsdal frá 1895.

Börn: Lárus Þórarinn, Guðrún, Emilía, Kristín, Magnús, Laufey, Hjörleifur Björgvin, Ásgeir og Hulda Steinunn.

Fósturdóttir: Ragna Þorbjörnsdóttir, f. 10. september 1925.
Bjuggu á Gilsstöðum í Vatnsdal.

Heimildir: *Blöndalsætt, Föðurtún, Minningargrein sr. Þorsteins B. Gíslason.*

Judit Þorsteinsdóttir 1893–1894.

Sæból í Aðalvík.

F. 26. ágúst 1866, d. 1898.

Foreldrar: Þorsteinn Bjarnason og María Jónsdóttir.

Maki: Bárður Kristján Guðmundsson frá Sléttu.

Barn: Klemens Kristján Kristjánsson f. 1895, d. 1977, tilraunastjóri.

Bjuggu í Þverdal og Kjaransvík á Hornströndum.

K

Ketilríður Einarsdóttir 1891–1892.

Tannstaðabakki í Hrútafirði.

F. 1. nóvember 1869, d. 20. júní 1962.

Foreldrar: Einar Skúlason gullsmiður og bóndi á Tannstaðabakka í Hrútafirði og Guðrún Jónsdóttir frá Búðum á Snæfellsnesi.

Maki: Ásgeir Ingimundarson, f. 6. september 1881, d. 4. janúar 1948.

Ketilríður og Ásgeir skildu, hann flutti til Vesturheims en hún varð eftir á Hvammstanga og hélt heimili með börnum sínum. Hún stofnaði brauðgerðarhús og rak greiðasölu í svokölluðu Þorsteinshúsi á Hvammstanga um árabil.

Börn: Þorsteinn f. 1902, Fanný f. 1904 og Hrefna f. 1906.

Heimildir: *Föðurtún, Nemendatal Ólafsdalsskóla, Saga Hvammstanga.*

Kristbjörg Guðný Sigurgeirsdóttir 1896–1897.

Fjósatunga í Fnjóskadal.

F. 18. apríl 1872, d. 18. janúar 1932.

Foreldrar: Sigurgeir Guðmundsson og Elísabet Guðnadóttir.

Maki: Pjetur Arason.

Börn: Elísabeth, Kristbjörg og Guðrún Heckla.

Flutti til Vesturheims.

Kristín Björnsdóttir 1883–1884.

Merkigil í Skagafirði.

F. 13. desember 1866, d. 5. maí 1927

Foreldrar: Björn Tómasson og Guðbjörg Sigurðardóttir í Hjaltastaðahvammi.

Maki 1: Árni Björnsson.

Barn: Haraldur.

Maki 2: Björn Símonarson gullsmiður (f. 1857, d. 1914).

Börn: Árni Björn og Björn.

Bjuggu á Sauðárkróki og síðar í Reykjavík.

Kristín Friðlaugsdóttir 1895–1896.

Syðra-Fjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

F. 16. júlí 1875, d. 28. mars 1955.

Foreldrar: Friðlaugur Jónsson, f. 1840, bóndi á Hafralæk og Sigurlaug Jósefsdóttir, f. 1846.

Maki: Indriði Þorkelsson, f. 20. október 1869, d. 7. janúar 1943, bóndi, skáld og ættfræðingur.

Börn: Ketill, Þrándur, Ólöf, Högni, Úlfur, Hólmfríður, Indriði, Solveig og Óttar.

Bjuggu á Ytra-Fjalli.

Kristín Guðmundsdóttir 1887–1888.

Reynistaður í Skagafirði.

F. 30. janúar 1862, d. 8. febrúar 1955.

Foreldrar: Guðmundur Böðvarsson og Þuríður Sigurðardóttir.

Maki: Magnús H. Gíslason.

Börn: María Sigríður og Gísli.

Bjuggu á Frostastöðum.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Kristín Guðmundsdóttir 1889–1890.

Dagverðarnes í Dalasýslu.

F. 19. júlí 1868, d. 7. maí 1937.

Tökubarn, systurdóttir Guðrúnar Guðmundsdóttur á Fellsenda, í manntali 1870.

Var ráðskona/vinnukona á nokkrum bæjum í Dalasýslu og Mýrasýslu, t.d. Oddsstöðum og Síðumúlaveggjum, en *Íslendingabók* segir: Húsfreyja á Melum í Miðdölum.

Kristín Sigríður Guðmundsdóttir 1896–1898.

Purkey.

F. 10. desember 1879 í Purkey á Breiðafirði.

Foreldrar: Guðmundur Tómasson, f. 1852, d. 1902, lausamaður í Miðfirði og Margrét Gísladóttir f. 1845, d. 1930, dóttir Gísla bónda í Tjarnarkoti.

Kristín var í Kvennaskólanum í Reykjavík 1894–1895 og á Ytri-Ey 1896–1898.

Hún var heimiliskennari við Breiðafjörð 1895–1896, kennari við Ytri-Eyjarskóla 1899–1900 og síðar kennari við Breiðafjörð til 1903.

Maki: Eggert Eggertsson, f. 1879, d. 1957, bóndi og kennari.

Börn: Unnur, Guðmundur, Sigríður, Gunnar, Þuríður og Margrét.

Bjuggu í Bíldsey til ársins 1928 en fluttu þá til Reykjavíkur.

Heimildir: *Kennaratal*.

Kristín Jóhannesdóttir 1884–1885.

Ásar á Bakásum.

F. 8. janúar 1857, d. 30. janúar 1946.

Foreldrar: Kristín Ebenesardóttir og Jóhannes ?

Skáldkona.

Maki: Daníel Jónsson.

Börn: Ragnheiður, Herdís, Kristján og Benjamin Franklin.

Fór til Vesturheims 1889.

Kristín Jóhanna Jónsdóttir 1895–1896.

Litlidalur í Svínadal.

F. 6. september 1874, d. 15. desember 1945.

Foreldrar: Jón Þórðarson prestur á Auðkúlu og Sigríður Eiríksdóttir.

Maki: Richard Torfason, f. 16. maí 1866, d. 3. september 1935, prestur á Hrafnseyri og síðar bankaritari í Reykjavík. Þau skildu.

Kristín var kennari á Ytri-Ey 1895–1901 og forstöðukona 1898–1901. Hún hélt smábarnaskóla í Reykjavík um árabíl. Bjó í Reykjavík.

Heimildir: *Guðfræðingatal*, *Kennaratal*.

Kristín Jónsdóttir 1895–1896.

Pálssel í Dalasýslu.

F. 13. maí 1877, d. 23. nóvember 1952.

Foreldrar: Jón Bjarnason og Svanborg Signý Þorkelsdóttir.

Maki: Skúli Eyjólfsson.

Börn: Þuríður, Jón og Skúli.

Bjuggu á Gillastöðum í Laxárdal.

Heimildir: *Dalamenn*.

Kristín Guðmundína Indriðadóttir 1889–1890.

Ytri-Ey á Skagaströnd.

F. 21. febrúar 1873, d. 2. maí 1941.

Foreldrar: Indriði Jónsson f. 1830, bóndi á Ytri-Ey og ?

Maki: Brynjólfur Lýðsson, f. 3. nóvember 1875, d. 27. apríl 1970, bóndi.

Börn: Indriði, Guðbjörg, Ragnheiður, Magnús og Jóhann.

Bjuggu á Ytri-Ey á Skagaströnd.

Heimildir: *Hlín* 1967.

(Guðbjörg) Kristín Ólafsdóttir 1896–1897.

Ystagil í Langadal.

F. 1876.

Foreldrar: Ólafur Ólafsson, bóndi á Njálssstöðum á Skagaströnd, og bústýra hans, Guðbjörg Klemensdóttir, f. 1835 á Vöglum í Blönduhlíð, d. 1891 á Njálssstöðum á Skagaströnd. Hún var ekkja eftir Jón Gunnarsson, bónda á Syðstu-Grund í Blönduhlíð.

Guðbjörg Kristín ólst upp hjá foreldrum sínum á Njálstöðum til 1891, var í vistum á ýmsum heimilum, s.s. á Ytra-Hóli hjá Jóni hálfbróður sínum, Neðri-Mýrum, Sæunnarstöðum, og hjá Gunnari hálfbróður sínum á Ystagili 1895–1896. Fór þá í kvennaskólann og fluttist síðar til Vesturheims.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár, Verkfræðingatal.*

Kristín Sigurðardóttir 1893–1896.

Gröf í Viðidal.

F. 28. október 1867, d. 11. nóvember 1904.

Foreldrar: Sigurður Bárðarson, f. 5. apríl 1834, d. 5. mars 1901, bóndi á Litlu-Ásgeirsá og í Gröf og Guðrún Jónsdóttir f. 26. október 1829, d. 26. apríl 1906.

Kristín var nemandi á Kvennaskólanum 1893–1896, aðstoðarkennari þar jafnframt námi 1895–1896 og kennari í Þingeyraklaustursprestakalli 1896–1900. Hún var þá til heimilis hjá bróður sínum Sigurði bónda á Húnsstöðum og þar deyr hún.

Heimildir: *Kennaratal, Föðurtín.*

Kristín Símonardóttir 1898–1899.

Ásgeirsá í Viðidal.

F. 5. júní 1878, d. 3. september 1944.

Maki: Sigmundur Sveinsson.

Þau hjón áttu amk. átta börn, þ.á m. Sesselju í Sólheimum.

Bjuggu á Brúsastöðum í Þingvallasveit og síðar í Reykjavík.

Kristín Stephensen 1891–1893.

Mosfell í Árnessýslu.

F. 1. janúar 1874 á Ólafsvöllum, d. 30. október 1910.

Foreldrar: Stefán Stephensen prestur og Sigríður Gísladóttir.

Maki: Ingvar Grímsson, f. 21 ágúst 1867, d. 28. janúar 1940, bóndi.

Bjuggu í Laugardalshólum.

Heimildir: *Guðfræðingatal.*

Kristín Sumarliðadóttir 1895–1897.

Ásláksstaðir í Eyjafirði.

F. 4. október 1875.

Fór til Vesturheims 1903.

Kristín Tómasdóttir 1894–1895.

Skagaströnd.

F. 4. maí 1870, d. 5. mars 1949.

Fór til Vesturheims.

(Guðleif) Kristín Þorsteinsdóttir 1890–1891.

Djúpidalur í Skagafirði.

F. 16. október 1871, d. 31. janúar 1958.

Tökubarn, skyldmenni bústýru, Guðleifar Jóhannsdóttur, á Brekku 1880.

Maki: Hjálmar Þorláksson.

Börn: Steinunn og Snjólaug Margrét.
Bjuggu á Þorljótsstöðum í Vesturdal í Skagafirði.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Kristín Þorsteinsdóttir 1898–1899.

Bíldudalur.

F. 4. ágúst 1870, d. 14. mars 1929.
Foreldrar: Þorsteinn Þorsteinsson og ?
Maki: Sveinbjörn Sveinsson.
Bjuggu á Þingeyri.

Kristín Þorvarðardóttir 1882.

Hof í Vatnsdal.

F. 5. febrúar 1857 í Nýpukoti í Viðidal, d. 24. júlí 1949 á Flateyri.
Foreldrar: Þorvarður Gestsson, f. 24. apríl 1827, bóndi í Nýpukoti og Sigurlaug Guðmundsdóttir, f. 15. nóvember 1827, d. 27. júlí 1866.
Maki: Benedikt Sigfússon, f. 16. október 1859, d. 18. febrúar 1932, bóndi og kennari.
Börn: Sigríður Oddný f. 12. ágúst 1888 og Kristjana Ólafía f. 13. júní 1890.
Bjuggu á Bakka í Vatnsdal.

Heimildir: *Kennaratal, Blöndalsætt, Reykjahlíðarætt*.

Kristjana Guðbjörg Kristjánsdóttir 1891–1892.

Þorbergsstaðir í Dalasýslu.

F. 10. september 1874, d. 17. febrúar 1968.

Foreldrar: Kristján Guðbrandsson, f. 8. febrúar 1824, d. 1. ágúst 1874, bóndi á Gunnarsstöðum og Guðbjörg Hákonardóttir, d. 26. október 1903.

Maki: Vigfús Jónsson Hjaltalín, f. 4. október 1862, d. 1952, bóndi.

Börn: Jón Bergur f. 1895, Guðbjörg Kristín f. 1896, Hildur Halldóra f. 1898, Lára Málfríður f. 1900, Jósefína Lilja f. 1903, Vilhjálmur Óskar f. 1905, Eygló f. 1909 og Laufey f. 1915.

Bjuggu í Brokey á Breiðafirði.

Heimildir: *Dalamenn, Óðinn 1906–1909, Íslenskar æviskrár*.

Kristjana Pálsdóttir 1898–1899.

Austaraland í Öxarfirði.

F. 19. janúar 1881, d. 26. apríl 1952.


Foreldrar: Páll Jóhannesson bóndi á Austaralandi.

Maki: Sigurður Kristjánsson f. 22. júní 1881, d. 4. júní 1959 bóndi. Sigurður var búfræðingur frá Hólum 1904. Ferjumaður á Jökulsá á Fjöllum og veðurathugunarmaður í 52 ár. Sigurður og Kristjana höfðu á hendi greiðasölu og gistingu fyrir vegfarendur og heimilið var víðkunnugt fyrir rausn og myndarbrag.

Börn: Kristján Páll á Grímsstöðum, Benedikt í Grímsungu á Fjöllum og Unnur.

Bjuggu á Grímsstöðum á Fjöllum.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár*.



Kristjana Sigurðardóttir 1888–1889.

Kjalarland á Skagaströnd.

F. 4. mars 1872, d. 18. nóvember 1958.

Foreldrar: Sigurður Jónsson bóndi á Kjalarlandi og Sigríður Guðmundsdóttir.

Maki: Tryggvi Pálsson bóndi og kennari.

Börn: Sigríður Ingibjörg, Guðmundur, Sigurður Páll, Ólafur, Kristján, Tryggvi, Aðalheiður og Snorri Geir.

Bjuggu í Gufudal og síðar á Kirkjubóli í Skutulsfirði.

Systur hennar voru einnig í skólanum, Ósk 1883–1885, Svanlaug 1887–1888 og Guðrún 1891–1892. Þær voru systur Frímanns barnakennara.

Heimildir. *Mannaferðir og fornar slóðir; Kennaratal, Íslenskir samtíðarmenn.*

Lilja Davíðsdóttir 1891–1892.

Kötlustaðir í Vatnsdal.

F. 25. nóvember 1864 í Eyvindarstaðagerði (Austurhlíð) í Blöndudal.

Foreldrar: Davíð Davíðsson, f. 6. ágúst 1823, d. 23. janúar 1921, bóndi á Gilá og Þuríður Gísladóttir, f. 27. desember 1835, d. 1928.

Maki: Jóhannes J. Bergmann frá Uppsölum í Þingi, (sonur Rófu-Jónasar).

Lilja og Jóhannes giftu sig 1896, fluttu til Vesturheims 1900 og settust að á nýlendusvæði íslenskra landnema í Geysisbyggð. „Lilja var lagleg stúlka, lítil og grönn, búsýslu kona mikil, prýðilega greind sem hún á kyn til.“

Börn: Kristín og Haraldur Normann (kjörsonur).

Heimildir: *Almanak ÓTh.* 1932, *Föðurtún.*

(Guðrún) Lilja Finnbogadóttir 1888–1889.

Hofskot á Skagaströnd.

F. 7. september 1866, d. 25. mars 1949.

Foreldrar: Finnbogi Finnbogason bóndi á Eyrarlandi og Guðríður Guðmundsdóttir.

Maki: Sigurður Eiríksson, bóndi í Berlín á Búðareyri (Reyðarfjörður).

Börn: Finnbogi, Sigurlín, Gunnar og Steinunn.
Bjuggu á Reyðarfirði.

Heimildir: *Ættir Austfirðinga, Föðurtún.*

Lilja Kristín Gísladóttir 1900–1901.

Neðri-Ás í Hjaltadal.

F. 25. mars 1883, d. 30. apríl 1965.

Foreldrar: Gísli Sigurðsson og Kristín Björnsdóttir.

Maki: Eiríkur Kolbeinsson í Mástungu. Þau skildu.

Barn: Gísli fjallabílstjóri.

Lilja bjó á Akureyri en síðar í Reykjavík.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár.*

Lucinda Josefa Augusta Möller 1895–1896.

Blönduós.

F. 19. apríl 1879, d. 28. apríl 1927.

Foreldrar: Jóhann G. Möller kaupmaður á Blönduósi og Alvilda Thomsen.

Maki: Gísli Ísleifsson f. 22. apríl 1869, d. 9. september 1932, sýslumaður.

Börn þeirra: Alvilda Ása f. 1902, Karítas f. 1903, Jóhanna f. 1905, Ísleifur f. 1906 og Grímur f. 1913.

Bjuggu á Blönduósi og síðar í Reykjavík.

Heimildir: *Lögfræðingatal, Föðurtún.*

Lundfríður Sigurlaug Hjartardóttir 1895–1896.

Skíðastaðir í Laxárdal.

F. 19. október 1877, d. 30. júní 1912.

Foreldrar: Hjörtur Hjálmarsson f. 30. janúar 1840, d.

19. maí 1898 bóndi á Skíðastöðum og Margrét Ingunn

Gunnarsdóttir f. 25. janúar 1847, d. 23. maí 1924.

Eftir skólann á Ytri-Ey var hún í námi á Akureyri 1899–

1900. Framhaldsnám í Sórey í Danmörku. Kennari á

Akureyri 1903–1904 og skólastjóri 1904–1906. Kennari

við barnaskóla Ísafjarðar 1908–1909 og í Skefilsstaðahreppi

1910–1911.

Hálfsystur hennar sammæðra, Ingibjörg (1894–1895)

og Margrét (1890–1891) Guðmundsdætur voru einnig í

skólanum.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár. Kennaratal.*



Magðalena Jónatansdóttir 1893–1894.

Sandar í Miðfirði.

F. 31. janúar 1866, d. 3. apríl 1911.

Foreldrar: Jónatan Jakobsson, f. 4. nóvember 1828, d. 8. október 1894, og Margrét Skúladóttir, d. 7. júní 1872.

Maki: Guðmundur Magnús Jónsson frá Hlíð á Vatnsnesi. Þau fóru til Vesturheims laust eftir aldamót. Bjuggu í Geysisbyggð í Nýja-Íslandi.

Heimildir: *Strandamenn, Vesturfaraskrá.*

Margrét Árnadóttir 1884–1885.

Sauðárkrókur.

F. 1. nóvember 1868, d. 19. september 1943.

Foreldrar: Árni Einar Árnason og Sigríður Eggertsdóttir.

Fór til Vesturheims (Manitoba) 1893.

„Tvö ár gekk hún á Kvennaskólann á Ytri-Ey og fékk þar meiri undirstöðu fræðslu til munns og handar heldur en almennt gerðist um ungar stúlkur á þeim tíma.“ (Árdís 01.01.1944)

Maki: Halldór Bjarnason.

Börn: Lára Guðrún, Anna Margrét og Ottó Harald.

Margrét Berndsen 1895–1896.

Hólanes á Skagaströnd.

F. 3. júlí 1879, d. 6. júlí 1947.

Foreldrar: Fritz Hendrik Berndsen og Björg Sigurðardóttir.

Maki: Kjartan Gunnlaugsson kaupmaður.

Börn: Friðrik, Halldór, Ingvar, Hannes, Ingibjörg og Ásta.

Bjuggu í Reykjavík.

Margrét Sigríður Magnúsdóttir Blöndal 1899–1900.

Eyjólfsstaðir í Vatnsdal.

F. 18. desember 1884, d. 27. maí 1911.

Foreldrar: Magnús Benedikt Blöndal, f. 19. nóvember 1856, d. 3. apríl 1920 og Ragnheiður Sigurðardóttir, d. 1888.

Maki: Daniel Bergmann, f. 11. júlí 1877, d. 18. febrúar 1935, kaupmaður og útgerðarmaður.

Bjuggu á Hellissandi.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár*, *Blöndalsætt*, *Föðurtún*.

Margrét Eyjólfsdóttir 1890–1891.

Valadalur í Skagafirði.

F. 27. júní 1867, d. 26. ágúst 1923.

Foreldrar: Herdís Eiríksdóttir og Björn Schram Friðriksson, síðast bóndi á Róðhóli. Herdís giftist síðar Eyjólf Hanssyni sem gerði Margrétu að kjördóttur sinni og bar hún nafn hans. Maki: Ólafur Sveinsson, f. 9. nóvember 1870, d. 25. febrúar 1954, bóndi. Margrét var seinni kona Ólafs.

Börn: Þorbjörg f. 1906, Eydís Guðrún f. 1908 og Páll Gísli f. 1910.

Bjuggu á Starrastöðum í Fremribyggð.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*, Stefán Jónsson: *Þættir og þjóðsögur*.

Margrét Gísladóttir 1886–1888.

Valadalur í Skagafirði.

F. 1868, d. 1895.

Foreldrar: Gísli Jónsson og María Pálmadóttir á Húnsstöðum.

Maki: Sigurður Oddleifsson bóndi.

Barn: Ágúst Gísli.

Bjuggu á Stóru-Giljá.

Eftir lát Margrétar flutti Sigurður ásamt syni sínum til Vesturheims.

Hálfsystir hennar Guðrún Gísladóttir var í skólanum 1889–1890.

Heimildir: *Föðurtún*, *Morgunblaðið* 17. ágúst 2011 (Minningagrein Eric Oddleifsson).

Margrét Guðmundsdóttir 1890–1891.

Skíðastaðir í Laxárdal.

F. 1873.

Foreldrar: Guðmundur Sölvason og Þórunn Guðmundsdóttir. Systir hennar, Ingibjörg (1894–1895) og einnig hálfsystir hennar, Lundfríður (1895–1896), voru líka í skólanum.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

(Árný/Árnína) Margrét Halldórsdóttir 1896–1897.

Brakandi í Eyjafirði.

F. 20. desember 1876.

Foreldrar: Halldór Stefánsson og Sigurbjörg Árnadóttir.

Margrét Jónsdóttir 1897–1898.

Hnausar í Þingi.

F. 10. nóvember 1879.

Tökubarn í Kirkjuvogi í Höfnum 1890.

Margrét Jónsdóttir 1897–1898.

Hvammur í Vatnsdal.

F. 10. júní 1878.

Fósturbarn í Hvammi 1890 þar sem hún fæddist.

Margrét Katrín Jónsdóttir 1892–1893.

Hjarðarholt í Dalasýslu.

F. 31. desember 1874, d. 13. júní 1954.

Foreldrar: Jón Guttormsson prestur í Hjarðarholti og Guðlaug Margrét Jónsdóttir.

Maki: Þórarinn Björn Stefánsson verslunarstjóri og kaupmaður.

Börn: Margrét, Jón, Stefán, Þórarinn og Guðlaug.

Bjuggu á Djúpavogi, Vopnafirði og síðar í Reykjavík.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár*.

Margrét Friðriksdóttir Möller 1890–1891.

Eskifjörður.

F. 9. janúar 1873, d. 29. október 1956.

Foreldrar: Friðrik Pétur Möller, f. 17. maí 1848, d. 18. júní 1932, verslunarstjóri á Skagaströnd og síðar póstafgreiðslumaður á Akureyri og Ragnheiður Jónsdóttir frá Helgavatni í Vatnsdal, f. 14. október 1845, d. 1. júní 1912.

Lærði ljósmyndun í Kaupmannahöfn 1893–1894. Rak um tíma ljósmyndastofu á Eskifirði og á Stokkseyri.

Maki: Ólafur Árnason kaupmaður. Þau skildu.

Börn: Árni, Svanlaug, Ingólfur og Þórólfur.

Bjuggu á Stokkseyri og síðar í Reykjavík.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár*, *Föðurtún*.

Margrét Pétursdóttir 1889–1890.

Viðvík í Skagafirði.

F. 3. mars 1853, d. 21. júlí 1940.

Foreldrar: Pétur Jónsson bóndi á Þangskála og Lilja Gottskáldóttir, þá ógift vinnukona á Þangskála.

Maki: Tryggvi Ólafsson bóndi.

Börn: Sveinfríður f. 30. júní 1880, d. 10. janúar 1955 í Reykjavík. Faðir hennar var Sveinn Eiríksson, bóndi á Skatastöðum.

Bjuggu í Langhúsum og víðar í Skagafirði.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Margrét Pétursdóttir 1898–1899.

Sauðárkrókur.

F. 12. júní 1883, d. 8. september 1932.

Foreldrar: Pétur Pétursson og Anna Guðrún Magnúsdóttir.

Maki: Sigurður Helgi Sigurðsson kaupmaður.

Börn: Pétur, Jón Norðmann og Sigurður.

Bjuggu á Siglufirði.

Heimildir: *Lögfræðingatal*.

Margrét Sigurðardóttir 1895–1896.

Sauðárkrókur.

F. 6. október 1875, d. 17. nóvember 1946.

Foreldrar: Sigurður Jónsson og Elísabet Aradóttir.

Margrét Sigurðardóttir 1884–1885, 1887–1888.

Sæunnaðir í Hallárdal.

F. 16. október 1867, d. 22. febrúar 1947.

Foreldrar: Sigurður Finnbogason, f. 1. mars 1832, d. 12. maí 1912, bóndi á Sæunnaðstöðum, og Elísabet Björnsdóttir, f. 29. september 1840, d. 31. maí 1912.

Margrét lærði fatasaum í Reykjavík 1888–1889 og var kennari við kvennaskólann á Ytri-Ey árin 1889–1894.

Maki: Jón Pálsson, f. 28. apríl 1864, d. 18. september 1931, prestur.

Börn: Páll f. 16. maí 1894 og Elín Rannveig f. 3. september 1899.

Bjuggu á Höskuldsstöðum á Skagaströnd.

Heimildir: *Kennaratal*, *Guðfræðingatal*, *Aþingismannatal*.

Margrét Snorradóttir 1895–1896.

Dagverðargerði á Héraði.

F. 3. október 1867, d. 3. maí 1922.

Foreldrar: Snorri Rafnsson og Kristín María Bjarnardóttir.

Maki: Jón Ármannsson.

Barn: Svava.

Bjuggu á Hræreklæk í Hróarstungu.

Margrét Ingibjörg Stefánsdóttir 1894–1895.

Steiná í Svartárdal.

F. 8. september 1873, d. 29. mars 1940.

Foreldrar: Stefán Magnússon, f. 3. júní 1838, bóndi á Steiná og Ingibjörg Magnúsdóttir, f. 3. júlí 1848, d. 29. apríl 1932. Margrét nam karlmannafatasaum o.fl. í Reykjavík 1896–97 og var við saumanám og matreiðslunám í Kaupmannahöfn 1905–06. Hún var kennari í Húnavatnssýslu 1897–1900 og við Kvennaskólann á Blönduósi 1907–1910. Kenndi börnum í Staðarsveit eftir 1919. Síðast ráðskona á Búðum í Staðarsveit.

Hún var systir Magnúsar sem var lengi bóndi á Flögu í Vatnsdal og kaupmaður á Blönduósi.

Heimildir: *Kennaratal*.

Margrét Sveinsdóttir 1900–1901.

Þórisdalur í Lóni.

F. 10. október 1877, d. 10. apríl 1931.

Foreldrar: Sveinn Bjarnason og Ingibjörg Ólafsdóttir.

Bjó í Volaseli í Lóni.

Margrét Bjarnfríður Þorsteinsdóttir 1892–1893.

Dæli í Víðidal.

F. 20. apríl 1874, d. 15. mars 1965.

Foreldrar: Tökubarn / fósturdóttir.

Maki: Jónas Jónasson.

Börn: Páll, Þorsteinn, Jón, Gróa, Þorvaldur, Ragnhildur og Ketill.

Bjuggu í Hlíð á Vatnsnesi.

Margrét Þorsteinsdóttir 1894–1896.

Karlsskáli við Reyðarfjörð.

F. 25. júní 1874, d. 29. júlí 1949.

Foreldrar: Þorsteinn Jónsson bóndi í Víðivallagerði og Sigurbjörg Hinriksdóttir.

Maki: Þorleifur Stefánsson sjómaður og bóndi.

Barn: Magnús f. 19. september 1914.

Bjuggu á Kömbum við Reyðarfjörð.

Heimildir: *Viðskiptafræðingatal*.

Margrét Þórðardóttir 1899–1900.

Sólheimar í Svínadal.

F. 7. apríl 1874, d. 15. desember 1948.

Foreldrar: Þórður Jónsson og Þóra Jónsdóttir.

Maki: Sigurbjörn Sigurðsson.

Börn: Þórður, Ragnheiður, Daníel, Sigurður, Elísabet, Ívar, Þorleifur, Einar og Halldór.

Bjuggu í Reykjavík.

María Jónsdóttir 1893–1894.

Hallgeirsstaðir í Eyjafirði.

F. 3. maí 1872, d. 6. janúar 1950.

Foreldrar: Jón Ólafsson, f. 1823, d. 1897, bóndi í Hólum í Eyjafirði og Bergþóra Pálsdóttir f. 1828, d. 1897.

María var kennari í Myrkársókn frá 1896–1899.

Maki: Davíð Sigurðsson, f. 26. október 1862, d. 21. janúar 1951, bóndi.

Börn: Ingólfur f. 1903 grasafræðingur og kennari, Steinunn f. 1905 kennari, Haraldur f. 1907, bóndi Stóru-Hámundarstöðum, Bergþóra f. 1909 og Erlingur f. 1912 ritstjóri.

Bjuggu á Stóru-Hámundarstöðum á Árskógsströnd.

Heimildir: *Kennaratal, MA stúdentar*.

María Jónsdóttir 1893–1895.

Hvassafell í Eyjafirði.

F. 19. ágúst 1874, d. 2. júní 1954.

Foreldrar: Jón Davíðsson, f. 7. janúar 1837, d. 8. maí 1923, bóndi á Hvassafelli í Eyjafirði og Rósa Pálsdóttir, f. 11. ágúst 1849, d. 3. júní 1885.

Maki: Hallgrímur Kristinsson, f. 6. júlí 1876, d. 30. janúar 1923, forstjóri SÍS.

Börn: Jón, Sigríður, Kristín og Páll.

Bjuggu í Reykjavík.

Heimildir: *Hvassafellsætt, MA stúdentar.*

Marta Jónasdóttir 1898–1899.

Bíldhóll á Skógarströnd.

F. 3. ágúst 1876, d. 22. júní 1922.

Foreldrar: Jónas Guðmundsson og Anna Jónsdóttir.

Saumakona á Bíldhóli.

Marta Katrín Magnúsdóttir Stephensen 1886–1888.

Viðey.

F. 31. október 1864, d. 15. nóvember 1953.

Foreldrar: Magnús Stephensen og Áslaug Eiríksdóttir.

Kenndi við skólann 1888–1891, síðar barnakennari á

Bíldudal og í Reykjavík.

Heimildir: *Kennaratal.*

Monika Sigurlaug Indriðadóttir 1883–1884.

Írafell í Skagafirði.

F. 7. september 1862, d. 8. júní 1939.

Foreldrar: Indriði Árnason, f. 16. september 1831, d. 7. mars

1910, bóndi á Írafelli í Svartárdal og Sigurlaug Ísleifsdóttir

frá Kálfárdal, f. 5. mars 1829, d. 23. desember 1913.


„Monika var myndarleg kona og heilsteypt, hrein og bein í allri framkomu, fremur hlédræg var hún, trygg þar sem hún tók því, vinföst og yfirleitt mikils metin.“

Maki: Sigmundur Andrésson, f. 15. október 1854, d. 24. apríl 1926, bóndi.

Börn: Elín f. 1890 og Magnús f. 1891.

Bjuggu fyrst á Írafelli en lengst af á Vindheimum 1902–1920.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár.*



(Elín Ólöf) Oddbjörg Björnsdóttir 1884–1885.

Höskuldsstaðir á Skagaströnd.

F. 1852, d. 1906.

Foreldrar: Björn Þorláksson prestur og Katrín Jakobína
Níelsdóttir Hafstein.

Fór til Vesturheims 1893 frá Akureyri.

Heimildir: *Guðfræðingatal, Íslenskar æviskrár.*

Oddrún Frímannsdóttir 1879.

Helgavatn í Vatnsdal.

F. 3. september 1857, d. 17. janúar 1941 í San Francisco.

Foreldrar: Frímann Ólafsson bóndi á Helgavatni og Jórunn
Magnúsdóttir.

Maki: Jónas Sigurðsson, f. 1865, d. 10. maí 1933, prestur og
skáld í Kanada.

Jónas og Oddrún fluttu til Vesturheims 1887. Þau skildu árið
1901.

Börn: Frímann, Torfi og Haraldur (Harry).

Heimildir: *Vestur Íslenskar æviskrár, Föðurtún, Endurminningar
Huldu Á. Stefánsdóttur.*

Oddný María Baldvinsdóttir 1879.

Undirfell í Vatnsdal.

F. 24. mars 1866 í Ytra-Tungukoti í Blöndudal, d.14. apríl 1888 í Vesturheimi.

Foreldrar: Baldvin Einarsson, f. 1840 frá Gíslastöðum og Ingibjörg Guðmundsdóttir, f. 1843 frá Bollastöðum.

Flutti til Vesturheims 1883 með föður sínum og systur, Guðlaugu Soffíu.

Oddný Guðmundsdóttir 1894–1895.

Tröllatunga í Strandasýslu.

F. 25. júlí 1875, d. 26. apríl 1959.

Foreldrar: Guðmundur Ketilsson og Sigurlaug Jónsdóttir.

Maki: Jóhannes Guðmundsson.

Börn: Guðmundur, Hallfríður, Guðlaug, Guðjóna, Guðbjörg, Ólafur, Ari, Guðbjörn, Ólöf, Guðmundur, Jón, Sigurður og Jóhannes.

Bjuggu á Ingunnarstöðum og síðar í Hnífsdal.

Oddný Pétursdóttir 1894–1895.

Héraðsdalur í Skagafirði.

F. 28. júlí 1871, d. 1. mars 1949.

Foreldrar: Pétur Jónsson og Elísabet Hallsdóttir.

Maki: Þorkell Pálsson.

Börn: Kristín og Þórný.

Bjuggu víða í Skagafirði og síðar í Reykjavík.

Oddný Þorsteinsdóttir 1891–1894.

Grund í Svínadal.

F. 31. ágúst 1868, á Grund, d. 24. nóvember 1934, í Reykjavík.

Foreldrar: Þorsteinn Þorsteinsson bóndi á Grund, f. 4. desember 1842, d.1. ágúst 1921 og Guðbjörg Sigurðardóttir frá Gröf í Víðidal, f. 1. október 1837, d. 21. maí 1900.

Maki: Jón Jónsson frá Vaðnesi, kaupmaður.

Bjuggu í Reykjavík.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár; Föðurtún.*

Ólafía Agnes Ólafsdóttir 1897–1898.

Böðvarshólar í Vesturhópi.

F. 25. júlí 1876, d. 13. janúar 1960.

Foreldrar: Ólafur Guðmundsson og Agnes Jóhannesdóttir.

Maki: Sigurbjörn Guðmundsson.

Börn: Þuríður, Margrét, Björn og Gunnar.

Bjuggu í Barkarstaðaseli, á Bjargi í Miðfirði og loks í Hafnarfirði.

Ólína Jónsdóttir 1900–1901.

Gottorp.

F. 27. september 1873, d. 2. ágúst 1967.

Foreldrar: Jón Jónsson og Herdís Pétursdóttir.

Maki: Jóhann Kristján Kristjánsson.

Börn: Þórarinn og Jón.

Bjuggu í Skógarkoti í Þingvallasveit og síðar í Reykjavík.

Ólína Þórey Ólafsdóttir 1884–1885, 1888–1889.

Litlahlíð í Skagafirði.

F. 10. nóv 1865, d. 11. nóvember 1924.

Foreldrar: Ólafur Guðmundsson, f. 30. september 1817, d. 7. febrúar 1893 og Þórey Ólafsdóttir, f. 17. september 1825, d. 1889.

Maki: Stefán J. Loðmfjörð, f. 29. október 1863, d. 29. ágúst 1963.

Börn: Þau eignuðust átta börn.

Þau giftust 1893 og bjuggu á Klyppstað í Loðmundarfirði til ársins 1903 þegar þau flytja til Reykjavíkur.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*; *Sjómannablaðið Víkingur* 1953.

Ólöf Guðrún Einarisdóttir 1895–1896.

Harastaðir á Skagaströnd.

F. 16. janúar 1875, d. 21. maí 1937.

Foreldrar: Einar Einarsson og Guðrún Guðmundsdóttir.

Bjói í Reykjavík.

Ólöf Jónsdóttir 1896–1899.

Tittlingastaðir (Laufás) í Víðidal.

F. 16. september 1875.

Foreldrar: Jón Daníelsson, f. 12. júní 1850, d. 10. febrúar 1921, og Sigurlaug Þorsteinsdóttir f. 3. janúar 1859, d. 10. júní 1910.

Fór líklega til Vesturheims. Ólöf var hálfsystir Valdimars J. Eylands, prests í Vesturheimi.

Heimildir: *Föðurtún*.

Ólöf Jónsdóttir 1899–1900.

Reykjavík.

F. 15. febrúar 1880, d. 11. nóvember 1969.

Foreldrar: Jón Jónsson og Þuríður Ólafsdóttir.

Maki: Helgi Jónsson.

Börn: Ólöf, Ólafur, Jón, Guðrún, Marinó, Jóhann, Björn og Aðalsteinn.

Bjuggu í Hnausakoti í Miðfirði.

Ólöf Snæbjarnardóttir 1879.

Þórormstunga í Vatnsdal.

F. 20. október 1856, d. 28. mars 1920.

Foreldrar: Snæbjörn Snæbjarnarson bóndi á Þóreyjarnúpi og Björg Ólafsdóttir.

Ólöf tók ljósmóðurpróf í Reykjavík 1885 og var ljósmóðir í Ás- og Sveinsstaðahreppsumdæmi 1885–1893 og Geiradalsumdæmi 1894–1914.

Barn: Elín Sigríður Magnúsdóttir Blöndal, f. 29. mars 1894, d. 3. janúar 1975.

Ólöf var ógift en barnsfaðir hennar var Magnús B. Blöndal, f. 19. nóvember 1856, d. 3. apríl 1920.

Heimildir: *Ljósmæðratal*, *Kennaratal*, *Blöndalsætt*.

Ósk Bjarnadóttir 1881.

Hrappsstaðir í Víðidal.

F. 12. mars 1862, d. 24. febrúar 1953.

Foreldrar: Bjarni Helgason, f. 10. maí 1832, d. 16. júlí 1922, bóndi á Hrappsstöðum í Víðidal og síðar í Wynjard í Kanada og Helga Jónasdóttir, f. 25. mars 1837, d. 20. nóvember 1915. Bjarni Helgason og fjölskylda fluttu til Vesturheims árið 1900.

Maki: Þórður Jónsson.

Systir hennar, Sigríður Bjarnadóttir, var nemandi í kvennaskólanum á Hofi 1883.

Heimildir: *Vestur Íslenskar æviskrár, Föðurtún, Íslenskar æviskrár, Almank ÓTh.* 1933.

Ósk Elísabet Sigurðardóttir 1884–1885.

Kjalarland í Hallárdal.

F. 18 ágúst 1868, d. 27. janúar 1942.

Foreldrar: Sigurður (eldri) Finnbogason á Sæunnarstöðum í Hallárdal og Sigríður Guðmundsdóttir, f. 4. nóvember 1839, frá Bergsstöðum í Hallárdal. Þau voru ógift en síðari maður Sigríðar var Sigurður Jónsson á Kjalarlandi.

Maki: Sveinbjörn Páll Guðmundsson, bóndi á Kjalarlandi.

Barn: Páll.

Systur hennar, Svanlaug 1887–1888, Kristjana 1888–1889 og Guðrún 1891–1892, voru einnig í skólanum.

Heimildir: *Kennaratal, Mannaferðir og fornar slóðir.*

P

Pálína Margrét Jóhannesdóttir 1894–1895.

Brekka í Þingi.

F. 26. desember 1879, d. 20. júní 1946.

Foreldrar: Jóhannes Eyjólfsson, f. 1823, d. 1902, bóndi í Brekku í Þingi og Sigurlaug Eiríksdóttir, f. 1830, d. 1921.

Maki: Eðvald Eilert Möller, f. 28. október 1875, d. 24. febrúar 1960, kaupmaður.

Börn: Sigríður, Ragnheiður, Hanna og Friðrik.

Bjuggu í Reykjavík, á Stokkseyri og á Akureyri.

Systir hennar, Sigríður, var í skólanum á sama tíma.

Heimildir: *MA stúdentar.*

Pálína Jónsdóttir 1895–1896.

Egg í Hegranesi.

F. 26. júlí 1874, d. 14. nóvember 1942.

Foreldrar: Jón Guðmundsson bóndi á Egg og Sigríður Guðrún Pálsdóttir.

Eftir kvennaskólann lærði hún til mjólkurvinnslu á Hvítárvöllum eða hjá Guðrúnu Ólafsdóttur á Páfastöðum. Hún var rjómaþúfa í Eyhildarholti í Hegranesi 1901–1903 og á Gljúfuráreyrum 1905.

„Hún var fríð kona, bláeyg með ljósjarpt hár. Hún var hæg og stillt í framgöngu, fáorð, vel greind og las talsvert og fylgdist vel með gangi opinberra mála. Hún var þrífín og

snyrtileg húsmóðir og mikil búkona.“

Maki: Sigurður Þórðarson, f. 10. október 1879, kennari og bóndi.

Börn: Þórður f. 1907, Sigríður Guðrún f. 1910, Halldóra f. 1912, Jónína f. 1914 og Unnur Jóhannesdóttir f. 1935, fósturdóttir.

Bjuggu á Egg.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Pálína Rósa Sigurðardóttir 1887–1888.

Öxl í Þingi.

F. 22. ágúst 1867, d. 24. júlí 1960.

Foreldrar: Sigurður Guðmundsson og Margrét Stefánsdóttir.

Þau bjuggu á ýmsum jörðum og voru einnig vinnuhjú í Húnaþingi. Þau eru talin bændur á Mástöðum 1870.

Maki: Halldór Anderson.

Barn: Sigfús Blöndal Halldórsson.

Fór til Vesturheims (Palina Rosa Anderson).

Pálína Þorkelsdóttir 1883–1884.

Flatatunga í Skagafirði.

F. 7. janúar 1865, d. 17. júlí 1934.

Foreldrar: Þorkell Pálsson, f. 11 maí 1837, d. 20. september 1920, bóndi í Flatatungu og Ingibjörg Gísladóttir, f. 22. júní 1839, d. 24. febrúar 1924.

Pálína bjó um tíma með Gísla bróður sínum, bónda í Flatatungu og á Egilsá. Hún var síðan kaupkona á Akureyri en flutti til Kanada og bjó þar um tíma en kom aftur heim til Íslands um 1930.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.



Ragnheiður Sigurrós Bjarnadóttir 1894–1895.

Miðgil í Langadal.

F. 26. október 1869, d. 20. október 1937.

Foreldrar: Bjarni Einarsson og Hólmfríður Guðmundsdóttir.

Maki: Ólafur Ólafsson.

Börn: Sigurlaug, Hólmfríður (Freda Johnson skáldkona),
Guðrún, Kjartan, Bjarni, Óli og Magnea.

Fluttu til Vesturheims 1900.

Heimildir: *Húnavaka* 1969.

Ragnheiður Eggertsdóttir 1891–1892.

Kleifar í Gilsfirði.

F. 14. maí 1871, d. 21. janúar 1943.

Foreldrar: Eggert Jónsson bóndi á Kleifum í Gilsfirði og
Ingveldur Sigurðardóttir.

Ragnheiður flutti til Vesturheims árið 1892 og átti heima í
Vancouver í British Columbia. Þar gekk hún undir nafninu
Hilda Parks.

Maki: Frederick Parks.

Börn: William Parks.

Heimildir: *Dalamenn, Íslenskar æviskrár*.

Ragnheiður Kristín Einarsdóttir 1898–1899.

Sólheimar í Svínadal.

F. 25. nóvember 1879, d. 24. október 1943.

Foreldrar: Einar Jónsson og Halldóra Jónsdóttir.

Bjó í Reykjavík.

Ragnheiður Guðjónsdóttir 1891–1892.

Goðdalir í Skagafirði.

F. 22. júlí 1871 á Dvergasteini í Seyðisfirði, d. 11. ágúst 1942.

Foreldrar: Guðjón Hálfðanarson, f. 6. júlí 1833, d. 25. október 1883, prestur í Saurbæ í Eyjafirði og Sigríður Stefánsdóttir Stephensen, f. 25. maí 1841, d. 18. maí 1889. Eftir námið á Ytri-Ey fór Ragnheiður til Kaupmannahafnar í hjúkrunarnám og starfaði við hjúkrun á Akureyri í eitt ár eða svo. Þá fór hún í nám við Málleysingjaskólann í Kaupmannahöfn og var kennari við Málleysingjaskólann á Stóra-Hrauni og í Reykjavík til 1928. Síðar búsett á Sauðárkróki og fékkst þar við smábarnakennslu og hélt einnig sunnudagaskóla.

Heimildir: *Kennaratal*.

Ragnheiður Jónsdóttir 1884–1885.

Hjarðarholt í Dalasýslu.

F. 16. nóvember 1863, d. 23. nóvember 1929.

Foreldrar: Jón Guttormsson, f. 30. júlí 1830, d. 3. júní 1901, prestur í Hjarðarholti og Guðlaug Margrét Jónsdóttir, f. 2.

desember 1838, d. 27. nóvember 1920.

Maki: Björgólfur Brynjólfsson trésmiður á Vopnafirði og síðar í Winnipeg.

Börn: Einar f. 1893, Brynjólfur f. 1894 og Sigurborg f. 1897.

Fluttu til Vesturheims árið 1903.

Heimildir: *Guðfræðingatal, Íslenskar æviskrár, Dalamenn, Óðinn* 1931.

(Sigurbjörg) Ragnheiður Jónsdóttir 1896–1897.

Syðri-Ey á Skagaströnd.

F. 10. júlí 1875, d. 29. september 1934.

Foreldrar: Jón Jónsson og Steinunn Þorláksdóttir.

Barn: Helena Sigubjörnsdóttir, f. 1917, d. 1988, bjó í Noregi.

Bjó í Reykjavík.

Ragnheiður Pálsdóttir 1890–1891.

Þingmúli í Fljótssdal.

F. 28. ágúst 1870, d. 2. september 1949.

Foreldrar: Páll Pálsson og Guðrún Þorsteinsdóttir.

Maki: Jón Ísleifsson.

Börn: Páll, Arnfinnur, Guðríður og Nikólína Þuríður.

Bjuggu fyrst á Hryggstekk í Skriðdal en síðar á Eskifirði.

Ragnhildur Guðmannsdóttir 1883–1884.

Krossanes á Vatnsnesi.

F. 22. desember 1872, d. 30. ágúst 1914.

Foreldrar: Guðmann Árnason, f. 6. maí 1825, d. 24. júní 1904, bóndi í Krossanesi og Ósk Guðmundsdóttir, f. 9.

september 1840, d. 28. febrúar 1922.

Maki: Kristján Guðmundsson, f. 30. nóvember 1861, d. 10. desember 1931, bóndi.

Börn: Theodór, verkamaður á Blönduósi, og Eggertsína Ögn.

Bjuggu á Svangrund, Ytra-Hóli og síðast á Efri-Mýrum í Refasveit.

Heimildir: *Jóelsætt*, upplýsingar frá Öldu Theodórsdóttur á Blönduósi.

Ragnhildur Sveinsdóttir 1891–1892, 1895–1896.

Grund í Svínadal.

F. 27. júlí 1871 á Geithömrum, d. 22. febrúar 1951 á Grund.
Foreldrar: Sveinn Pétursson, f. 3. febrúar 1839, d. 25. nóvember 1890, bóndi á Geithömrum og Steinunn Þórðardóttir frá Ljótshólum, f. 9. maí 1848, d. 29. júní 1882.
Maki: Þorsteinn Þorsteinsson, f. 4. desember 1842, d. 1. ágúst 1921, bóndi.

Börn: Ingiríður f. 1902, Steinunn f. 1905, Þóra f. 1908, Guðmundur f. 1910 og Þórður f. 1913.

Bjuggu á Grund.

Heimildir: *Ættir Austur-Húnavetninga, Föðurtún, Feðraspor og fjörusprek.*

Ragnhildur Sveinsdóttir 1888–1889.

Kornsá í Vatnsdal.

F. 19. apríl 1879, d. 30. júní 1958.

Foreldrar: Sveinn Jónsson, f. 12 janúar 1812, og Karólína Oddsdóttir, f. 2. ágúst 1834, ógift. Ragnhildur var um tíma

fósturbarn í Hindisvík á Vatnsnesi. Eftir skólavistina fór hún til Reykjavíkur í vist hjá Sighvati Bjarnasyni bankastjóra og síðar til Gunnþórunnar Halldórsdóttur leikkonu og var þar svo lengi sem hún var vinnufær.

Heimildir: *Minningabók Huldu Á. Stefánsdóttir*, upplýsingar frá Öldu Theodórsdóttur á Blönduósi.

Rannveig Hannína Guðmundsdóttir 1896–1897.

Geitaskarð í Langadal.

F. 2. janúar 1874, d. 6. febrúar 1926.

Foreldrar: Guðmundur Guðmundsson og Halldóra Þórðardóttir á Sneis í Laxárdal.

Maki: Daníel Hannes Teitsson, þau skildu.

Barn: Skarphéðinn (Scharpe) Teitsson.

Fór til Vesturheims.

Rannveig Jónsdóttir 1886–1887.

Ósland í Óslandshlíð.

F. 18. nóvember 1865, d. 3. júní 1950.

Foreldrar: Guðrún Eiríksdóttir og Jón ?

Systurdóttir Þorkels Eiríkssonar, bónda, á Kimbastöðum 1880

Maki: Stefán Pétursson.

Bjuggu í Vesturheimi.

Rannveig Jónsdóttir 1897–1898.

Tjörn á Vatnsnesi.

F. 23. júní 1884, d. 1940.

Foreldrar: Jón Ólafsson og Rósa Jóhannesdóttir.

Maki: Hannes Stefánsson.

Börn: Sonur Hannesar, Guðmundur ljósmyndari og fóstursonur þeirra, Ragnar Franzson skipstjóri.

Bjó fyrst í Reykjavík og starfaði sem saumakona og ljósmóðir (ljósmóðurpróf 1906) en varð síðar kaupkona í Stykkishólmi (Auðkúla).

Rannveig Nikulásdóttir 1893–1894.

Hjarðarholt í Dalasýslu.

F. 27. nóvember 1875.

Foreldrar: Nikulás Jafetsson gullsmiður í Reykjavík og ?
Rannveig ólst upp í Hjarðarholti í Dalasýslu, hjá séra Jóni Guttormssyni og Guðlaugu M. Jónsdóttur.

Maki: Björn Pálsson, f. 31. desember 1854, gullsmiður og bóndi.

Börn: Gunnar húsasmiður, Karl gullsmiður og Margrét í Víðikeri í Bárðardal.

Bjuggu fyrst á Vakurstöðum í Vopnafirði en seinna á Refsstað.

Heimildir: *Óðinn* 1935.

Rannveig Pálsdóttir 1880.

Dæli í Víðidal.

F. 10. febrúar 1866, d. 4. maí 1930.

Foreldrar: Páll Pálsson og Þorbjörg Jónsdóttir.

Maki: Jón Stefán Þorláksson prestur.

Börn: Páll, Magnea, Haraldur, Björn og Ingibjörg.

Bjuggu á Tjörn á Vatnsnesi.

Fósturdóttir hennar, Sigurbjörg Jónsdóttir, var í skólanum 1900–1901.

Heimildir: *Föðurtún, Íslenskar æviskrár*.

Rósa Bjarndóttir 1894–1895.

Breiðagerði í Skagafirði.

F. 22. nóvember 1871, d. 23. maí 1947.

Foreldrar: Bjarni Bjarnason og Lilja Guðný Halldórsdóttir

Maki: Bjarni Randversson.

Börn: Jón og Karles Ferdínat.

Bjuggu á Draflastöðum í Fnjóskadal og síðar í Ystagerði í Eyjafirði.

(Elín) Rósa Eiríksdóttir 1893–1894.

Seyðisfjörður.

F. 12. febrúar 1869, d. 28. júlí 1941.

Foreldrar: Eiríkur Bjarnason og Sessselja Jónsdóttir

Fór til Vesturheims 1903. Var í Selkirk.

Rósa Kristín Indriðadóttir 1890–1891.

Ytri-Ey á Skagaströnd.

F. 21. janúar 1860, d. 19. maí 1934.

Foreldrar: Indriði Jónsson, bóndi á Ytri-Ey, og Súsanna Jóhannesdóttir.

Fór til Vesturheim, bjó í Norður-Dakota.

Rósa Stefánsdóttir 1897–1898.

Tunga á Tjörnesi.

F. 28. maí 1875, d. 15. nóvember 1914.

Foreldrar: Stefán Magnússon og Elín Helgadóttir.

Maki: Jón Bjarnason.

Börn: Bjarni og Elín.

Bjuggu í Gröf í Viðidal.

Rósamunda Friðriksdóttir 1898–1900.

Hnífsdalur.

F. 6. ágúst 1880.

Foreldrar: Friðrik Símonarson og Guðrún Ólafsdóttir.

Flutti til Vesturheims.

Rut Jónasdóttir 1888–1889.

Gunnsteinsstaðir í Langadal.

F. 11. júlí 1873 í Holtastaðakoti, d. í Kanada 18. september 1932.

Foreldrar: Jónas Ísleifsson bóndi í Holtastaðakoti og Sigríður Þorsteinsdóttir. Rut ólst upp hjá Jómfrú Sigríði Árnadóttur (Arnesen) á Gunnsteinsstöðum í Langadal sem ávallt var kölluð „Jómfrúin“.

Maki: Jón Sigurðsson Laxdal, f. 10. desember 1870.

Börn: Anna, María og Sigríður Sofía (stjúpdóttir).

Bjuggu fyrst á Krossastöðum á Þelamörk en fluttu síðar til Vesturheims.

Heimildir: *Almanak ÓTh.* 1917, 1933 og 1939, *Föðurtún*, *Vestur Íslenskar æviskrár*, *Skagfirskar æviskrár*.

Salóme Jóhannsdóttir 1881.

Bálkastaðir í Hrútafirði.

F. 27. desember 1861, d. 4. júní 1946.

Foreldrar: Jóhann Zakaríasson, f. 6. maí 1830, d. 3. okt 1921 og Sigurdrífa Tómasdóttir, f. 1832.

Maki: Bergsveinn Jakobsson, f. 14. maí 1860, d. 13. mars 1948, bóndi.

Börn: Jóhann f. 1882, Ágústa Sigurdrífa f. 1889, Jakobína f. 1892 og Ragnheiður f. 1897.

Bjuggu á Bálkastöðum.

Heimildir: *Föðurtún*, *Nemendatal Ólafsdalsskóla*, *Strandamenn*.

Salóme Sigurðardóttir 1887–1888.

Krithóll í Skagafirði.

F. 10. apríl 1854, d. 26. júní 1939.

Foreldrar: Sigurður bóndi í Holtseli í Hörgárdal og ?

Salóme kemur frá Holtseli að Krithóli og fer þaðan í kvennaskólann.

Bjó í Reykjavíkur og var vinnukona á ýmsum heimilum.

Sesselja Jónsdóttir 1890–1891.

Úlfsstaðir í Loðmundarfirði.

F. 13. apríl 1870, d. 14. september 1905.

Foreldrar: Jón Þorleifsson og Guðrún Jónsdóttir.

Maki: Eyjólfur Jónsson, timburmaður frá Naustahvammi.

Bjuggu í Mjóafirði.

Sesselja Kristjánsdóttir 1893–1894.

Stóri-Núpur Árnessýslu.

F. 29. október 1872, d. 27. nóvember 1904.

Sigprúður Karólína Einarsdóttir 1886–1887.

Hafsstaðakot á Skagatrönd.

F. 5. janúar 1873, d. 25. júní 1909.

Foreldrar: Einar Gíslason og María Guðmundsdóttir.

Maki: Pétur Stefánsson.

Barn: Sigurbjörg Stefanía.

Bjuggu á Lækjarbakka á Skagatrönd.

Signý Halldórsdóttir 1895–1896.

Leysingjastaðir í Dalasýslu.

F. 10. mars 1868, d. 7. febrúar 1955.

Foreldrar: Halldór Pétursson og Guðfinna Daðadóttir.

Maki: Einar Einarsson.

Börn: Guðfinna, Jón og Þuríður.

Bjuggu á Leysingjastöðum.

Sigmunda Jónsdóttir 1889–1890.

Hólar í Hjaltadal.

F. 20. janúar 1869, d. 14. ágúst 1957.

Foreldrar: Jón Einarsson og Helga Jónsdóttir.

Maki: Sigfús Stefánsson.

Bjuggu í Valagerði og á Minni-Ökrum í Skagafirði.

Sigríður Árnadóttir 1884–1885, 1887–1888.

Þverá í Hallárdal.

F. 30. janúar 1869, d. 6. janúar 1958 á Blönduósi.

Foreldrar: Árni Jónsson, f. 26. nóvember 1831, d. 6. október 1918, bóndi á Þverá í Hallárdal og Svanlaug Björnsdóttir f. 7. október 1834.

Maki: Jón Jósefsson, f. 7. október 1871, d. júní 1917, bóndi.

Barn: Björn. f. 1907, bóndi á Ytra-Hóli.

Jón og Sigríður bjuggu á Fossi á Skaga 1909–1915 en síðar á Ytra-Hóli. Eftir lát manns síns var Sigríður ráðskona á Sjúkrahúsinu á Blönduósi í mörg ár. Sigríður var fríð kona og vel gefin. Það sem einkenndi hana var þrúðmennska, skapstilling og góðvild.

Heimildir: *Föðurtín*, *Óðinn* 1923, *Skagfirskar æviskrár*, *Íslenskar æviskrár*.

Sigríður Hansína Hansdóttir Beck 1891–1892.

Sómastaðir í Reyðarfirði.

F. 2. maí 1872, d. 25. nóvember 1949.

Foreldrar: Hans Jakob Beck bóndi á Sómastöðum og Steinunn Pálsdóttir frá Karlsskála, f. 8. ágúst 1840, d. 1897.

Maki: Jón Finnsson, f. 17. ágúst 1865, d. 25. apríl 1940, prestur.

Börn: Finnur f. 1902, Hans Jakob f. 1904 og Eysteinn f. 1906.

Bjuggu á Djúpavogi.

Heimildir: *Aþingmannatal*, *Guðfræðingatal*, *Íslenskar æviskrár*.

Sigríður Bjarnadóttir 1883–1884.

Hrappsstaðir í Viðidal.

F. 22. mars 1864, d. 9. apríl 1941 í Vesturheimi.

Foreldrar: Bjarni Helgason, f. 10. maí 1832, d. 16. júlí 1922, bóndi á Hrappsstöðum í Viðidal og seinna í Wynjard í Kanada og Helga Jónsdóttir f. 25. mars 1837, d. 20. nóvember 1915. Bjarni Helgason og fjölskylda fluttu til Vesturheims árið 1900.

Maki: Guðmundur Jónsson f. 18. febrúar 1849, d. 1. júní 1926, frá Seyðisfirði. Sigríður var seinni kona hans en dóttir hans var (Anna) Stefanía Guðmundsdóttir leikkona.

Systir hennar, Ósk Bjarnadóttir, var nemandi í kvennaskólanum á Lækjamóti í Viðidal 1881.

Heimildir: *Föðurtún*, *Vestur Íslenskar æviskrár*, *Íslenskar æviskrár*, *Almanak ÓTh*. 1933.

Sigríður Bjarnadóttir 1883–1884.

Vík í Skagafirði.

F. 8. desember 1850, d. 29. janúar 1937.

Foreldrar: Bjarni Þorleifsson, f. 1827, d. 1872, bóndi í Vík og Hólmfríður Magnúsdóttir f. 1829, d. 1912.

Börn: Guðmundur Jónsson f. 1875. Faðir hans var Jón Björnsson bóndi á Ögmundarstöðum.

Sigríður fór ásamt barni, móður sinni og þremur systkinum til Vesturheims árið 1888.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Sigríður Bjarnadóttir 1892–1893, 1894–1895.

Ísafjörður.

F. 6. ágúst 1868, d. 7. apríl 1949.

Fósturbarn á Stað í Steingrímsfirði 1870.

Maki: Björn Kristófersson, f. 1858, d. 1911.

Börn: Ingibjörg, Guðríður, Kristófer, Magnús og Ása Sigríður.

Bjuggu m.a. í Holti og í Sauðanesi á Ásum og á Hnausum í Þingi en Sigríður bjó síðar í Reykjavík.

Sigríður Björnsdóttir 1887–1888.

Hofsstaðir í Viðvíkursveit.

F. 18. júlí 1872, d. 2. apríl 1948.

Foreldrar: Björn Pétursson, bóndi á Hofsstöðum, og Margrét Pálsdóttir.

Maki: Konráð Arngrímsson bóndi og kennari.

Börn: Margrét f. 1891, Ragnheiður f. 1892, Björn f. 1894, Anna f. 1896 og Emma f. 1902.

Bjuggu á Ytri-Brekkum í Blönduhlíð í Skagafirði.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Sigríður Briem 1886–1887.

Reynistaður í Skagafirði.

F. 14. nóvember 1862 á Hjaltastöðum, d. 9. janúar 1913 í Reykjavík.

Foreldrar: Eggert Briem, f. 15. október 1811, d. 11. mars 1894, sýslumaður, og Ingibjörg Eiríksdóttir Briem f. 18. september 1827, d. 15. september 1890.

Maki: Helgi Eyjólfur Jónsson, f. 31. október 1852, d. 6. júní 1905, verslunarstjóri og síðar bankaritari í Landsbankanum.

Börn: Eggert, Sæmundur, Helga og Páll.

Sigríður var menntuð úr kennaraskóla í Danmörku og stundaði kennslu í nokkur ár.

Bjuggu í Borgarnesi og síðar í Reykjavík.

Heimildir: *Briemsætt*.

Sigríður Gísladóttir 1884–1885.

Geirastaðir í Þingi.

F. 6. júní 1865, d. 19. mars 1919.

Foreldrar: Gísli Guðmundsson og ?

Bjó í Miðfirði.

Sigríður Guðmundsdóttir 1890–1891.

Arnkelsgerði á Völlum.

F. 16. nóvember 1867, d. 26. desember 1943.

Foreldrar: Guðmundur bóndi í Arnkelsgerði og ?

„Ekkert var fjær skapi hennar, en láta bera á sér öðrum fremur, en samt sem áður vakti hún hvarvetna eftirtekt, með

sínum mikla persónuleika og faguðu framkomu.“

Maki: Einar Eyjólfsson, bóndi.

Börn: Þórunn, Friðborg, Runólfur, Nikulás, Eymundur og Þórhallur.

Bjuggu í Litla-Sandfelli og síðar á Flögu í Skriðdal.

Heimildir: *Hlín* 1945, *MA stúdentar*, *Kennaratal*.

Sigríður Ingibjörg Hannesdóttir 1882.

Forsæludalur í Vatnsdal.

F. 26. júní 1860, d. 5. nóvember 1944.

Foreldrar: Hannes Þorvarðarson, f. 1832, d. 1887, bóndi í Forsæludal, og Hólmfríður Jónsdóttir.

Maki: Jónas Jóhannsson, f. 14. maí 1866, d. 22. nóvember 1928, bóndi.

Börn: Valdimar f. 1. febrúar 1890 (faðir hans var Jón Jónsson, bóndi á Hofi í Vatnsdal), Hólmfríður f. 9. júní 1892, Guðbjörg f. 1. ágúst 1893, Jónína f. 30. mars 1896 og Jóhann f. 6. janúar 1898.

Bjuggu á Kistu í Vesturhópi.

Heimildir: „Ætt Þórormstunguhjóna“, *Föðurtún*, *Jóelsætt*.

Sigríður Hannesdóttir 1893–1894.

Frostastaðir í Skagafirði.

F. 11. nóvember 1875, d. 12. apríl 1958.

Foreldrar: Hannes Þorláksson, bóndi í Axlarhaga í Blönduhlíð, og Ingibjörg Þorleifsdóttir.

Sigríður var að mestu alin upp hjá frænku sinni, Sigríði Magnúsdóttur, og manni hennar, Gísla Þorlákssyni,

föðurbróður sínum, fyrst á Hjaltastöðum síðar á Frostastöðum.

Maki: Eiríkur Jónsson, f. 4. júní 1863, d. 15. september 1918, bóndi og smiður.

Börn: Stefán f. 1896, Jón f. 1898, Valgerður f. 1900, Eiríkur f. 1905, Sigríður f. 1907, Ingibjörg f. 1909 og Skarphéðinn f. 1914.

Bjuggu í Djúpadal í Blönduhlíð.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Sigríður Jóhannesdóttir 1894–1895.

Bergsstaðir í Svartárdal.

F. 1863 ?

Foreldrar: Jóhannes Eyjólfsson, f. 1823, d. 1902, bóndi í Brekku í Þingi og Sigurlaug Eiríksdóttir, f. 1830, d. 1921.

Systir hennar, Pálína, var í skólanum á sama tíma.

Sigríður Jónasdóttir 1897–1898.

Húkur í Miðfirði.

F. 18. september 1878, d. 1. október 1934.

Foreldrar: Jónas Guðmundsson, d. 1911, bóndi á Húki og Helga Stefánsdóttir, d. 1918.

Maki: Ásmundur P. Jóhannsson, f. 6. júlí 1875, d. 23. október 1953, byggingameistari í Winnipeg.

Börn: Jónas Valdimar, Grettir Leo og Kári Wilhelm.

Flutti til Vesturheims.

Heimildir: *Vestur Íslenskar æviskrár*; *Föðurtún*.

Sigríður Jónsdóttir 1885–1886.

Melar í Hrútafirði.

F. 9. apríl 1858, d. 10. maí 1889.

Foreldrar: Jón Jónsson, f. 25. desember 1825, d. 3. júní 1900, bóndi á Melum í Hrútafirði og Sigurlaug Jónsdóttir, f. 1827, d. 16. febrúar 1909.

Maki: Þórður Jónsson, f. 5. apríl 1858, bóndi.

Bjuggu á Laugabóli við Ísafjörð.

Heimildir: *Strandamenn*, *Íslenskar æviskrár*.

Sigríður Jónsdóttir 1895–1896.

Hjarðarholt í Dalasýslu.

F. 3. júní 1875, d. 11. janúar 1946.

Foreldrar: Jón Bjarnason og ?

Maki: Guðjón Ásgeirsson.

Börn: Svava, Þuríður, Unnur, Jón Emil og Herdís.

Bjuggu á Kýrunnarstöðum á Fellsströnd.

Heimildir: *Dalamenn*.

Sigríður Jósefsdóttir 1900–1901.

Hólar í Hjaltadal.

F. 26. febrúar 1886, d. 2. september 1901.

Foreldrar: Jósef J. Björnsson, skólastjóri á Hólum, og Hólmfríður Björnsdóttir.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Sigríður Guðbjörg Kristmundsdóttir 1884–1885, 1890–1891.
Vakursstaðir í Hallárdal.

F. 2. febrúar 1870, d. 15. júní 1941 á Skagaströnd.
Foreldrar: Kristmundur Þorbergsson, f. 16. ágúst 1829, d. 16. febrúar 1906, bóndi á Vakursstöðum, og Elín Pétursdóttir, f. 24. nóvember 1824, d. 24. maí 1906.
Maki: Sigurður Jónsson, f. 1. september 1876, d. 17. apríl 1956, hreppstjóri á Skagaströnd.
Bjuggu á Skagaströnd.
Ingibjörg systir hennar var í skólanum 1883.

Heimildir: *Föðurtún, Skagfirskar æviskrár.*

Sigríður Ólafsdóttir 1894–1895.
Víðidalstunga í Víðidal.

F. 26. september 1875, d. 4. janúar 1952.
Foreldrar: Ólafur Ólafsson söðlasmiður frá Sveinsstöðum og Kristín María Jónsdóttir.
Maki: Sigurjón Jónsson, f. 22. desember 1872, d. 30. ágúst 1955, læknir.
Þegar Sigríður sækir um skólavist á Ytri-Ey er hún til heimilis í Víðidalstungu hjá frændfólki sínu.
Börn: Elín f. 1903, Oddný f. 1904, Júlíus f. 1907 og Ingibjörg f. 1914.
Bjuggu lengst af á Dalvík.

Heimildir: *Föðurtún, Læknatal.*

Sigríður Ólafsdóttir 1897–1898.
Reynhólar í Miðfirði.

F. 16. maí 1878, d. 28. nóvember 1966.
Foreldrar: Ólafur Guðmundsson og Agnes Jóhannesdóttir.
Saumakona í Reykjavík.

Sigríður Pálsdóttir 1888–1889.
Reynistaður í Skagafirði.

F. 1862.
Foreldrar: Páll Pálsson og Guðbjörg Björnsdóttir.
Fór til Vesturheims.

Sigríður Pálsdóttir 1890–1892.
Fljótstunga í Mýrasýslu.

F. 21. ágúst 1863, d. 6. nóvember 1942.
Foreldrar: Páll Jónsson og Jóhanna Jónsdóttir.
Sigríður er sögð matreiðslukona á Ytri-Ey í manntalinu 1890.
Maki: Björn Jónasson.
Börn: Jónas, Páll, Þorbjörg, Hólmfríður og Bjarni.
Bjuggu á Hámundarstöðum í Vopnafirði.

Sigríður Sigurðardóttir 1884–1885.
Botnastaðir í Svartárdal.

F. 1863 (17 ára 1880 skv. manntali).
Foreldrar: Sigurður ? og Ingibjörg Sigurðardóttir.

Sigríður Sigurðardóttir 1886–1887, 1889–1890.

Höskuldsstaðir á Skagaströnd.

F. 31. maí 1874 að Hvammi í Vatnsdal, d. 8. febrúar 1922 í Vesturheimi.

Foreldrar: Sigurður Guðmundsson Nordal, f. 1844, d. 5. apríl 1920, bóndi í Vatnahverfi og Valgerður Jónsdóttir, f. 29. júní 1841, d. 19. júní 1927 í Vesturheimi.

Þau fluttu vestur um haf árið 1874 til Geysisbyggðar í Manitoba þar sem þau gerðust landnemar og nefndu staðinn Norðtungu.

Sigríður var alin upp af prestshjónunum, Eggerti Ó. Briem og Ragnhildi Þorsteinsdóttur Briem, á Höskuldsstöðum frá fæðingu til 19 ára aldurs eða til ársins 1893 er hún flutti til Vesturheims.

„Góð vinátta hafði myndast á milli þeirra hjóna Sigurðar og Valgerðar og sr. Eggerts Briem og Ragnhildar er þau voru vinnuhjú hjá sr. Eggert á Höskuldsstöðum.“ Sigurður og Valgerður höfðu nú ákveðið að flytja til Vesturheims. Þeim hafði orðið þriggja barna auðið er þessi ákvörðun var tekin. Börn þeirra voru Guðmundur átta ára, Sigurður Halldór þriggja ára og Björg tæpra tveggja ára. Valgerður gekk nú með fjórða barn þeirra. Það fæddist 31. maí 1874 eða nokkru fyrir brottför. Var það stúlka, skírð af sr. Eggerti Ó. Briem og gefið nafnið Sigríður.

„Þar sem Briemshjónin áttu ekkert barn, þá kom Sigríður litla eins og engill inn í líf þeirra.“

Maki: Snorri Jónasson, f. 28. febrúar 1867, d. 30. september 1961. Snorri flutti vestur um haf árið 1889 og settist fyrst að í Winnepeg. Stundaði ýmsa atvinnu í Kanada og Bandaríkjunum en var þó lengst af bóndi á Nýja-Íslandi.

Börn: Eggert Ó. Briem, Jón G. Johnson, Sigurður Nordal Johnson, Lárus Þórarinn Johnson, Sveinbjörn Johnson, Valgerður, Guðhilda (Hilda), Einara (Enid) og Helga.

Heimildir: *Vestur íslenskar æviskrár, Almanak ÓTh.* 1932 og 1939, *Skagfirskar æviskrár*; „Nordalsætt í Kanada“, handr. Hskj. A.- Hún., *Mannaferðir og fornar slóðir*.

Sigríður Sigurðardóttir 1895–1896.

Klambrasel í Aðaldal.

F. 17. september 1870, d. 7. október 1957.

Foreldrar: Sigurður Kristjánsson og Sigríður Jónsdóttir.

Sigríður Sumarrós Sigvaldadóttir 1894–1895.

Gilhagi í Vatnsdal / Sölvabakki.

F. 25. apríl 1868, d. 10. janúar 1918.

Foreldrar: Sigvaldi Guðmundsson og Guðbjörg Benediktsdóttir.

Maki: Lárus Stiesen, bóndi og sjómaður.

Börn: Margrét og Guðbjörg.

Bjuggu á Finnstaðanesi á Skagaströnd.

Sigríður Þorleifsdóttir 1884–1885.

Reykir á Reykjaströnd.

F. 25. ágúst 1864, d. 23. júlí 1949 í Gimli í Manitoba.

Foreldrar: Þorleifur Jónsson, f. 30. október 1832, bóndi á Reykjum á Reykjaströnd og Sigríður Þorbergsdóttir, f. 11. janúar 1834.

Maki: Þórarinn Jónsson, f. 20. nóvember 1862 frá Hóli í

Sæmundarhlíð.

Sigríður flutti til Vesturheims ásamt maka, foreldrum og systkinum.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Sigrún Steinunn Rögnvaldsdóttir 1895–1896.

Fell í Sléttuhlíð.

F. 24. apríl 1878, d. 5. janúar 1965.

Foreldrar: Rögnvaldur Rögnvaldsson, f. 1827 d. 1891, bóndi í Dæli í Skiðadal og Guðrún Jónsdóttir, f. 1840, d. 1891.

Hún giftist dönskum manni og bjó síðast í Skotlandi.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Sigurbjörg Daníelsdóttir 1887–1888.

Ásar á Bakásum.

F. 22. október 1871, d. 7. maí 1955.

Foreldrar: Daníel Sigurðsson, bóndi á Ásum, og Sigríður Sigurðardóttir.

Maki: Dunkan Curry.

Börn: Evelyn, Isabel og Peter D. Curry.

Fór til Vesturheims.

Sigurbjörg Friðriksdóttir 1880.

Hjaltabakki.

F. 20. september 1862, d. 13. apríl 1946.

Foreldrar: Friðrik S. Stefánsson, f. 31. ágúst 1840, d. 1. mars 1917, bóndi á Skálá í Sléttuhlíð, og Guðríður Gísladóttir, f. 8. febrúar 1839, d. 17. nóvember 1918. Friðrik og Guðríður skildu og hún flutti til Vesturheims 1894.

Maki: Sigmundur Jóhannsson, f. 14. apríl 1857, d. 30. ágúst 1918, bóndi á Húsabakka í Skagafirði, og síðar í Vesturheimi.

Börn: Friðrik f. 1884 og Ingibjörg f. 1886.

Fluttu til Vesturheims 1894.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Sigurbjörg Guðmundsdóttir 1882.

F. 1. ágúst 1857.

Foreldrar: Guðmundur Jónsson og Guðrún Guðmundsdóttir.

Fór til Vesturheims.

Sigurbjörg Jónsdóttir 1900–1901.

Tjörn á Vatnsnesi.

F. 22. júlí 1884, d. 21. október 1975.

Foreldrar: Jón S. Þorláksson prestur og Ingibjörg Eggertsdóttir.

Lærði mjólkurfræði á Hvítárvöllum og síðar í Danmörku 1907–1908 og starfaði sem rjómaþústyra í 18 sumur. Tók kennarapróf 1913 og kenndi á ýmsum stöðum en var fastráðinn kennari við Barnaskóla Reykjavíkur 1919–1954. Bjó í Reykjavík.

Fósturmóður hennar, síðari kona Jóns, Rannveig Pálsdóttir, var í skólanum 1880.

Heimildir: *Kennaratal*, Minningargrein í *Morgublaðinu* 29. október 1975.

Sigurborg Magnúsdóttir 1895–1896.

Ísafjörður.

F. 19. apríl 1866, d. 7. nóvember 1914.

Foreldrar: Magnús Jóhannesson og Bjargey Gísladóttir.

Maki: Bjarni Vigfússon.

Börn: Gunnar, Kristján Jens, Vigfúsína og Andrés.

Bjuggu á Ísafirði.

Sigurlaug Árnadóttir 1887–1888.

Þverá í Hallárdal.

F. 1861, d. 3. júní 1888.

Foreldrar: Árni Jónsson, f. 26 nóvember 1831, d. 6 október 1918, bóndi á Þverá í Hallárdal, og Svanlaug Björnsdóttir, f. 7. október 1834, d. 6. janúar 1916.

Heimildir: *Íslenskar æviskrár*, Óðinn 1923, *Föðurtún*.

Sigurlaug Björg Árnadóttir 1885–1886.

Hafnir á Skaga.

F. 5. nóvember 1863, d. 24. apríl 1949.

Foreldrar: Árni Sigurðsson, f. 7. mars 1835, d. 17. júlí 1886, bóndi í Höfnum á Skaga, og Margrét Guðmundsdóttir, f. 3. maí 1832, d. 15. júlí 1878.

Maki: Ludvig Knudsen (Didrik Knud), f. 9. febrúar 1867 á Hólanesi, d. 30. apríl 1930, prestur.

Börn: Elísabet f. 1893 og Árni Björn f. 1895.

Sigurlaug var líklega í Teikniskóla Þóru Pétursdóttur 1884.

Bjuggu á Þóroddsstöðum í Kinn, á Bergstöðum í Svartárdal og á Breiðabólstað í Vesturhópi.

Heimildir: *Guðfræðingatal*, Óðinn 1927, Hrafnhildur Schram: *Huldukonur*, Rv. 2005.

Sigurlaug Þ. Björnsdóttir 1881.

Kolugil í Víðidal.

F. 28. september 1858 á Undirfelli í Vatnsdal, d. 12. febrúar 1932.

Foreldrar: Björn Helgason (Marka-Björn) og Elísabet Erlendsdóttir.

Maki: Einar Guðmundsson, f. 4. mars 1854, smiður og bóndi á Síðu í Refasveit.

Börn: Björn, Elísabet Magdalena og Elínborg.

Sigurlaug og Einar bjuggu um fimmtíu ár á Síðu, myndar- og snyrtibúi, Hún hafði mikinn áhuga á öllu því er laut að auknum réttindum kvenna og einnig því er snerti heimilisiðnað.

Heimildir: *Föðurtún*, *Íslenskar æviskrár*, Óðinn 1930, Erla Jakobsdóttir á Síðu, Sigurlaug var amma hennar.

Sigurlaug Elísabet Björnsdóttir 1884–1885.

Hafnir á Skaga.

F. 12. maí 1868 á Tjörn á Skaga, d. 2. maí 1928 í Reykjavík.

Foreldrar: Björn Sigurðsson, f. 9. febrúar 1840, d. 24. júlí 1868, frá Höfnum og Elín Jónsdóttir, f. 7. nóvember 1833, d. 20. júní 1902, frá Skúmsstöðum á Eyrarbakka.

Sigurlaug Elísabet giftist ekki né eignaðist börn. Þjónustuhlutverk við fjölskyldu bróður hennar, Árna prest á Sauðárkróki, varð hennar ævistarf. Hún var samtíða einn vetur Jóhanni skáldi Sigurjónssyni frá Laxamýri. Það var veturinn áður en hann fór í Lærða skólann en þá var hann 15 ára í undirbúningsnámi hjá mági sínum, Árna presti á Sauðárkróki. Þessi samvera þeirra Sigurlaugar og Jóhanns leiddi af sér þann orðróm að þau hefðu verið trúlofuð og Jóhann hefði slitið trúlofuninni er hann kom til Kaupmannahafnar.

Heimildir: *Hafnamenn á Skaga, Föðurtún, Reykjahliðarætt, Laxamýrarætt*, Jón Viðar Jónsson: *Kaktusblómið og nóttin*, Akureyri 2004.

Sigurlaug Gísladóttir 1895–1896.

Skíðastaðir í Skagafirði.

F. 16. júní 1873, d. 3. október 1959.

Foreldrar: Gísli Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir.

Maki: Ólafur Guðmundsson.

Barn: Þórey.

Bjuggu á Sauðárkróki.

Systir hennar, Jóhanna Guðrún, var í skólanum á sama tíma.

Sigurlaug Guðmundsdóttir 1883–1884.

Ás í Vatnsdal.

F. 12. júní 1868 á Haukagili í Vatnsdal, d. 3. mars 1960 í Reykjavík.

Foreldrar: Guðmundur Jónasson, f. 25. september 1839, d. 5. september 1904, bóndi í Ási, og Ingibjörg Markúsdóttir, f. 1. júlí 1830, d. 19. mars 1916.

Sigurlaug var eina barn foreldra sinna sem lifði en önnur börn þeirra dóu ung eða fæddust andvana. Sigurlaug var greind kona, ættfróð, minnug og las mikið. Stóð hugur hennar til bóknáms og fræðiiðkana og hún var í kvennaskólanum í Reykjavík 1884–1885. Hún var hreinlynd og hreinskiptin og mikill vinur vina sinna.

Maki: Guðmundur Ólafsson frá Guðrúnarstöðum, bóndi og alþingismaður í Ási.

Þau áttu ekki börn sem upp komust.

Heimildir: *Ásverjar í Vatnsdal, Föðurtún*, Minningarorð eftir sr. Þorstein B. Gíslason.

Sigurlaug Jakobína Indriðadóttir 1886–1887, 1890–1891.

Ytri-Ey á Skagaströnd.

F. 3. mars 1871, d. 15. maí 1953.

Foreldrar: Indriði Jónsson, f. 2. ágúst 1836, d. 21. apríl. 1921, bóndi á Ytri-Ey og Súsanna Jóhannsdóttir, f. 18. maí 1833, d. 17. júní 1874.

Maki: Jónas H. Jónsson, f. 26. febrúar 1875, d. 12. desember 1941, trésmiður og síðar fasteignasali.

Börn: Súsanna, Ingunn og Regína.

Bjuggu í Reykjavík.

Heimildir: *Föðurtún*.

Sigurlaug Jóhanna Jónsdóttir 1896–1897.

Hjarðarholt í Dalasýslu.

F. 22. ágúst 1879, d. 20. desember 1967.

Foreldrar: Jón Jónsson og Ástríður Árnadóttir.

Maki: Sigurður Jónsson.

Börn: Jóna, Ragna og Óskar.

Bjuggu í Gröf og á Hamri í Dalasýslu en síðar í Reykjavík.

Sigurlaug Sigurðardóttir 1893–1894.

Hof á Skagaströnd.

F. 16. desember 1875, d. 29. mars 1960.

Foreldrar: Sigurður Sigurðsson frá Hellu í Blönduhlíð og Ingibjörg Hallgrímsdóttir. Þau voru mjög fátæk hjón með stóran hóp barna og urðu að búa við vinnumennsku eða húsmennsku nær alla sína tíð.

Maki: Ólafur Björnsson, bóndi og kennari.

Börn: Björn f. 1897, bóndi á Árbakka, Björg, f. 1900, á Árbakka og fösturdóttirin, Þórhildur Ingibjörg Jakobsdóttir.

Foreldrar hennar voru þau Hallfríður Sigurðardóttir (nemandi 1893–1894) og Jakob Frímannsson, kennari frá Vindhæli.

Bjuggu á Árbakka á Skagaströnd.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*; *Húnavaka* 1997.

Sigurlaug Sigríður Stefánsdóttir 1881.

Höfðahólar á Skagaströnd.

F. 8. desember 1863, d. 15. ágúst 1889.

Foreldrar: Stefán Sigurðsson, f. 6. janúar 1832, d. 8. október 1905, bóndi í Höfðahólum, og Ólöf Jónsdóttir, f. 7. október 1833, d. 1. október 1874 (hálsystir Sölva Helgasonar).

Sigurlaug var um tíma vinnukona á Stóra-Bergi á Skagaströnd og síðar í húsmennskuhokri á Hafursstöðum með barnsföður sínum, Nikulási Helgasyni, f. 26. desember 1858, d. 25. ágúst 1931.

Börn: Haraldur f. 2. apríl 1886, d. 1939, sjómaður til heimilis á Litla-Bergi á Skagaströnd, og Albert f. 13. október 1888, d. 28. apríl 1927, þá vinnumaður á Brúsastöðum í Vatnsdal.

Heimildir: Rúnar Kristjánsson á Skagaströnd, *Skagfirskar æviskrár*.

Sigurlaug Vigfúsdóttir 1888–1889.

Egg í Hegranesi.

F. 11. maí 1870 að Ási í Hegranesi, d. 28. ágúst 1951 á Reykjarhóli Skagafirði.

Foreldrar: Vigfús Reykdal, lausamaður, og Sigurlaug Eggertsdóttir, f. 29. júní 1848, d. 3. október 1882, frá Skefilsstöðum á Skaga en þá vinnukona í Ási. Sigurlaug Eggertsdóttir var einstæð móðir sem varð að koma barni sínu í föstur. Sigurlaugu kom hún í föstur til hjónanna, Jóns Guðmundssonar og Sigríðar Pálsdóttur, er bjuggu á Egg í Hegranesi og varð Sigurlaug fösturdóttir þeirra. Þar elst hún upp og fer þaðan í Kvennaskólann. Hún fór síðan í vist að Geitaskarði í Langadal en hún var heitbundin Erlendi Einarssyni, bónda á Fremsta-Gili, sem er næsti bær við Geitaskarð.

Sigurlaug dó af barnsförum en barnið lifði, Einar Erlendsson Blandon f. 23. september 1882, d. 1954, sýsluskrifari á

Seyðisfirði (sjá Anna Guðrún Guðmundsdóttir 1895–1896).
Sigurlaug Vigfúsdóttir var bústýra hjá ekkjumanninum, Sigurjóni Markússyni, bónda í Eyhildarholti í Hegræsi. Hann missti konu sína 1896 en þau höfðu þá eignast þrjú börn saman. Hlutskipti Sigurlaugar varð að taka við þessu heimili sem bústýra, því aldrei giftu þau sig en þau eignuðust saman fjögur börn.

Börn: María, Líney, Vigfús Reykdal og Markús.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*, *Skíðastaðaætt*, *Bollagarðaætt*.

Sigurlína Guðmundsdóttir 1895–1896.

Ísafjörður.

F. 12. september 1873, d. 30. nóvember 1912.

Foreldrar: Guðmundur Guðmundsson og Guðrún Benediktsson.

Maki: Guðlaugur Guðmundsson.

Börn: Pétur, Guðmundur, Magdalena, Guðrún, Benedikt og Leó.

Bjuggu á Bakka og Kletti í Geiradal.

(Björg) Sigurrós Einarsdóttir 1891–1892.

Bíldudalur.

F. 2. mars 1869, d. 31. desember 1952.

Foreldrar: Einar Einarsson og Sigurlaug Jónsdóttir.

Maki: Samúel Jónsson smiður.

Börn: Einar, Helga, Sigríður og Haraldur.

Bjuggu á Ísafirði.

Sigprúður Karólína Einarsdóttir 1888–1889, 1896–1897.

Hafurstaðakot á Skagaströnd.

F. 5. janúar 1873 í Vindhælisbúð, d. 25. júní 1909 í Viðvík á Skagaströnd.

Foreldrar: Einar Gíslason, f. 11. janúar 1837, d. 25. júní 1887, bóndi og María Guðmundsdóttir, f. 30. júní, d. 15. feb 1934.

Maki: Pétur Jakob Stefánsson, f. 29. janúar 1878, d. 29. júní 1962, bóndi og sjómaður.

Börn: Sigurbjörg f. 1906 og Einar Bergmann f. 1908.

Bjuggu á Lækjarbakka á Skagaströnd.

Heimildir: *Niðjatal Guðrúnar Guðmundsdóttur og Guðmundar Jónssonar frá Gaflí, Húnavaka* 1966.

Snjólaug Júlíana Sigfúsdóttir 1892–1893.

Syðri-Varðgjá í Eyjafirði.

F. 27. júlí 1870, d. 4. júlí 1942.

Foreldrar: Sigfús Guðmundsson, bóndi á Syðri-Varðgjá, og Margrét Kristjánsdóttir.

Maki: Bjarni Arason, f. 14. febrúar 1864, d. 5. júní 1944, bóndi.

Börn: Ari f. 1893, Sigfús Hermann f. 1897, Helga f. 1899, Margrét f. 1901 og Jón f. 1910.

Bjuggu á Grýtubakka í Höfðahverfi.

Heimildir: *Svalbarðsstrandarbók*, upplýsingar frá Grétu Björnsdóttur á Húnsstöðum.

Soffía Guðrún Jónsdóttir 1897–1898.

Reykjavík.

F. 7. júlí 1873, d. 7. janúar 1960.

Foreldrar: Jón Jasonarson og Ásta María Ólafsdóttir.

Maki: Sigurbjarni Jóhannesson.

Börn: Ásta, Gústaf og Sigríður.

Bjuggu fyrst á Borðeyri og Hvammstanga en síðar í Reykjavík.

(Anna) Soffía Árnadóttir (Thoroddsen) 1898–1899.

Hvalláttur.

F. 24. apríl 1870, d. 29. janúar 1929.

Foreldrar: Árni Jónsson Thoroddsen og Sigríður Snæbjörnsdóttir.

Kennari og kaupkona, fyrst í Reykjavík en síðar á Patreksfirði.

Soffía Guðrún Halldórsdóttir 1883–1885.

Goðdalir í Skagafirði.

F. 2. janúar 1866.

Foreldrar: Halldór Rögnvaldsson og Sigurbjörg Halldórsdóttir.

Maki: Björn Jósafatsson, ritstjóri Heimskringlu.

Börn: Jóhannes, Haraldur, Svava, Halldóra og Helen.

Fór til Vesturheims.

Systir hennar, Anna Sigríður, var í skólanum 1886–1887.

(Júlíana) Soffía Jónsdóttir 1889–1890.

Borðeyri í Hrútafirði.

F. 10. júlí 1867, d. 15. febrúar 1941.

Foreldrar: Jón Stefánsson og Helga Guðmundsdóttir.

Maki: Jón Jónsson.

Börn: Pétur, Helga, Guðjón, Sigfús, Elínbjörg og Margrét.

Bjuggu á Búrfell í Miðfirði.

Soffía Ólafsdóttir 1891–1892.

Guðrúnarstaðir í Vatnsdal.

F. 28. ágúst 1871.

Foreldrar: Ólafur Ólafsson, bóndi á Guðrúnarstöðum, f. 8. apríl 1830, d. 13. maí 1876 og Guðrún Guðmundsdóttir, f. 14. nóvember 1834, d. 18. mars 1906.

Soffía var systir Guðmundar alþingismanns og bónda í Ási í Vatnsdal og hefur líklega dáið ung.

Heimildir: *Steinárætt*.

Sólveig Eggertsdóttir 1888–1889.

Mælifell í Skagafirði.

F. 24. desember 1869 á Mælifelli, d. 10 júlí 1946 á Hofi á Höfðaströnd.

Foreldrar: Eggert Jónsson frá Mælifelli (Eggert druknaði undan Ólafsþjórðarmúla á leið til útlanda haustið 1877) og Sigurveig Ingimundardóttir.

„Sólveig var stórfalleg kona og hvers manns hugljúfi, greind og skemmtileg,” segir Gunnþórunn Sveinsdóttir frá Mælifellsá í bókinni, *Gleym mér ei*. Sólveig var amma

Pálma Jónssonar í Hagkaupum.

Maki: Jón Pétursson, f. 3. júlí 1867, d. 7. febrúar 1946, bóndi.

Börn: Eggert f. 1890, Pétur f. 1892, Jón f. 1894, Hólmfríður f. 1896, Jórunn f. 1901, Pálmi f. 1902, Steinunn Ingibjörg f. 1902, Pálína Sigurveig f. 1904, Björn Axfjörð f. 1906, Ólafur Halldór f. 1907, Herdís Rannveig f. 1909 og Stefán f. 1915.

Bjuggu á Nautabúi í Neðribyggð.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Sólveig Eysteinsdóttir 1885–1887.

Orrastaðir á Ásum.

F. 14. mars 1862, d. 1. janúar 1914.

Foreldrar: Eysteinn Jónsson, f. 1818, bóndi á Orrastöðum og Guðrún Erlendsdóttir, f. 1820.

Maki: Hinrik Magnússon, f. 13. apríl 1851, d. 10. desember 1928, bóndi.

Börn: Eysteinn, dó ungur, Lárus, bjó á Kurfi í Skagahreppi, búfræðingur frá Hólaskóla, Guðrún, lærði ljósmyndun í Kaupmannahöfn og var gift dönskum manni, Laurity Funch-Rasmussen vélstjóra á Akureyri og Margrét, kaupmaður gift Guðmundi Ögmundssyni bónda á Hofi á Skagaströnd en síðar málari í Reykjavík.

Bjuggu á Tindum.

Sólveig var alsystir Björns Eysteinsonar í Grímsstungu í Vatnsdal.

Heimildir: *Ættir Austur Húnvetninga, Snæbjarnarætt, Sjálfsævisaga Björns Eysteinsonar*.

Sólveig Guðmundsdóttir 1895–1896.

Staðarbakki í Miðfirði.

F. 1. maí 1873, d. 5. nóvember 1943.

Foreldrar: Guðmundur Sturluson og Jónína Kristjánsdóttir. Sólveig tók ljósmóðurpróf 1901 og var ljósmóðir í sínum heimahögum fram til ársins 1924 og var einnig hjúkrunarkona, eftir að hafa lokið hjúkrunarnámskeiði, í Bólstaðarhlíðarumdæmi 1920–1924.

Maki: Halldór Hjálmarsson.

Börn: Sigurður, Guðmundur, Hafsteinn og Einar.

Bjuggu fyrst í Selhaga í Skörðum en síðar á Akureyri.

Heimildir: *Ljósmæðratal*.

Sólveig Jónsdóttir 1893–1894.

Kross í Fellum.

F. 8. mars 1873, d. 5. nóvember 1922.

Foreldrar: Jón Magnússon og Sigríður Sveinsdóttir.

Ljósmóðurpróf 1896 og var ljósmóðir í Fellum 1896–1908.

Maki: Páll Pálsson bóndi.

Börn (fósturbörn): Sólrún Eiríksdóttir og Páll Gíslason.

Bjuggu á Birnufell og síðar á Krossi í Fellum.

Heimildir: *Ljósmæðratal*.

Stefanía Guðmundsdóttir 1887–1888.

Öxl í Þingi.

F. 1. apríl 1861, d. 30. október 1937.

Foreldrar: Guðmundur Guðmundsson og Guðrún Einarsdóttir.

Maki: Jón Jónsson bóndi í Öxl.

Börn: Jósef, prestur á Setbergi, f. 1888, Guðrún á Guðrúnarstöðum, Jórunn í Reykjavík, Helga á Akureyri, Sigurður bóndi á Litlu-Giljá og Jón bóndi í Öxl f. 1893.

Bjuggu í Öxl.

Heimildir: *Húnavaka* 1977, *Föðurtún*, *Guðfræðingatal*, *Ættir Austur–Húnavetninga*, *Feðraspor og fjörusprek*.

Stefanía Andrea Vilhelmína Guðmundsdóttir 1891–1892.
Djúpivogur.

F. 28. mars 1873, d. 6. nóvember 1918.

Foreldrar: Guðmundur Stefánsson og Júlíana Schousdóttir.

Maki: Páll H. Gíslason.

Börn: Stefán, Gísli, Guðmundur og Kristín.

Bjuggu fyrst á Djúpavogi en síðar á Fáskrúðsfirði.

Stefanía Jónsdóttir 1891–1892.
Skjaldþingsstaðir í Vopnafirði.

F. 6. febrúar 1862, d. 27. janúar 1956.

Foreldrar: Jón Jónsson, bóndi á Skjaldþingsstöðum og í Krossavík í Vopnafirði, og Margrét Björnsdóttir. Var hún ellefta í röðinni af tólf börnum þeirra.

Um bernsku sína og uppvaxtarár sagði Stefanía m.a.: „Kornung var eg tekin í föstur, til að léttast af heimili foreldra minna. En þegar eg var á níunda árinu, voru þau búin að missa átta af börnum sínum. Þá fór eg til þeirra aftur og var hjá þeim í þrjú ár en síðan fór ég til systur minnar, Sigríðar,

er var gift Birni á Vindfelli, af Torfastaðætt.“ Stefanía yfirgaf æskustöðvarnar til þess að afla sér menntunar og fór í Kvennaskólann á Ytri-Ey. „Það var Ytri-Eyjarskólinn sem hjálpaði mér áfram, hin verklega kennsla hjá minni góðu Elínu Briem.“

Að lokinni skólavist fór Stefanía sem ráðskona til Páls Briem, sýslumanns í Rangárvallasýslu. Hjá honum var þá skrifari Jón G. Sigurðsson frá Skriðulandi í Skagafirði. Þau Stefanía bundust heitum og eignuðust eina dóttur en ekki höfðu örlögin ætlað þessum elskendum lengri samfylgd. Stefanía dvaldi með dóttur sína á ýmsum heimilum á Suðurlandi, oftast sem ráðskona, en þær mæðgur áttu heimili í Reykjavík frá 1912.

Barn: Margrét Jónsdóttir, f. 20. ágúst 1893, d. 9. desember 1971, kennari og skáld. Faðir Margrétar var Jón G. Sigurðsson, sýsluskrifari og síðar bóndi á Hofgörðum í Staðarsveit.

Heimildir: *Kennaratal*, *Skagfirskar æviskrár*.

Stefanía Pétursdóttir 1884–1885.
Djúpidalur í Skagafirði.

F. 18. nóvember 1867 í Djúpadal, d. 17. janúar 1930 á Hesti í Borgarfirði.

Foreldrar: Pétur Guðmundsson, f. 5. október 1844 á Ásláksstöðum í Kræklingahlíð og Bergþóra Andrésdóttir, f. 24. febrúar 1841, d. 5. mars 1910. Foreldrarnir voru ekki hjón.

Maki: Albert Ágúst Jónsson f. 31. ágúst 1857, d. 24. nóvember 1936, bóndi.

Börn: Eiríkur f. 1887, prestur, Jón f. 1892, Valtýr f. 1896, læknir, og Gísli f. 1899, bústjóri.
Bjuggu í Flugumýrarhvammi í Blönduhlíð.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Stefanía Stephensen 1891–1892.

Mosfell í Árnessýslu.

F. 19. október 1869, d. 14. febrúar 1957.

Foreldrar: Stefán Stephensen, f. 20. janúar 1832, d. 10. mars 1922, prestur, og Sigríður Gísladóttir, f. 29. apríl 1839, d. 19. júní 1922.

Maki: Sigfús Thorarensen bóndi.

Barn: Stefán.

Bjuggu í Hróarsholti.

Systir hennar, Kristín, var í skólanum á sama tíma.

Heimildir: *Niðjatal Þorvalds Böðvarssonar, Guðfræðingatal*.

Steinunn Bjarnadóttir 1890–1891.

Þórormstunga í Vatnsdal.

F. 14. nóvember 1869, d. í Kanada.

Foreldrar: Bjarni Snæbjörnsson, f. 2. júlí 1829, d. 14. maí 1894, bóndi í Þórormstungu, og Guðrún Guðmundsdóttir, f. 24. apríl 1831, d. 26. ágúst 1917.

Steinunn var við kennslu unglinga veturna 1892–1894 í Undirfells- og Hjaltabakkasóknum. Fór til Vesturheims árið 1900 (Steine Bergman). Kennslukona.

Maki: Hjálmar Jónsson.

Heimildir: *Föðurtún, Ættarskrá sr. Bjarna Þorsteinssonar*.

Steinunn Guðmundsdóttir 1900–1901.

Svertingsstaðir í Miðfirði.

F. 18. febrúar 1880 á Syðri-Völlum, d. janúar 1956.

Foreldrar: Guðmundur Guðmundsson bóndi og smiður á Syðri-Völlum og Elínborg Guðmundsdóttir (d. 1884). Móðir Steinunnar lést árið 1884 frá 6 börnum og það elsta á 8. ári. Heimilið leystist þá upp og kom Guðmundur börnunum fyrir hjá systkinum sínum og vinafólki. Steinunn fór að Svertingsstöðum í Miðfirði til föðursystur sinnar, Ólafar Guðmundsdóttur, og manns hennar, Sigurðar Jónassonar, og ólst þar upp og þaðan fer hún í kvennaskóla á Ytri-Ey. Eftir það fer hún til Aureyrar og er þar um tíma, fer síðan til Reykjavíkur og er hjá frænda sínum, Guðmundi Björnssyni, landlækni. Árið 1907 fer hún til Danmerkur og var þar við nám í hjúkrun og nuddlækningum til 1910. Hún setti upp nuddlækninga- og ljóslækningastofu í Reykjavík sem hún rak meðan heilsa hennar og starfskraftar leyfðu.

Maki: Loftur Sigurðsson trésmíðameistari frá Miðdalskoti í Laugardal.

Heimildir: *Föðurtún*.

Steinunn Sigríður Ingimundardóttir 1898–1899.

Bíldudalur.

F. 22. ágúst 1878, d. 16. desember 1960.

Foreldrar: Ingimundur Gíslason og Björg Jónsdóttir.

Bjó í Reykjavík.

Steinunn Ragnheiður Kristjánsdóttir 1898–1899.

Tunga í Skutulsfirði.

F. 12. júní 1876, d. 1957.

Maki: Jón Kristjánsson.

Fór til Vesturheims, deyr í Lundar.

Steinunn Ólafsdóttir 1898–1899.

Reykjavík.

F. 12. júní 1880, d. 12. ágúst 1963 í Kaupmannahöfn.

Foreldrar: Ólafur Hjartarson, bóndi í Austurhlíð í Biskupstungum, og Guðrún Þórðardóttir ljósmóðir.

Steinunn lauk hjúkrunarnámi í Kaupmannahöfn 1903 og starfaði m.a. sem hjúkrunarkona við Franska spítalann í Reykjavík 1903–1904 og síðar sem einkahjúkrunarkona í Kaupmannahöfn. Hlaut viðurkenningu vegna mikillar hjálpssemi og fyrirgreiðslu við Íslendinga.

Maki: Þórður Ólafur Jónsson tollvörður og yfirvarðstjóri í Kaupmannahöfn.

Steinunn og Þórður bjuggu í Kaupmannahöfn á Nordre Frihavnsgade 31 „...héldu uppi eins konar Unuhúsi Íslendinga Kaupmannahöfn.“

Börn: Halldór verslunarmaður, f. 27 október 1914, og Dýrleif Ármann (fósturdóttir) f. 19 desember 1915. Móðir Dýrleifar var Guðrún Jóhannesdóttir sem var í skólanum 1894–1896.

Heimildir: *Óðinn* 1925, minningargrein í *Morgunblaðinu* 17. ágúst 1963, *Hjúkrunarkvennatal*.

Steinunn Pétursdóttir 1888–1889.

Álfgeirsvellir í Skagafirði.

F. 10. mars 1870 í Valadal, d. 31. maí 1962 í Reykjavík.

Foreldrar: Pétur Pálmason og Jórunn Hannesdóttir.

Maki: Vilhjálmur Briem, f. 18. janúar 1869, d. 1959, prestur og síðar forstjóri Söfnunarsjóðs Íslands.

Eftir sex ára búskap í Goðdölum missti Vilhjálmur heilsuna og þá fara þau til Danmerkur til læknis en börnunum var komið fyrir hjá ættingjum. Steinunn notar tímann og lærir saumaskap því að óvíst var hvort maður hennar mundi lifa af og ná heilsu á ný og þá þurfti hún að geta séð fyrir sér og börnunum. Vilhjálmur fékk heilsuna og allt fór á betri veg. Í Reykjavík tók hún að sér nemendur í saumaskap og kenndi einnig á hljóðfæri.

Börn: Eggert Vilhjálmur f. 1895, Gunnlaug Friðrika f. 1902 og Unnur f. 1905.

Fósturbörn: Sigurður Eyjólfsson Birkis og Kristín Jónsdóttir.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*, *Briemsætt*.

Steinvör Lárusdóttir 1881, 1886–1887.

Ásgeirsá í Víðidal.

F. 19. júlí 1867, d. 1901.

Foreldrar: Lárus Einarsson, d. 1882 og Jónína Steinvör Eggertsdóttir.

Heimildir: *Föðurtún*, *Íslenskar æviskrár*.



Svanfríður Jónsdóttir 1890–1891.

Bíldudalur.

F. 19. desember 1861, d. 5. september 1936.

Foreldrar: Guðmundur Árnason og Ingibjörg Eiríksdóttir.

Bjó á Flateyri og síðar í Reykjavík.

Svanlaug Elísabet Sigurðardóttir 1887–1888.

Kjarland á Skagaströnd.

F. 12. október 1866, d. 22. janúar 1948.

Foreldrar: Sigurður Benjamínsson og Sigríður Björnsdóttir.

Bjó á Eskifirði.

Systur hennar við skólann voru Guðrún (1889–1890), Kristjana (1889–1890) og Ósk (1884–1885).

Sveinbjörg Bjarnadóttir 1892–1893.

Hafrafell í Fellum.

F. 22. janúar 1868, d. 1953.

Foreldrar: Bjarni Sveinsson, bóndi á Hafrafelli, og Anna Bjarnadóttir.

„Sveinbjörg var fríð kona, greind og skemmtileg, hafði yndi af söng og ljóðagerð. Námið á Ytri-Ey varð henni gott veganesti út í lífið, hún fjekk mikið hrós fyrir handavinnu sína og nokkuð af henni var varðveitt í eigu dætra hennar.“

Maki: Jón Stefánsson, d. 1922, bóndi.

Börn: Elísabet og Anna.

Bjuggu á Hreiðarsstöðum í Fellum.

Heimildir: *Hlín* 1956.

Valdís Gunnarsdóttir 1892–1893.

Arnarnes í Dýrafirði.

F. 14. júní 1863, d. 8. ágúst 1937.

Foreldrar: Gunnar Jónsson og Valdís Þorleifsdóttir.

Maki: Guðmundur Hávarðsson.

Bjó í Reykjavík.

Valgerður Kristín Steinsen 1890–1891.

Hjaltebakki.

F. 12. ágúst 1871 á Hjaltebakka, d. 7. apríl 1951 í Reykjavík.

Foreldrar: Steinn Torfason Steinsen, f. 4. apríl 1838 d. 27.

júlí 1883, prestur, og Vilhelmina Katrín Moritz Steinsen, f.

Bering, f. 3. mars 1840, d. 30. október 1917.

Var í mörg ár ráðskona á Víðisstaðaspítala.

Heimildir: *Dalamenn, Guðfræðingatal, Bókin um Víðisstaði*.



Þorbjörg Friðriksdóttir 1894–1895.

Bíldudalur.

F. 19. september 1869, d. 18. júní 1931.

Foreldrar: Friðrik Símonarson og Guðrún Ólafsdóttir.

Þorbjörg bjó fyrst á Ísafirði og stundaði m.a. kennslu en fór til Danmerkur og lauk prófi árið 1909 frá Dansk Kunstflidsforeningen. Hún var handavinnukennari við Barnaskóla Reykjavíkur og Kvennaskólann frá 1909 til 1931.

Heimildir: *Kennaratal*.

Þorbjörg Nikulásdóttir 1895–1896.

Engey.

F. 18. september 1873, d. 26. júní 1925.

Maki: Jón Jakobsson.

Börn: Gunnar Kristinn, Nikulás og Anna Guðrún.

Bjó í Reykjavík.

Þorgerður Vilhelmína Gunnarsdóttir 1895–1896.

Svínvatn í Svínadal.

F. 11. september 1878, d. 20. júní 1921.

Foreldrar: Gunnar Hafliðason og Ingibjörg Gunnlaugsdóttir.

Maki: Ólafur Þórarinsson múrarameistari.

Börn: Sara, Gunnar, Thelma, Helga, Ingibjörg og Gunnlaugur.
Bjuggu í Reykjavík.

Þorgerður Kristín Jónsdóttir 1898–1899.

Kýrunnarstaðir á Fellsströnd.

F. 4. apríl 1879, d. 11. mars 1951.

Foreldrar: Jón Kolbeinssen, f. 8. janúar 1851, d. 17. júlí 1882, bóndi og smiður í Efríhlíð í Helgafellssveit, og Elínborg Sigríður Þorgrímsdóttir, f. 23. apríl 1848, d. 2. febrúar 1941.

Kennarapróf frá Flensborg 1901. Heimiliskennari í Birtingaholti og Kirkjubæ 1901–1902 og handavinnukennari við Barnaskóla Hafnarfjarðar 1907–1908. Kenndi smábörnum í Hafnarfirði 1940–1945.

Maki: Aðalbjörn Bjarnason f. 24. apríl 1871, d. 27. júlí 1946, skipstjóri og bókbindari.

Börn: Laufey f. 1904, Jón Kolbeinssen f. 1905, Skarphéðinn f. 1907, Bjarni f. 1908, Elínborg f. 1912, Þórdís f. 1914, Jón f. 1917, Ingólfur f. 1921 og Sigrún f. 1923.

Bjuggu í Hafnarfirði.

Heimildir: *Kennaratal*.

Þóra Hjörleifsdóttir 1879.

Undirfell í Vatnsdal.

F. 29. júlí 1861 í Blöndudalshólum, d. 10. ágúst 1896 í Winnipeg.

Foreldrar: Hjörleifur Einarsson, f. 25 maí 1831, d. 13.

október 1910, prestur, og Guðlaug Eyjólfsdóttir, f. 14. febrúar 1833, d. 18 apríl 1884.

Þóra fluttist til Vesturheims.

Hjörleifur var prestur á Undirfelli 1876–1906 og kennari og umsjónarmaður fyrsta veturinn sem skólinn starfaði.

Heimildir: *Guðfræðingatal*.

Þóra Jónsdóttir 1891–1892.

Auðkúla í Svínadal.

F. 15. júní 1872, d. 4. desember 1947.

Foreldrar: Jón Þórðarson, f. 3. október 1826, d. 13. júní 1885, prestur, og Sigríður Eiríksdóttir Sverrisson, f. 18. febrúar 1830, d. 23. mars 1916.

Maki: Stefán Magnús Jónsson prestur.

Börn: Hólmfríður og Sigríður.

Bjuggu á Auðkúlu.

Heimildir: *Óðinn XI., Guðfræðingatal, Föðurtún*.

Þórey Jónsdóttir Austfjörð 1891–1892.

Þorvaldsstaðir í Breiðdal.

F. 16. febrúar 1869, d. 22. mars 1914.

Foreldrar: Jón Austfjörð Jónsson, f. 31. maí 1810, d. 16. júní 1870, prestur og Þórunn Magnúsdóttir.

Þórey var kennari við Ytri-Eyjarskóla 1893–1895.

Maki: Björn Árnason bóndi.

Börn: Sigurlaug f. 1896, Árni Stefán f. 1898, Þórarinn f. 1903 og Ólafur Austfjörð f. 1912.
Bjuggu á Syðri-Ey á Skagaströnd.

Heimildir: *Ættir Austfirðinga*.

Þórdís Einarasdóttir 1896–1897.

Klettur í Kollafirði.

F. 13. desember 1875, d. 5. desember 1967.
Foreldrar: Einar Jónsson og Halldóra Jónsdóttir
Maki: Ólafur V. Ófeigsson.
Börn: Ásgeir, Bragi og Halldóra.
Bjuggu í Keflavík / Njarðvík.

Þórdís Stefánsdóttir 1890–1891.

Geitagerði í Fellum.

F. 27. október 1869 á Valþjófsstað í Fljótssdal, d. 7. apríl 1956.
Foreldrar: Stefán Pétursson, f. 25. október 1845, d. 12. ágúst 1887, prestur á Hjaltastað, og Ragnhildur Metúsalemsdóttir, f. 7. september 1844, d. 6. janúar 1923.
Þórdís lærði hannyrðir og tungumál í Reykjavík 1895–1896, var kennari við Kvennaskólann á Akureyri 1896–98 og lærði hússtjórn og ensku á Englandi 1898–1899. Hún var handavinnukennari við Barnaskólann á Akureyri 1920–1935.
Maki: Davíð Sigurðsson, f. 7. júlí 1862, d. 22. febrúar 1945, trésmíðameistari.
Barn: Sigríður f. 22. september 1902.

Systir Þórdísar, Anna, var í skólanum 1893-1894 og 1896-1897.

Bjuggu á Akureyri.

Heimildir: *Hlín* 1958, *Íslenskar æviskrár*, *Kennaratal*.

Þórleif Valgerður Friðriksdóttir 1883–1886.

Brúnastaðir í Fljótum.

F. 15. september 1862 á Veðramóti, d. 19. mars 1935 í Hafnarfirði.
Foreldrar: Friðrik Jónsson, f. 6. apríl 1833, d. 1. mars 1924, bóndi á Brúnastöðum í Fljótum og Steinunn Þórleifsdóttir, f. 24. desember 1833, d. 29. desember 1919.
„Þórleif Valgerður var mikil húsfreyja og myndarleg. Heimili þeirra hjóna á Bræðraá var rómað vegna gestrisni. Þótt hún ynni langan vinnudag þá neitaði hún sér ekki um að lesa góðar bækur og hafði mætur á fögrum ljóðum. Þórleif var góður vinur vina sinna og tryggðatröll. Sameinaði hún með hinum fegursta hætti hreinskilna einurð og þrúðmennsku í allri framkomu.“
Maki: Guðmundur Anton Guðmundson bóndi, f. 21. október 1867.
Börn: Steinunn f. 1894, Guðmundur Anton f. 1896 og Friðrik f. 1898.
Bjuggu á Bræðraá í Sléttuhlíð.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár*.

Þórunn Ingibjörg Baldvinsdóttir 1898–1899.

Bollastaðir í Blöndudal.

F. 28. september 1879, d. 30. júlí 1911.

Foreldrar: Baldvin Einarsson frá Gíslastöðum á Völlum f. 15. júní 1841 og Ingibjörg Guðmundsdóttir frá Hvammi í Svartárdal.

Eftir námið á Ytri-Ey var Þórunn kennari á nokkrum stöðum, t.d. í Mjóadal (í Laxárdal) og þar var einn nemandi hennar, Sigurður Guðmundsson, seinna skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Hún var einnig við kennslu hjá Jóhanni Möller, kaupmanni á Blönduósi, og hjá Herðísi Pétursdóttur á Sauðárkróki. Árið 1902 fór Þórunn til Danmerkur til að fullkomna sig í orgelspili.

Maki: Stefán Stefánsson, f. 26. apríl 1864, d. 22. október 1938, læknir í Aars í Jótlandi.

Börn: Imba (skírð Ingibjörg) f. 1. maí 1905, Guðrún Jakobína f. 6. september 1906 og Árni f. 19. apríl 1908.

Bjuggu í Danmörku.

Systur Þórunnar, Guðlaug Soffía og Oddný María voru í kvennskólanum 1879–1880 þegar skólinn var á Undirfelli.

Heimildir: *Föðurtún, Hlín* 1959, *Læknatal*.

Þórunn Krístrún Bjarnadóttir 1892–1893.

Hafrafell í Fellum.

F. 10. maí 1870, d. 9. desember 1907.

Foreldrar: Bjarni Sveinsson og Anna Bjarnadóttir.

Maki: Ólafur Bessason.

Börn: Anna, Björg og Birna.

Bjuggu á Birnufelli.

Sveinbjörg systir hennar var í skólanum á sama tíma.

Þórunn Guðmannsdóttir 1896–1897.

Krossanes á Vatnsnesi.

F. 29. júní 1878, d. 22. febrúar 1910.

Foreldrar: Guðmann Árnason og Ögn Eyjólfsdóttir.

Maki: Sigurður Jónsson Hlíðdal.

Fóru til Vesturheims.

Þórunn Jóhannesdóttir 1894–1895.

Sveinseyri í Tálknafirði.

F. 17. nóvember 1876, d. 21. apríl 1949.

Foreldrar: Jóhannes Þorgrímsson og Ragnheiður Gísladóttir.

Maki: Kristján Kristjánsson. Eignuðust 11 börn.

Bjuggu fyrst á Sveinseyri en síðar á Akureyri.

Heimildir: *Nýtt kvennablað* 1952.

Þórunn Ólafsdóttir 1887–1888.

Ás í Hegranesi.

F. 22. ágúst 1870, d. 2. júní 1894.

Foreldrar: Ólafur Sigurðsson, f. 19. september 1822, d. 11.

júlí 1908, bóndi og alþingismaður í Ási í Hegranesi og

Sigurlaug Gunnarsdóttir, f. 29. mars 1828, d. 20. júlí 1905.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár, Læknatal*.

Þórunn Markúsdóttir 1890–1891.

Stafafell í Lóni.

F. 15. júní 1867, d. 18. mars 1944.

Foreldrar: Markús Gíslason, f. 30. október 1837, d. 15. október 1890, prestur og Metta Einarsdóttir, f. 1838, d. 10. desember 1915.

Maki: Vilhelm (Peter V.) Jensen, f. 1. desember 1874, d. 26. júlí 1961, kaupmaður og útgerðarmaður.

Börn: Markús Einar kaupmaður, Carl Friðrik vélstjóri, Arnþór kaupfélgastjóri, Kristín Jóhanna Guðný og Jens Peter Thorberg.

Bjuggu fyrst á Eskafirði og síðar í Reykjavík.

Heimildir: *Guðfræðingatal, Strandamenn, Ættir Austfirðinga.*

Þórunn Sigurðardóttir 1898–1899.

Helluland í Skagafirði.

F. 9. júní 1879.

Foreldrar: Sigurður Ólafsson bóndi á Hellulandi og Anna Jónsdóttir.

Maki: Halldór Jónsson.

Fór til Vesturheims.

Heimildir: *Skagfirskar æviskrár.*

Þuríður Jakobsdóttir 1884–1886.

Árbakki á Skagaströnd.

F. 1. des 1872 á Spákonufelli á Skagaströnd, d. 2. janúar 1961.

Foreldrar: Jakob Jósefsson, f. 27 janúar 1842, d. 20. febrúar 1907, bóndi á Spákonufelli og Björg Björnsdóttir.

Þuríður var handavinnukennari að mennt og lærði í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Hún var kennari við Kvennaskólann á Ytri-Ey 1894–1897, kenndi hannyrði í Reykjavík 1898–1899 og var handavinnukennari við Kvennaskólann í Reykjavík 1899–1927.

Maki: Jens Sevrin Lange, f. 6. nóvember 1872, d. 10. nóvember 1931, málameistari.

Barn: Thyra Lange Loftsson, f. 7. febrúar 1901, skólatannlæknir í Reykjavík.

Bjuggu í Reykjavík.

Heimildir: *Kennaratal, Hlín 1961, Húnavaka 1965.*

Þuríður Þóra Jóhannesdóttir 1895–1896.

Spákonufell á Skagaströnd.

F. 1. júlí 1873, d. 31. maí 1929.

Foreldrar: Jóhannes ? og Margrét Þorsteinsdóttir.

Bjó á Ísafirði.

Þuríður Sigfúsdóttir 1897–1898.

Skeggjastaðir á Héraði.

F. 14. janúar 1877, d. 3. apríl 1905.

Foreldrar: Sigfús Oddsson og Guðfinna Oddsdóttir.

Maki: Sigurður Indriðason.

Börn: Súsanna og Indriði Jón.

Fór til Vesturheims árið 1904.

